

# Forspár Ceres

Pönkarinn Ceres 4 spáði fyrir um endalok Stoke-ævintýrsins með þeim orðum að betra hefði verið að kaupa sér pylsu og kók en hlutabréf í félaginu. Þessi spádómur hefur ræst að mörgu leyti.

SÍÐA 34 ▶


FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

1. maí 2005 – 116. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000


## SUNNUDAGUR



**FÆKKAÐ UM HELMING Í HERNUM Á 15 ÁRUM** Jafnt og þétt hefur dregið úr umsvifum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli undanfarin ár. Hermönnum hefur fækkað um helming á 15 árum og íslenskum starfsmönnum um tæp 40 af hundraði. **Sjá síðu 2**

**SJÓBROTSMAÐUR KLÁRAR TÚRINN** Kjartan Jakob Hauksson hyggst nú klára siglingu sína umhverfis landið. Tilraun hans fyrir tveimur árum lauk með brotlendingu í Rekavík norður af Bolungarvík en þá hafði hann siglt frá Reykjavík. **Sjá síðu 2**

**UTANGARÐSMENN TIL HÖFUÐS LEIÐINDUNUM** Alls kyns utangarðsframboð lífga upp á annars spennulitla kosningabaráttuna fyrir þingkosningarnar í Bretlandi á fimmtudaginn. **Sjá síðu 4**

**SPRENGT OG SKOTIÐ Á FERÐAMANNASVÆÐUM** Tvennt lést og að minnsta kosti tíu særðust í tveim árásum á vinsælum ferðamannastöðum í Kaíró í Egyptalandi í gær. **Sjá síðu 4**

### VEÐRIÐ Í DAG




**NOKKUÐ SVALT Í VEÐRI VÍÐA** með hitatölum niður undir frostmark. Rigning eða slydda suðaustanlands en annars þurrt fram eftir degi. **Sjá síðu 4**

### DAGURINN Í DAG



**RÆTT UM UMDEILDAN MANN** Málþing um Jónas Jónsson frá Hriflu verður haldið á Bifröst í dag klukkan 13 í tilefni af því að 120 ár eru liðin frá fæðingu hans.



| | | | |
|---|---|---|---|
| Kvikmyndir | 30 | Myndlist | 29 |
| Tónlist | 29 | Íþróttir | 24 |
| Leikhús | 29 | Sjónvarp | 32 |




**77%**

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*

Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ


# Heppinn að vera á lífi

**Reykskynjari sem til stóð að henda bjargaði lífi manns, sem slapp úr eldsvoða með því að klifra út um glugga á annarri hæð. Hann telur sig heppinn að vera á lífi en sér mest eftir fjölskyldumyndunum.**

**BRUNI** „Ég vaknaði við reykskynjarann en þar sem hann hafði kvöldið áður vakið mig að tilefnislausu ætlaði ég bara að slökkva á honum,“ segir Teitur Haraldsson, íbúi húss á Dalvík sem brann í fyrrinótt. „Svo gat ég bara ekki dregið að mér andann og þá varð mér ljóst hvernig var.“

Hann segir það mikla gæfu að spónaplötuhleri var í svefnherbergisglugganum sem hann gat slegið úr í einu höggi. Glugginn er á annarri hæð og tæpir þrír metrar til jarðar. Því ætlaði Teitur að freista þess að hringja í slökkviliðið til að koma sér til bjargar. „En ég var svo skjálfhentur að ég gat ekki hringt og því var ekkert annað að gera en að koma sér út um gluggann.“

Hann náði að príla langleiðina niður svo ekki varð honum meint af fallinu. Hins vegar var hann sendur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri en talið var að hann væri með reykeitrun.

Teitur hafði ekki séð húsið eftir brunann í gær. „Vinir mínir hafa þó sagt mér að það sé talsvert illa farið en ég trúi því ekki að það sé ónýtt. En mesti skaðinn er sá að myndirnar af mér og kærustunni og fjölskyldunni eru allar farnar.“



Hann segist vera heppinn, því ekki hefði þurft að spyrja að leikslokum hefði hann hent reykskynjaranum líkt og til stóð að gera.

Hann hefur mætt einstökum hlýhug samstarfsmanna sinna í Norðurströnd. „Mér hefur meðal annars verið boðið hús til að búa í en til þess þarf ekki að koma þar sem það er skúr fyrir utan húsið sem slapp alveg og hann verður hugsanlega bráðabirgðaheimili.“

Teitur hafði um skeið verið að byggja upp húsið, sem heitir Sólborg og er eitt af elstu húsum bæjarins, en það var byggt árið 1913.

Að sögn lögreglu er ekki vitað um eldsupptök. **- jse**



MYND: NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES

**EIÐUR SMÁRI ENSKUR MEISTARI** Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Chelsea urðu í gær Englandsmeistarar í knattspyrnu eftir 2–0 sigur á Bolton. Þetta er fyrsti meistaratitill félagsins í 50 ár og Eiður Smári er enn fremur fyrsti Íslendingurinn sem vinnur ensku úrvalsdeildina síðan hún var sett á laggirnar 1992. **Sjá síðu 22**

Fjöldagrafir í Írak rannsakaðar:

# Flest líkin eru af konum og börnum

**BAGDAD, AP** Sérfræðingar rannsaka nú fjöldagröf sem fannst í suðurhluta Írak. Þeir telja að þar sé að finna lík 1.500 Kúrda, að mestu kvenna og barna.

Talið er að fólkinu hafi verið raðað upp og skotið seint á níunda áratugnum við átján grunnar grafir sem fundist hafa nærri bænum Samawa. Sannanir sem finnast í þessum fjöldagröfum verða notaðar í málaferli gegn Saddam Hussein og helstu aðstoðarmönnum hans.

Þegar hafa 133 lík verið grafin upp. Öll, utan fimm, eru lík kvenna og barna. Af klæðaburði þeirra má merkja að þau voru Kúrdar.

Íraskir embættismenn segja að grunur leiki á að finna megi fjöldagrafir á 300 stöðum í landinu. Sú fjöldagröf sem nú fannst er önnur gröfin sem er rannsökuð að einhverju leyti. Hún fannst á síðasta ári, en rannsóknir hófust ekki fyrr en snemma á þessu ári. ■

## Ofbeldi ógnar framtíð Kristjaníu

Skotárás og morð á götu úti í Kristjaníu stefnir framtíð þessa 34 ára gamla fríríkis í miðborg Kaupmannahafnar í voða. Lögregla handtekur fólk í stórum stíl fyrir kannabisnotkun.



SÍÐUR 16 & 17 ▶

## Súrrealískt ástand í litlu samfélagi

Gríðarleg bjartsýni ríkir í Fjarðabyggð nú þegar framkvæmdirnar eru þar í fullum gangi en ástandið er auðvitað ekki „eðlilegt“. Stríður straumur er af þungavinnuflutningum um bæinn á hverjum degi. Fasteignaviðskipti hafa aldrei við blómlegri og samkeppni er í matvöruverslun.




SÍÐUR 20 & 21 ▶



**PAPPÍRSBLÓMUM VEIFAÐ**
Mikil hátíðarhöld voru í höfuðborg Víetnam í gær til að minnast stríðsloka árið 1975.

Fagnaðarhöld í Víetnam:

# Minnast loka stríðsins

**BBC** Tugþúsundir tóku þátt í hátíðarhöldum í Ho Chi Minh-borg í Víetnam í tilefni þess að 30 ár eru liðin síðan Víetnamstríðinu lauk. Forsætisráðherra Víetnam sagði að sigurinn 1975 væri „að eilífu ritaður í sögu landsins“. Hann sagði mörg vandamál blasa við sem þyrfti að leysa og því ættu Víetnamar að líta fram á við.

Stjórnvöld sögðu að vonast væri til að afmælishöldin hjálpuðu til við að endurvekja þjóðernisstolt meðal ungmenna landsins. Um tveir þriðju af 84 milljónum Víetnama eru undir þrítugu.

Meðal þess sem gert var til að halda upp á daginn var skrúðganga fyrrum Víetkong-liða og sérstök hátíð fyrir þá sem fæddust á þessum degi fyrir þrjátíu árum.

Talið er að þrjár milljónir Víetnama og 58 þúsund bandarískir hermenn hafi látið lífið í stríðinu. ■

Nepal:

# Neyðarástandi aflýst

**KATMANDU, AP** Konungur Nepal hefur aflýst neyðarástandi í ríkinu, þremur mánuðum eftir að hann tók sér alræðisvald. Lítið var þó gert í gær til að endurvekja lýðræði í landinu, þar sem hermenn skutu og særðu fimm háskólanema.

Öryggisráðstafanir í höfuðborginni jukust og voru mótmæli bönnuð í hluta borgarinnar, þrátt fyrir að stjórnmálasamtök væru að undirbúa 1. maí hátíðarhöld. ■


OPIÐ 13-18 Í DAG





## SPURNING DAGSINS

*Steinunn, hvenær hefst svo tiltektin innanhúss?*

**„Ég er búin að gera hreint fyrir mínum dyrum.“**

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri tók til fyrir utan Ráðhúsið á föstudag en þá hófst hreinsunarátak Reykjavíkurborgar.

Reyna að komast hjá sorpgjaldi:

# Urðað fyrir utan Sorpustöð

**UMHVERFISMÁL** „Við erum að finna allt mögulegt fyrir utan stöðina þegar við komum í vinnuna,“ segir Andrés Garðarsson, starfsmaður Sorpustöðvarinnar í Seljahverfi. Þegar hann kom til vinnu sinnar í fyrradag beið hans þrjúhundruð fermetra teppi sem óprúttnir menn höfðu skilið þar eftir til að komast hjá útgjöldum. Þannig spöruðu þeir sér fimmtánhundruð krónur en starfsmenn Sorpu áttu í miklu basli með að koma teppinu í gám.

Starfsmennirnir eru þó ýmsu vanir því ekki er óvanalegt að þeir finni þvottavélar, ísskápa og eldavélar fyrir utan stöðina. „Maður kemur til vinnu með hnút í maganum og spyr bara hvað bíði manns í dag,“ bætir Andrés við.

Endrum og sinnum kemur það líka fyrir að viðskiptavinir hreyti ónotum í starfsmenn og jafnvel hótunum. Þessu hefur Sorpa brugðist við með því að bjóða starfsmönnum sínum upp á námskeið hjá sálfræðingi. „Þetta er eins konar áfallahjálp,“ segir Andrés, sem segir viðskiptavini Sorpu þó almennt góða. „Þetta er enginn ruslaralýður,“ bætir hann við og hlær. – jse



**ANDRÉS GARÐARSSON**
Starfsmenn Sorpu finna allt mögulegt fyrir utan stöðina þegar þeir koma til vinnu. Í fyrradag beið þeirra þetta þrjúhundruð fermetra teppi.

Óðs manns æði:

# Tekinn á 180

**UMFERÐARMÁL** Lögreglan í Reykjavík stöðvaði í fyrrinótt ökumann á bifhjóli þar sem hann ók á 180 kílómetra hraða eftir Kringlumýrarbraut en þar er leyfilegur hámarkshraði 80 kílómetrar á klukkustund. Hann má búast við ökuleyfissviptingu og háum sektum.

Lögreglan segir að með þessu athæfi hafi maðurinn stefnt sjálfum sér og samborgurum sínum í hættu þar sem hann hefði ekki getað brugðist við neinu óvæntu frá öðrum ökumönnum og því hafi þetta verið óðs manns æði. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**BÍLVELTA** Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á þjóðveginum rétt við Ingólfshvol um fimmleytið síðdegis í gær með þeim afleiðingum að bifreiðin fór út af veginum og valt nokkrar veltur. Ökumaðurinn hlaut höfuðáverka og var sendur á sjúkrahús í Reykjavík til rannsóknar. Bíllinn er ónýtur, að sögn lögreglunnar á Selfossi.

**TEKIN MEÐ FÍKNIEFNI** Þrjú ungmenni voru tekin með lítilræði af kannabisefnum í Hveragerði í fyrrinótt. Voru þau undir áhrifum áfengis og fíkniefna og vakti hegðan þeirra grunsemdir lögreglunnar á Selfossi. Þau gistu fangageymslur lögreglunnar í fyrrinótt en voru svo yfirheyrð í gær og sleppt að því loknu.

## SÝRLAND

**AFTUR VINIR ÍRAKA** Utanríkisráðherra Sýrlendinga, Farouk al-Sharaa, sagði á laugardag að land sitt væri að endurreisa stjórnmálasamband við Írak eftir rúmlega tveggja áratuga kulda. Samskipti á milli landana tveggja versnuðu eftir að Sýrlendingar stilltu sér upp við hlið Írana í Írak-Íran stríðinu 1980. Stjórnmálasambandi var slitið árið 1982.



**VARNARLIÐIÐ**
Verulega hefur fækkað í sveitum Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli undanfarin ár.

# Fækkað um helming í hernum á 15 árum

**Jafnt og þétt hefur dregið úr umsvifum varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli undanfarin ár. Hermönnum hefur fækkað um helming á 15 árum og íslenskum starfsmönnum um tæp 40 af hundraði.**

**VARNARLIÐIÐ** Hermönnum á Keflavíkurflugvelli hefur fækkað um ríflega helming frá 1990. Þá voru tæplega 3.300 hermenn hérlendis en þeir voru um 1.450 í byrjun þessa árs. Íslenskum starfsmönnum varnarliðsins fækkaði um 38 af hundraði á sama tíma, úr 1.086 í 674.

Þrátt fyrir þessa fækkun eru umsvif varnarliðsins enn veruleg hérlendis og fjárhagsleg áhrif af veru þess umtalsverð. Þannig námu heildargreiðslur til íslenskra aðila á vegum varnarliðsins árið 2003 samtals tæpum tólf milljörðum króna á árinu 2003. Að launakostnaði frátöldum skiptast greiðslur fyrir verktöku og kaup á vörum og þjónustu þannig að fyrirtæki og stofnanir á Suðurnesjum fengu ríflega tvo og hálfan milljarð í sinn hlut en fyrirtæki og stofnanir á höfuðborgarsvæðinu og í öðrum landshlutum samtals tæpa fimm milljarða króna. Sjötíu af hundraði þeirra sem starfa fyrir varnarliðið eru búsettir á Suðurnesjum.

**HEILDARGREIÐSLUR TIL ÍSLENSKRA AÐILA VEGNA VARNARLIÐSINS ÁRIÐ 2003**
**(í milljörðum króna)**

| | |
|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | **4.293.591.297** |
| Verklegar framkvæmdir | **2.730.713.641** |
| Vörukaup, hiti og rafmagn | **1.169.597.679** |
| Þjónustusamningar þar með taldir við Ratsjárstofnun, lögreglu og tollgæslu | **3.018.933.893** |
| Ferðakostnaður og tómstundaiðja | **85.359.026** |
| Póstur, pökkun og vöruflutningar | **581.852.216** |
| Einkaneysla | **1.322.082** |
| **Samtals kr.** | **11.881.369.834** |

Nettótekjur íslenska hagkerfisins á síðasta ári af viðskiptum og þjónustu við varnarliðið, áðurgreindir tólf milljarðar, samsvara einu og hálfu prósenti af vergri landsframleiðslu en til samanburðar námu fjárhagsleg umsvif varnarliðsins 2,6 prósentum af vergri landsframleiðslu árið 1990.

Til hliðsjónar kostaði rekstur varnarliðsins á síðasta ári um 18 milljarða króna; um 250 milljónir dollara.

Tölur um fjölda hermanna segja ekki alla söguna um fjölda þeirra sem hér dvelja í tengslum við varnarliðið. Þær tölur eru mun hærri þegar fjölskyldur hermanna eru reiknaðar með. Heildarfjöldi þeirra sem hér dvöldu á vegum hersins árið 1990 var þannig um fimm þúsund manns en var liðlega 3.330 í upphafi þessa árs. - ssal

Þýskt fyrirtæki:

# Íranar fá upplýsingar

**FRANKFURT, AP** Þýsku tímaritin Der Spiegel og Focus sögðu í gær að þýskt fyrirtæki lægi nú undir grun um að selja hergögn til Íran. Der Spiegel segir að fyrirtækið sé grunað um að hafa allt frá 2002 selt Írönum tækni til að byggja eldflaugar. Focus segir að fyrirtækið heiti Tira, og að sendingar þess til Íran hafi verið stöðvaðar af vinveittum njósnurum í Dubai síðla árs 2004.

Bæði tímaritin segja að tæknin sem seld var hafi verið notuð til að byggja upp meðaldrægar eldflaugar sem geti borið kjarnavopn. Ísrael og ýmsar herstöðvar Bandaríkjanna eru innan þess svæðis sem eldflaugarnar ná til. ■

Formaður Vinstri grænna:

# Átti hlut í átta fyrirtækjum

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Vinstri grænna hafa birt lista yfir eignir sínar. Þrír þeirra eiga hlutabréf; Steingrímur J. Sigfússon formaður, Jón Bjarnason, Norðurlandi vestra, og Ögmundur Jónasson, Reykjavík.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON.**

Steingrímur átti hlutabréf í átta fyrirtækjum um áramót, mest í Hraðfrystistöð Þórshafnar en líka í Efnalaug Suðurlands, Fjallalambi, Seljalaxi, Íslandsbanka, Landssímanum, Marel og Sparisjóði Þórshafnar og nágrennis.

Jón átti hlut í Hólalaxi og Stofnsjóði Kaupfélags Skagfirðinga og Ögmundur átti hlut í Landsbankanum. - ghs


apollo
Iceland Express
Spánnýir sólarsmellir í júní og Kaupmannahöfn í kaupbæti
Krít, Kos, Ródos, Samos og Zakynthos í Grikklandi
frá 59.990 kr.
Djerba í Túnis
64.990 kr.
Kanaríeyjar
68.990 kr.
Sharm el Sheikh í Egyptalndi
64.990 kr.
Cesme í Tyrklandi
64.990 kr.
Nánari upplýsingar á
www.apollo.is
Öll verðdæmi í tvíbýli með öllu!
Mundu MasterCard ferðaávísunina!
LANGferðir
Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbréf: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasiða: www.apollo.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00


Rær í kringum landið í þágu hreyfihamlaðra:

# Sjóbrotsmaður klárar túrinn

**STYKTARSÖFNUN** „Ég er hvergi banginn þótt illa hafi farið síðast,“ segir Kjartan Jakob Hauksson, sem hyggst nú klára siglingu sína umhverfis landið. Fyrir tveimur árum gerði hann síðustu tilraun, sem lauk með brotlendingu í Rekavík norður af Bolungarvík en þá hafði hann siglt frá Reykjavík. Á sjómannadaginn, 5. júní, ætlar hann að taka upp þráðinn aftur og leggja af stað frá Bolungarvík, sigla þrjú þúsund kílómetra leið til Reykjavíkur og loka þar með hringnum. Hann áætlar að ferðin taki sex til átta vikur.

„Nú verð ég á mun hraðskreiðari bát sem getur brotið öldurnar svo ég fái ekki brimið á mig og brjóti bátinn líkt og gerðist síðast,“ segir kappinn. Einnig er líklegt að veðrið muni verða hagstæðara að þessu sinni en síðast þegar hófst ferðin í lok ágúst og var haustlægðin komin á kreik.

Á meðan á ferðinni stendur mun Sjálfsbjörg safna fjármagni í svokallaðan Hjálparliðasjóð en félagið vill vekja athygli á möguleikum hreyfihamlaðra við þetta tækifæri. -jse



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

**KJARTAN J. HAUKSSON**
Kjartan er hvergi banginn og ætlar að klára hringferðina sem hófst fyrir tveimur árum en fyrri hálfleik lauk með brotlendingu norður af Bolungarvík. Hann fékk í gær nýjan bát til fararinnar.

## 1. maí 2005




# Það tapa allir á félagslegum undirboðum

Á alþjóðlegum baráttudegi launafólks 2005 ber íslensk verkalýðshreyfing fram kröfuna: ***Einn réttur – ekkert svindl!*** Krafan vísar til þess að verkalýðshreyfingin líði ekki félagsleg undirboð og svarta atvinnustarfsemi á íslenskum vinnumarkaði.

**Útlendingar tapa**, af því að þeir eru hlunnfarnir um laun, starfskjör og aðbúnað.

**Íslendingar tapa**, af því að félagsleg undirboð grafa undan þeim árangri sem náðst hefur á vinnumarkaði.

**Fyrirtækin tapa**, af því að félagsleg undirboð grafa undan samkeppnisstöðu þeirra sem fara að leikreglum.

**Samfélagið tapar**, af því að félagsleg undirboð grafa undan velferðarkerfinu – því samfélagi sem við höfum byggt upp saman.

**Það tapa allir á félagslegum undirboðum**

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 29.04.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,12 | 63,42 |
| Sterlingspund | GBP | 120,7 | 121,28 |
| Evra | EUR | 81,75 | 82,21 |
| Dönsk króna | DKK | 10,978 | 11,042 |
| Norsk króna | NOK | 10,033 | 10,093 |
| Sænsk króna | SEK | 8,913 | 8,965 |
| Japanskt jen | JPY | 0,6001 | 0,6037 |
| SDR | XDR | 95,68 | 96,26 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**112,91**

Heimild: Seðlabanki Íslands

Árásir í Kaíró:

# Sprengt og skotið á ferðamannasvæðum

**KAÍRÓ, AP** Tvennt lést og að minnsta kosti tíu særðust í gær í tveim árásum á vinsælum ferðamannastöðum í Kaíró í Egyptalandi. Talið er að hin látnu hafi bæði verið árásarfólk. Samkvæmt heimildum AP-fréttastofunnar er talið að árásirnar séu tengdar.

Í fyrra tilvikinu stökk maður fram af brú í miðborg Kaíró með sprengju innanklæða með þeim afleiðingum að sprengjumaðurinn lést og þrír Egyptar og fjórir ferðamenn særðust; ísraelsk hjón, sænskur maður og ítölsk kona. Sár þeirra eru ekki talin alvarleg.

Að sögn innanríkisráðuneytisins í Egyptalandi var lögreglan að elta manninn þegar hann stökk og sprengdi sprengjunna. Hann var grunaður um aðild að sprengjuárás á markaði þann 7. apríl þar sem tveir Frakkar og Bandaríkjamaður létust.

Um tveimur klukkustundum síðar hófu tvær konur skothríð í ferðamannarútu í gamla hluta borgarinnar. Önnur þeirra lést og talið er að hin hafi særst þegar lögreglusveitir skutu á móti. Tveir Egyptar til viðbótar særðust í árásinni, en allir ferðamennirnir í rútunni eru taldir heilir á húfi. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SPRENGJUMAÐUR LÁTINN**
Þau sem létust í árásum í Kaíró í gær voru bæði árásarfólk.

Eiturlyf á Akureyri:

## Með hassið í hárinu

**DÓMSMÁL** Maður og kona hlutu á föstudag dóm í Héraðsdómi Norðurlands eystra fyrir að hafa í fyrra í tvígang reynt að smygla lítilræði af hassi inn í fangelsið á Akureyri.

Fyrst reyndi konan að smygla efninu í hárinu og svo í bréfum sem hún kom með í fangelsið. Þá hlaut maðurinn dóm fyrir að hafa ölvaður og próflaus endað ökuferð utan vegar. Konan var sektuð um 30 þúsund krónur en maðurinn dæmdur til fjögurra mánaða fangelsisvistar.

Þá var maður dæmdur í fjögurra mánaða fangelsi fyrir tæp tvö grömm af amfetamíni og 16 e-töflur sem hann var með á sér inni á skemmtistaðnum Sjallanum á Akureyri. **- óká**

Veltur á vegum:

## Vagn og velta

**SLYS** Bílvelta varð á sveitaveginum í Breiðdal um tíuleytið í gærmorgun. Að sögn lögreglunar á Fáskrúðsfirði er vegur þarna mjór og erfiður og þegar mikil vindkviða skall á bílnum valt hann á hliðina. Ökumann og farþega sakaði ekki og er bíllinn lítið skemmdur.

Um níuleytið í fyrrakvöld valt svo tengivagn flutningabíls við þjóðveginn í grennd við Kirkjubæjarklaustur. Lögreglan á Vík fékk aðstoð frá Björgunarsveit Kirkjubæjarklausturs við að koma vagninum aftur á hjól og var því lokið rétt fyrir miðnætti. **- jse**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÓLÆTI Í SUMARBÚSTAÐ** Sumarbústaðapartí sem tíu ungmenni efndu til í grennd við Kirkjubæjarklaustur í fyrrinótt fór á verri veg þegar slagsmál og óspektir upphófust. Lögreglan á Vík var kölluð á svæðið um klukkan þrjú til að skakka leikinn og fékk einn partígestanna að sofa úr sér í fangageymslu. Að sögn lögreglunnar virðist of mikil áfengisneysla hafa valdið.

# Utangarðsmenn til höfuðs leiðindunum

**Alls kyns utangarðsframboð lífga upp á annars spennulitla kosningabaráttuna fyrir þingkosningarnar í Bretlandi á fimmtudaginn.**

**BRETLAND, AP** Þingkosningar fara fram í Bretlandi á fimmtudaginn. Mörgum hefur þó þótt skorta á spennu í kosningabaráttuna enda benda allar skoðanakannanir til að Verkamannaflokkur Blairs forsætisráðherra fái endurnýjað umboð til að halda um stjórnartaumana þriðja kjörtímabilið í röð. Þeim til upplyftingar sem þykir svo spennulaus kosningabarátta leiðinleg vill til að upp á hana lífga menn eins og „gólandi lávarðurinn“ Alan Hope, Biro lávarður og Kapteinn Beany.

Allt í allt eru um 3.500 manns í framboði fyrir meira en 100 flokka í 646 kjördæmum Stóra-Bretlands. Þessir frambjóðendur spanna allt litróf stjórnmálanna, frá harðlínukommúnistum til hægriöfgamanna. Sumir vonast til að athyglin sem þeir fá sem frambjóðendur nýtist til að vekja athygli á einstökum málum, svo sem Íraksstríðinu eða lögleiðingu hassneyslu.



**„BRJÁLÆÐINGARNIR“**
Alan „gólandi lávarður“ Hope ásamt fleiri virkum flokksmönnum The Official Monster Raving Loony Party.

Aðrir eru einfaldlega sérvitringar: Flokkur herskáu Elvis-kirkjunnar og Nýi þúsaldarbaunaflokkurinn eru dæmi um slík framboð.





**SKJÓTUM UPP FÁNA**
Fáni Opinbera skrímslis-hringlandi-brjálæðinga-flokksins, „guðföður“ breskra sprellframboða.

„Ég veit að ég mun ekki sigra,“ segir Alan „gólandi lávarður“ Hope, glaðsinna leiðtogi Opinbera skrímslis-hringlandi-brjálæðinga-flokksins (The Official Monster Raving Loony Party). „Það eina sem ég vil er að fá kannski fimm til sex þúsund atkvæði, bara til að koma hinum flokkunum til að hugsa: hvað erum við að gera rangt?“

Flokkur Hopes hefur verið kallaður „guðfaðir“ slíkra sprellframboða í Bretlandi enda stofnaður fyrir 41 ári. Kosningamottó hans hefur frá upphafi verið „Kjósið brjálað; þið vitið að það er vit í því“. Sporgönguflokkarnir eru nú orðnir margir. Þar á meðal er Nýi þúsaldar-baunaflokkurinn, en fyrir honum fer Kapteinn Beany, sjálfskipuð ofurhetja sem baðar sig í bökuðum baunum, og Flokkur herskáu Elvis-kirkjunnar, sem Biro lávarður, einlægur aðdáandi rokkkóngsins, fer fyrir. Flokkur Biros berst meðal annars fyrir því að bannað verði að auglýsa ruslfæði í skólum og á sjúkrahúsum, vegna þess að „Elvis var fíkinn í ruslfæði og við vitum öll hvað það gerði honum“. **- aa**



**ENDUR Í KEA-HRETINU Á ÓLAFSFIRÐI**
Það er trú margra Norðlendinga að það snjói alltaf þegar KEA heldur vorfund. Þessar endur voru skelkaðar í hretinu og virðast því ekki hafa vitað af fundinum.

Snjór fyrir norðan og austan:

## Árlegt KEA-hret

**VEÐURFAR** „Þetta er bara hið árlega KEA-hret,“ sagði lögreglan á Ólafsfirði um snjóinn sem kyngdi niður í gær. Til frekari útskýringa standa margir Norðlendingar í þeirri trú að það snjói alltaf þegar KEA heldur vorfund sinn. „Ég held þeir hafi verið að funda í gær og það fór bara allt á kaf,“ sagði einn viðmælandi Fréttablaðsins fyrir norðan.

Á Austfjörðum lentu nokkrir bílstjórar í vandræðum í snjónum þar sem flestir voru komnir á sumardekk eins og lög gera ráð fyrir. **– jse**

Bæjarstjórinn í Fjarðabyggð:

## Húsin tengd hitaveitu í júní

**HITAVEITA** Verið er að leggja hitaveitu á Eskifirði og verða fyrstu húsin tengd í júní. „Farið var í skipulega leit í Fjarðabyggð eftir sameiningu sveitarfélagsins og er hitaveitan á Eskifirði niðurstaðan af því,“ segir Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri í Fjarðabyggð.

Leitað er að heitu vatni á Reyðarfirði og í Norðfirði en áður voru firðirnir alltaf taldir köld svæði. Leitin er lengra komin á Reyðarfirði; þar hafa fundist „góðar vísbendingar“ en ekki er búið að staðsetja tilraunaholur. **- ghs**







## Veðrið

**Veðrið 1. maí**
Vindur verður yfirleitt hægur í dag, en það gæti blásið eitthvað um norðvestan- og norðaustanvert landið. Í fyrstu verður slydda eða rigning suðaustanlands en það bætir í úrkomuna þegar líður á kvöldið og það fer að rigna vestanlands. Yfirleitt verður skýjað með köflum og bjart norðan- og austanlands. Það er svalt í dag með hitatölum niður undir frostmark en hitinn er senn á uppleið aftur. Það má með sanni segja að á baráttu degi verkalýðsins sé bæði maísól og vorhret!



Kveðja, Guðríður Arnardóttir náttúrufræðingur.

### Í dag





### Á morgun





Suðvestlæg átt, fremur hæg, síst þó norðanlands.

### Þriðjudagur





Fremur hæg vestlæg átt og lítilsháttar væta vestanlands en annars bjart.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 11°C | léttskýjað | Edinborg | 12°C | sk.m.köflum | Osló | 12°C | sk.m.köflum |
| London | 21°C | léttskýjað | Stokkhólmur | 7°C | sk.m.köflum | Prag | 22°C | þrumur |
| París | 25°C | sk.m.köflum | Barcelona | 21°C | heiðskýrt | Milano | 24°C | sk.m.köflum |
| Budapest | 20°C | sk.m.köflum | Helsinki | 10°C | léttskýjað | Las Palmas | 22°C | léttskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# Opið í Kringlunni í dag



## Ævintýraklúbbur

Kringlunnar & SVALA veitir þér:

- Veglega gjöf þegar þú kaupir 10 skipta kort
- 30% afslátt í Ævintýraland
- Flotta gjöf frá Svala í fimmtu heimsókn
- Í tíundu heimsókn má bjóða með sér vini
- 10% afslátt af afmælum

## Ævintýraland

**er fyrir öll börn á aldrinum 3-9 ára**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 14.00 til 18.30 | 14.00 til 19.00 | 14.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28215 04/2005



## KJÖRKASSINN

*Geturðu hugsað þér að flytja austur í Fjarðabyggð?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Þurfum við mótmælastöðu gegn ofbeldi á fleiri stöðum en á Akureyri?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Ítalía-Bandaríkin:

# Engin sátt um Íraksrannsókn

**ÍTALÍA, AP** Ítölsk og bandarísk yfirvöld hafa ekki náð fullum sáttum um útskýringar á því hvernig til þess kom að bandarískir hermenn skutu ítalskan leyniþjónustumann til bana í Írak í byrjun mars, en hann var þá að fylgja út á flugvöll ítalskri blaðakonu sem frelsuð hafði verið úr gíslingu. Fulltrúar beggja ríkisstjórna luku fundarhöldum í Róm í gær án þess að komast að neinni sameiginlegri niðurstöðu um málið.

Fulltrúarnir sendu þó frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem því var slegið föstu að rannsókn málsins væri lokið. „Rannsakendurnir voru ófærir um að komast að sameiginlegri niðurstöðu, en eftir að hafa hvorir tveggja skoðað málsgögnin sættust þeir á vissar staðreyndir og ályktanir,“ segir í yfirlýsingunni.

Ítölsk yfirvöld hafa sett í gang eigin sakarannsókn á atvikinu, en það hefur aukið mjög þrýstinginn á ríkisstjórn Silvios Berlusconis að kalla heim þá 3.000 ítölsku hermenn sem þjóna í Írak. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SGRENA ÓSÁTT**
Ítalska blaðakonan Giuliana Sgrena, sem leyniþjónustumaðurinn Nicola Calipari leysti úr gíslingu í Írak, eftir blaðamannfund í Róm. Hún er ósátt við rannsókn Bandaríkjahers á því hvernig á því stóð að skotið var á bíl þeirra.

## HÉRAÐSDÓMSMÁL

**ÁTTU EKKI FUND SINN** Héraðsdómur Norðurlands eystra felldi á föstudag tvo dóma yfir mönnum sem slegið höfðu eign sinni á eigur annarra. Annar fann golfsett og tók til handargagns og hinn nýlegan farsíma. Báðir hlutu mánaðarfangelsi, skilorðsbundið í tvö ár.

**SEKT FYRIR HASSNEYSLU** Tveir menn fengu sekt fyrir að hafa í tvígang verið gripnir með hass til eigin neyslu á Akureyri. Í bæði skiptin voru þeir með efnið í bíl, fyrst 1,5 grömm og svo 2,4 grömm tóbaksblönduð. Annar var sektaður um 50 þúsund krónur og hinn um 30 þúsund krónur.

**MISSTI PRÓFIÐ OG FÉKK SEKT** Maður var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir glæfraakstur undir áhrifum áfengis á Akureyri í september í fyrra og fyrir vörslu á 5 e-töflum og rúmu hálfu grammi af tóbaksblönduðu hassi. Þá var hann sviptur ökuréttindum í þrjú ár og þarf að greiða 150 þúsund króna sekt.

## DANMÖRK

**BANASLYSUM FÆKKAR Í DANMÖRKU** Mun færri fórust í umferðinni í Danmörku í fyrra en árið á undan. Banaslys voru 369 í fyrra en voru 432 árið 2003. Þetta er fækkun um 15 prósent. Tölur þessar vekja ekki hvað síst athygli fyrir þær sakir að hámarkshraði á hraðbrautum í Danmörku var í fyrra hækkaður í 130 kílómetra á klukkustund.

# Mælir með áfrýjun á tóbaksdómi

**Lögmaður tóbaksframleiðandans JT International og Sölva Óskarssonar í tóbaksversluninni Björk mælir með áfrýjun á nýföllnum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur um útstillingu tóbaksvara og umfjöllun um tóbak.**

**HÉRAÐSDÓMUR** Hróbjartur Jónatansson hæstaréttarlögmaður ætlar að mæla með því við umbjóðendur sína, JT International og Sölva Óskarsson sem rekur tóbaksverslunina Björk, að áfrýjað verði til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá því á miðvikudag. Hann býst við ákvörðun um það innan nokkurra vikna.

Héraðsdómur hafnaði því að stilla mætti út tóbaksvörum í versluninni Björk, eða birta viðskiptalegar upplýsingar um vörur JT International í fjölmiðlum, en þær eru meðal annars sígarettutegundirnar Camel, Salem, Winston, Mild Seven og Gold Coast. „Dómurinn er hins vegar sigur fyrir stefnendur að því leyti að hann tekur til greina kröfuna um að framleiðendur megi senda smásala svokallaðar staðreyndaupplýsingar um tóbaksvöruna,“ segir Hróbjartur, en þær gætu átt við um breytingar í samræmi við Evrópulilskipanir, pakkningar, vörumerki og annað slíkt.

„Dómurinn byggir annars á því að sýnileiki tóbaks á sölustað leiði til aukinnar verslunar og þar af leiðandi aukinnar neyslu, jafnvel þótt engin gögn hafi verið lögð fram um að sýnileiki tóbaksvara, með mjög áberandi viðvörunarmerkingum, hafi minni forvarnir í för með sér en það að fela tóbakið,“ segir Hróbjartur. „Þá má ef til vill líka segja að í ljósi aukins vægis varúðarmerkinga á tóbakspökkum, eins og Evrópureglur kveða á um, sé ósamræmi í því að fela vöruna þannig að varúðarmerkið sjáist ekki fyrr en búið er að kaupa vöruna.“ Hann segir dóminn ekki fjalla um hvort meðalhófs hafi verið gætt og hvort ástæða hafi verið til að gera greinarmun á tóbakssölu í matvöruverslunum eða sértækri tóbaksverslun eins og Björk. „Þá hafnar dómurinn því að JT megi birta viðskiptaupplýsingar um tóbaksvörur í fjölmiðlum og telur ákvæði sem banna umfjöllun, nema til að fjalla um skaðsemi reykninga, ekki teljast vera ritskoðun. Ég er algjörlega ósammála dómnum hvað þetta varðar,“ segir hann og telur önnur lönd ekki hafa gengið jafn langt, auk þess sem ekki hafi verið tekið til þess í dómnum hvort reglur Evrópska efnahagssvæðisins hafi verið brotnar.

olikr@frettabladid.is



**SÖLVI ÓSKARSSON**
Sölvi við tjaldið sem hann notar til að draga fyrir tóbaksvarninginn í Björk til að forðast að vera brotlegur við tóbaksvarnarlög.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**HRÓBJARTUR JÓNATANSSON**
Hróbjartur, sem rak mál JT International og Sölva Óskarssonar á hendur ríkinu, býst við að fyrir liggi á næstu vikum ákvörðun um áfrýjun dóms héraðsdóms frá því í vikunni. Hann mælir með áfrýjun.






Færeyingar íhuga ný jarðgöng:

## Yrðu lengstu göng í heimi

**FÆREYJAR** Færeyingar íhuga að grafa lengstu neðansjávargöng í heimi fyrir bílaumferð. Um er að ræða göng milli Straumeyjar og Sandeyjar en þau yrðu tólf kílómetra löng. Kostnaður er áætlaður um 60 milljarðar íslenskra króna.

Þetta sýnir að Færeyingar eru ekki af baki dottnir í jarðgangagerð þótt kostnaðarsamar framkvæmdir á því sviði hafi næstum riðið fjárhag eyjanna að fullu fyrir rúmum áratug. Ef þessi göng verða að veruleika er gert ráð fyrir að innheimtur verði vegtollur af vegfarendum en hann dugir þó skammt upp í kostnað því umferð er ekki mikil á þessum slóðum.

Lengstu neðansjávargöng fyrir umferð í dag eru í Japan og eru 9,6 kílómetra löng en lengstu göng á Norðurlöndunum eru í Noregi og eru átta kílómetra löng.

Jarðgöng til Vestmannaeyja myndu slá öll met á þessu sviði en reiknað er með að þau verði 18 til 20 kílómetra löng og kostnaðurinn 16 til 30 milljarðar eftir því hver reiknar. - ssal




**FÆREYJAR**
Ný tólf kílómetra neðansjávargöng myndu tengja saman Straumey og Sandey.

Frakkland og ESB:

## Dregur saman með fylkingum

**FRAKKLAND, AP** Réttum mánuði áður en Frakkar ganga til atkvæða um staðfestingu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins sýndu niðurstöður nýjustu skoðanakönnunarinnar í gær að enn hallaðist meirihluti kjósenda að því að hafna sáttmálanum. Þó hefur dregið saman með fylkingum fylgjenda og andstæðinga sáttmálans.

Af þeim sem svöruðu sögðu 52 af hundraði að þeir ætluðu að greiða atkvæði á móti, 48 prósent með. Tíu prósent svöruðu ekki eða voru óákveðin. 70 prósent svarenda sögðust hafa gert upp hug sinn, 30 prósent sögðust hugsanlega myndu skipta um skoðun áður en í kjörklefann kæmi 29. maí. Könnunin var gerð af Ifop fyrir vikublaðið Journal du Dimanche. ■




LONDON

GLASGOW • OSLÓ

KAUPMANNAHÖFN

STOKKHÓLMUR • HELSINKI

FRANKFURT • BERLÍN

MÜNCHEN • AMSTERDAM

PARÍS • BARCELONA

MADRÍD • MILANÓ

# 60% afsláttur

## fyrir börn af Netsmellum til Evrópu*

### Netsmellur - Verðdæmi

Fyrir barn með afslætti

**Verð frá 11.035 kr.****

* Gildir fyrir börn 11 ára og yngri í fylgd fullorðinna.
Sölutímabil: 29. apríl - 13. maí.
Ferðatímabil: 1. júní - 31. ágúst.
Afsláttur reiknast af Netsmelli án flugvallarskatta, við bætast barnaflugvallarskattar.

Fyrir fullorðinn

**Verð frá 19.900 kr.****

**Netsmellur til Glasgow.

## Í tilefni af 60 ára afmæli millilandaflugs

Icelandair fagnar á þessu ári 60 ára afmæli millilandaflugs á vegum félagsins og þar með sextíu ára afmæli farþegaflugs milli Íslands og annarra landa.

11. júlí 1945 var flogið í fyrsta skipti með farþega til útlanda á íslenskri flugvél. Farkosturinn var Catalinaflugbátur í eigu Flugfélags Íslands og flogið var frá Reykjavík til Largs Bay í Skotlandi.

Icelandair tekur við MasterCard ferðaávísun í allt flug, þ.m.t. netflug.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 28174 04/2005

ICELANDAIR
www.icelandair.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN M. EGILSSON

Baráttudagur verkalýðsins er í dag. Þrátt fyrir að mikið hafi unnist í baráttu verkafólks verða alltaf til ný og ný og viðfangsefni. Þess vegna er ljóst að baráttan er endalaus.

## Boðflennur og barátta

Verkalýðsforkólfar eru að bugast. Anarkistar, herstöðvandstæðingar, femínistar og eflaust fleiri hafa breytt svo mikið ásýnd baráttudags verkalýðsins, 1. maí, að vilji er til að kröfugerðir verði lagðar niður og félagar verkalýðsfélaga hittist frekar þennan dag, borði saman ís ef veður leyfir, fari í leiki og hafi eins gaman af og kostur er. Allt vegna þess að boðflennur eru að hrekja eigendur uppistandsins úr eigin veislu.

**Það er ekki síst vegna svona manna sem 1. maí og hefðir dagsins mega ekki úreldast. Baráttu í félagsmálum er ekki síður þörf en í svo mörgu öðru. Vargarnir í rekstri vondra fyrirtækja eru sem hryðjuverkamenn. Fara ekki að lögum eða reglum og virðast vera algjörlega tilfinningalausir. Þeir finna ekki til með fólki.**

Fari svo að baráttudagur verkalýðsins breytist og verði eitthvað allt annað, skemmti- og gleðidagur kannski, er það samt svo að margt er óunnið í réttindum verkafólks. Með breyttri heimsmynd nær baráttan til fleiri þátta en áður. Sem betur eru ekki mörg dæmi um slæma meðferð á íslenskum starfsmönnum. Þess frekar hafa óþokkar í atvinnurekstri nýtt sér bág kjör verkamanna í öðrum löndum, verkamanna sem hafa enga úrkosti aðra en taka hvaða vinnu sem býðst og á hvaða kjörum sem er. Föntunum er sama hvort farið er að lögum eða ekki, þeir keyra áfram meðan þeir eru ekki stöðvaðir.

Nýverið mætti framkvæmdastjóri slíks fyrirtækis í samtal á Talstöðinni. Þar heyrði hann aðaltrúnaðarmann við Kárahnjúkavirkjun lýsa ömurlegri vist tveggja Letta sem fyrirtæki framkvæmdastjórans hafði haft í sinni þjónustu, án allra leyfa, án alls siðferðis, án réttra launa og svipta mannlegri reisn. Trúnaðarmaðurinn tók sem dæmi að Lettarnir tveir ættu ekki einu sinni fyrir sígarettum. „Ef trúnaðarmaðurinn hefur svona miklar áhyggjur af því hvort þeir eigi að reykja, hvers vegna gefur hann þeim þá ekki bara sígarettur.“ Á þann veg mæltist framkvæmdastjóra GT-verktaka þegar hann hafði hlustað á lýsingar á vondri vist fyrrverandi starfsmanna sinna.

Það er ekki síst vegna manna eins og þeirra sem reka fyrirtæki líkt og GT-verktaka sem barátta verkalýðsins tekur aldrei endi, því miður.

Það er ekki síst vegna svona manna sem 1. maí og hefðir dagsins mega ekki úreldast. Baráttu í félagsmálum er ekki síður þörf en í svo mörgu öðru. Vargarnir í rekstri vondra fyrirtækja eru sem hryðjuverkamenn. Fara ekki að lögum eða reglum og virðast vera algjörlega tilfinningalausir. Þeir finna ekki til með fólki. Þeir segja svikin sér óviðkomandi og benda á fáránlegar starfsmannaleigur í fjarlægum löndum og segja þær bera ábyrgðina. Segjast ekki einu sinni vita hvaða laun þeirra starfsmenn hafa, bera því að þeir sjálfir borgi fullnóg og þvo hendur sínar af mannfyrirlitningunni.

Það eru næg verkefni fyrir þá sem vilja berjast fyrir og vernda mannréttindi. Sama hvort það eru verkalýðsfélög eða annar félagsskapur. Meðal okkar verður alltaf fólk sem er ekki heiðarlegt. Það verður að verjast þannig fólki.

Andi 1. maí hefur skipt máli og mun áfram skipta máli. Viðkomandi er óskað til hamingju með daginn. ■

BARÁTTUDAGUR VERKALÝÐSINS
1. maí
Opið hús á Hótel Borg
Jóhanna Sigurðardóttir
Hilmar Harðarson, formaður Félags iðn- og tæknigreina
Heiða Björg Pálmadóttir (UJ)
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Össur Skarphéðinsson
Jóna Einars þenur nikkuna
Kórpíurnar syngja vorlög
Gestgjafar:
Guðrún Erla Geirsdóttir og Mörður Árnason
Dagskrá hefst strax að lokinni göngu og útifundi verkalýðsfélaganna – Allir velkomnir
Samfylkingin
Samfylkingarfélagið í Reykjavík
Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### BSRB gengið í VG?

Björn Ingi Hrafnsson, varaþingmaður og aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar, er að snúa aftur til starfa eftir fæðingarorlof. Á heimasíðu sinni, bjorningi.is, er hann nú að undrast þann mikla samhljóm sem er á milli skoðana BSRB og Vinstri grænna.



Ögmundur Jónasson hafi til dæmis sem þingflokksformaður VG barist gegn niðurskurði á fjármagni til Mannréttindaskrifstofu Íslands. BSRB hafi svo ályktað um málið þar sem fullum stuðningi við kröfur Mannréttindaskrifstofunnar var lýst yfir. „Enda augljós tenging fyrir verkalýðsfélög og í raun undarlegt að ekki skuli hafa fleiri ályktað um þessi mál,“ segir Björn Ingi.

### BSRB segir aðgang að drykkjarvatni mannréttindi

Samhljómur um málefni Mannréttindaskrifstofunnar er ekki hið eina sem Björn Ingi bendir á, heldur hafi Ögmundur einnig verið óþreytandi að gagnrýna áform um breytingar á rekstrarformi vatnsveitna í landinu. Í síðustu viku hafi BSRB svo mjög óvænt tekið upp á því að ræða um málefni vatnsveitna á fundi sínum, „enda augljós tenging fyrir verkalýðsfélög og í raun undarlegt að ekki skuli fleiri hafa ályktað um þessi mál.“

### Tveir hattar Ögmundar

Í lok pistils síns segir Björn Ingi: „Það er naumast hvaða tengingar Vinstri grænir hafa inn í BSRB, sérstaklega stjórnina! Það getur ekki verið að Ögmundur, þingflokksformaður VG, sé að blanda sínum málum inn í störf sín sem formaður BSRB. Það getur bara ekki verið. Á meðan launþegar hafa svona forystu, sem heldur sig við aðalatriðin og er ekki sí og æ að blanda sér í pólitísk deilumál, eru þeir í góðum málum...“ Nú er tenging milli félaga og stjórnmálamanna ekkert nýtt af nálinni og ekki hægt að búast við að Ögmundur skipti um skoðanir eftir því hvort hann er þingmaður eða formaður þá stundina. Þá er bara hægt að velta fyrir sér hvort BSRB er með skoðanir á „röngum málum“.

svanborg@frettabladid.is

## Ofnotaðir Íslendingar

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Ég er hættur að þekkja fræga fólkið á Íslandi. Altso; stóran part af því. Samt er það frægt, að mér skilst. En þó ekki frægara en svo að þegar ég fletti blöðum og tímaritum og rek augun í glaðværa leikara og plötusnúða og rokkara og tískulöggur sem eiga að heita ofboðslega frægir, þá ... ja, kem ég þeim ekki fyrir mig. Mörgum hverjum.

Það er að verða til frægt fólk á Íslandi fyrir það eitt að vera frægt. Þetta er svo að segja sjálfbær þróun; ólíklegasta fólki er skotið upp á stjörnuhimininn – eða skýtur sér þangað sjálft – og er haldið uppi af fjölmiðlum eins lengi og keilur galdramannsins haldast á lofti. Frægðin sumsé viðheldur sjálfri sér. Og sögurnar grassera eins og gorkúlur í feitri mýri. Þetta er náttúrlega svolítið sérstakt. Og þegar spurt er hvaðan frægð þessa fólks er sprottin standa flestir á gati, en vita hitt betur að það er mikið í umræðunni, jafnvel að endemum, ef ekki alræmt.

**Eftir á að hyggja er að verða til allnokkur hópur fólks sem telja verður til ofnotaðra Íslendinga. Hann skýtur upp höfðinu hvert sem farið er; endurtekur sig í hverjum þættinum af öðrum, opnar sig í einu tímaritinu af öðru – og nær saman og sundur í einkalífi sínu fyrir opnum tjöldum.**



FRÉTTABLAÐIÐ/TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON

Ég er sumsé hættur að þekkja fræga fólkið á Íslandi. Margt hvert.

Sem er fötlun. Umræðufötlun. Hún lýsir sér í því að þegar talið berst að sögum af fólki sem hefur til dæmis lent í svakalegum skilnuðum eða skundað út úr skápnum, þá þekkir maður ekki forsöguna. Og skilnaður og skápur eru náttúrlega fyrst og fremst spurning um forsögu. Ágenga og opinskáa.

Þannig renndi ég á dögunum yfir lista af frægu fólki sem var að skilja hvert við annað og áttaði mig á því að ég þekkti aðeins ríflega helftina af þeim huggulega hópi. Hitt var ókunnugt fólk í mínum augum. Samt frægt. Ofboðslega. Skilst mér. Og skilið.

Blessað fólkið.

Man þegar ég stóð frammi fyrir Bessa Bjarnasyni í fyrsta skipti á ævinni fyrir nokkrum áratugum. Ég var á að giska átta ára gutti og Bessi var að fara að leika í Galdrakarlinum í Oz uppi á vörubílspalli á Ráðhústorginu á Akureyri í kalsaveðri á sautjánda júní og fékk mig – allsendis óundirbúinn – til að leika hundinn Tótó í uppfærslunni. Sem ég og gerði ... alveg þokkalega. Hrollkaldur. En þarna stóð ég sumsé í fyrsta skipti á ævinni frammi fyrir frægum manni. Þjóðfrægum. Og nánast þjóðargersemi.

Það var undarleg tilfinning.

Þetta var árið sem sjónvarpið kom norður – í sauðalitunum. Og þar af leiðandi hafði þessi landskunni leikari ekkert verið að þvælast fyrir mér á öldum ljósvakans. Ég hafði séð hann nokkrum sinnum í blöðunum – og á þeim tíma var það nóg til að njóta frægðarinnar. Eftir þetta varð Bessi mælikvarði minn á frægð; mín vísitala á vinsældir. Menn voru ýmist undir eða yfir Bessa. Fæstir yfir.

Svo hafa árin liðið.

Grandvör og geðþekk kona á mínu reki benti mér á það á dögunum að sér væri farið að leiðast það óskaplega hvernig fjölmiðlar töluðu endalaust við sama fólkið. Og hömpuðu eilíflega einhverjum hópi ofurfrægra sem væri ýmist að skilja eða skunda inn kirkjugólfið, alsæll og ofurmálaður. Ég hlustaði á þessa konu um stund af því hún talaði af viti; sagðist geta samsinnt henni að mörgu leyti en benti henni á þann kost að fletta yfir þetta efni. Hún spurði á móti afhverju fjölmiðlum væri það svona mjög í mun að eltast alltaf við sama fólkið; hvort þeir ættu ekki miklu fremur að endurspegla fjölbreytnina í samfélaginu – og forðast einhæfnina, endurtekninguna, áráttuna. Ég svaraði því til að fræga fólkið seldi; svoleiðis væri það bara ... já, frægðin kitlaði. En þá kom hún með þessa setningu sem ég hef verið að dröslast með í hausnum á mér síðustu daga: En fræga fólkið er bara ekki lengur frægt ... og svo bætti hún við; ekki nema brot af því.

Sumsé það.

Og fleiri en ég sem þekkja ekki lengur landsþekkta menn og konur.

Íslensk frægð er annars sér á parti. Boðleiðirnar í samfélaginu eru svo ógnarstuttar að algerlega ókunnugur maður getur komist á allra varir á augabragði. Kortér hér og þar í spjallþáttum sjónvarpsstöðvanna gerir það að verkum að landsmenn allir hafa séð sama manninn og myndað sér skoðun á honum. Ef menn eru ekki spyrjendur eru þeir viðmælendur. Og ef þeir eru ekki spjallþáttastjórnendur eru þeir fundarstjórar. Og ef ekki það; þá stofna þeir dagblað.

Tökum dæmi:

Einu sinni var sá sem þetta skrifar ráðstefnustjóri á yfirgripsmikilli og alþjóðlegri ráðstefnu um ferðamennsku á norðurhjaranum sem haldin var í Reykjavík. Á milli fróðlegra erinda var tekið við mig viðtal um ferðavenjur mínar fyrir aðra af tveimur sjónvarpsstöðvum landsmanna sem þá voru við lýði. Um kvöldið var viðtalið sýnt – í sömu mund og ég las fréttir á hinni sjónvarpsstöðinni. Daginn eftir spurði erlendur fyrirlesari á ráðstefnunni hverju þetta sætti; hann hefði séð mig stjórna ráðstefnunni sama dag og ég hefði birst á báðum sjónvarpsstöðvunum, jafnt sem viðmælandi og þulur. Ég gat ekki svarað manninum með öðrum orðum en þeim að við værum fámenn þjóð.

Sem við erum.

Eftir á að hyggja er að verða til allnokkur hópur fólks sem telja verður til ofnotaðra Íslendinga. Hann skýtur upp höfðinu hvar sem farið er; endurtekur sig í hverjum þættinum af öðrum, opnar sig í einu tímaritinu af öðru – og nær saman og sundur í einkalífi sínu fyrir opnum tjöldum. Þetta er að verða æ stórri hópur og æ meira áberandi eftir því sem fjölmiðlum fjölgar; hann kaupir sér eldhús og sumarbústað fyrir allra augum, mætir í leikhús og líkamsrækt í opnugreinum og sest svo niður í morgunþættina daginn eftir og tjáir sig enn og aftur um atburði líðandi stundar.

Þetta er ný stétt á Íslandi; forsíðufólkið – skilgetið afkvæmi skringilegrar fjölmiðlaþróunar sem leggur áherslu á frægð og forvitni. Og umfram allt stjörnur. Og í því efni er lykilatriði að stjörnublaðamenn tali við stjörnuviðmælendur. Og helst ekki um neitt sérstakt. En skilnaður sakar ekki. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# GARÐBLÓMABÓKIN

## er komin í verslanir

**Í bókinni er m.a.**

fjallað um 63 ættir burkna, tvíkímblöðunga og einkímblöðunga

fjallað um yfir 400 ættkvíslir og einkennum þeirra lýst

fjallað um nokkuð á annað þúsund tegundir garðblóma og auk þess fjölmörg afbrigði þeirra, tilbrigði og sortir

eru um 800 litmyndir af garðblómum í íslenskum görðum

er umfjöllun um langflestar tegundir, afbrigði og sortir garðblóma sem reynd hafa verið í íslenskum görðum og gefið hafa góða raun.

**Bókin er 480 bls. í stóru broti og öll litprentuð.**




## Sannkölluð blómaveisla!

**Grundvallarrit fyrir alla garðeigendur og áhugafólk um ræktun.**

**Kynningarverð aðeins kr. 3.990**





**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 • 101 Reykjavík
s. 552 8866 • www.skrudda.is

## viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

*Stærð bankans gerir það að verkum að nú er úr mun meiri flóru að velja. Kaup á Singer&Friedlander hefðu verið stór biti fyrir KB banka fyrir aðeins nokkrum misserum. Nú er bitinn vel viðráðanlegur. KB banki er orðinn verðmætara fyrirtæki en Skandia, sem einhverntímann hefðu þótt tíðindi. Næsti banki til að vaxa yfir er bankinn og tryggingafélagið Sampo í Finnlandi.*

# Tífaldast á tveimur árum

**Við kaup KB banka á Singer&Friedlander verður til banki með eigið fé upp á 200 milljarða og eignir upp á 2.000 milljarða. KB banki hefur með yfirtöku og innri vexti nær tífaldast að stærð á tveggja ára tímabili. Kaupin í Bretlandi nú eru enginn endapunktur á vaxtarskeiði bankans. *Hafliði Helgason* fjallar um vöxtinn og kaupin á S&F.**

Fyrir réttum tveimur árum síðan birti Kaupþing banki uppgjör sitt. Forstjóri bankans, Hreiðar Már Sigurðsson, var sáttur við rekstrarárangurinn. Hagnaðurinn á fyrsta ársfjórðungi 2003 nam 800 milljónum og heildareignirnar 228 milljörðum.

Tveimur árum síðar er sami forstjóri einnig sáttur við uppgjör fyrstu þriggja mánaða ársins. Hagnaðurinn er ellefu milljarðar og heildareignirnar tæpir 1.700 milljarðar króna. Samhliða uppgjörinu er upplýst að stjórn breska bankans Singer&Friedlander mæli með yfirtökutilboði KB banka í breska bankann. Eftir þá yfirtöku er KB banki um það bil níu til tíu sinnum stærri en hann var fyrir tveimur árum. Eftir innlimun S&F verða heildar eignir bankans yfir tvö þúsund milljarðar og eigið fé yfir tvö hundruð milljarðar króna. Markaðsvirði bankans er yfir 350 milljarðar króna, sem gerir KB banka sjöunda stærsta banka Norðurlanda og áttunda stærsta fjármálafyrirtækið. Þetta eru miklar breytingar á tveimur árum og áfram verður stefnt að vexti.

### Með þriðjung í Carnegie

Miðað við kauptilboð KB banka í S&F er breski bankinn metinn á um 64 milljarða króna, þar af á KB banki fyrir tæp 20 prósent. Það væri synd að segja að kaupin nú kæmu á óvart. Allt frá því að KB banki keypti tæplega tíu prósenta hlut í S&F í nóvember 2003 hafa flestir verið þeirrar skoðunar að KB banki ætlaði sér að kaupa breska bankann. Þegar fyrstu kaupin voru gerð átti S&F 35 prósenta hlut í Carnegie sem var seldur skömmu eftir kaup KB banka. Var talið að Svíarnir hefðu þrýst á um að S&F seldi hlut sinn, af ótta við að KB banki stefndi að yfirtöku á Carnegie. Það mun þó ekki hafa verið meiningin á þeim tíma, en nú er Burðarás stærsti hluthafinn í Carnegie. Fyrir réttu ári jók KB banki hlut sinn í S&F í tæplega 20 prósent og þeir fáu sem velkst höfðu í vafa um fyrirætlanir KB banka voru nú sannfærðir. Yfir þetta tímabil hafa fjölmargir íslenskir fjárfestar veðjað á yfirtöku og keypt hlut í breska bankanum. Burðarás keypti tæplega tíu prósenta hlut og varð það til þess að gengið hækkaði. Margir eru þeirrar skoðunar að kaup Burðaráss hafi seinkað því að KB banki lét til skara skríða.



**ÞEKKJAST VEL** Sigurður Einarsson og samstarfsfólk hans höfu að kynna sér breska bankann Singer&Friedlander fyrir þremur árum. Hann og Tony Shearer, forstjóri S&F, þekkjast því vel nú þegar stjórn breska bankans hefur mælt með því við hluthafa að þeir taki tilboði KB banka.

### Fleiri stoðir í Bretlandi

Kaupin nú eiga sér langan aðdraganda og að sögn Hreiðars Más eru þrjú ár síðan byrjað var að skoða bankann. KB banki hefur átt menn í stjórn bankans og samvinna verið á milli bankanna. KB banki gaf sér því góðan tíma í að kynnast lykilstarfsmönnum bankans. Efti langt tilhugalíf virðast stjórnendur Singer& Friedlander una glaðir við að fá nýjan eiganda.

Sigurður Einarsson, stjórnarformaður KB banka, og Hreiðar Már hafa margsinnis lýst markmiðum bankans í útrásinni, sem eru að starfa á sem flestum sviðum bankastarfsemi í öllum Norðurlöndunum og í Bretlandi. Með kaupunum á Singer er KB banki búinn að koma upp öflugri starfsemi á öllum sviðum bankastarfsemi, nema í verðbréfamiðlun. Líklegt er að bankinn muni á næstunni annað hvort kaupa verðbréfamiðlun eða stofna sína eigin.

### Finnland og Noregur eftir

Sigurður Einarsson hefur lýst því yfir að bankinn sé nokkuð sáttur við núverandi starfsemi bankans í Svíþjóð og Danmörku. Bretland hefur nú bæst í þann hóp, en bankinn horfir til þess að bæta fleiri stoðum við starfsemi sína í Noregi og Finnlandi. Bankinn hefur skilgreint Norðurlöndin og Bretland sem kjarnamarkað sinn, en á aðalfundi bankans sagði Sigurður að horft yrði til tækifæra í nágrannalöndum kjarnamarkaðar. Margir telja líklegt að bankinn horfi til fjármálafyrirtækja sem komið hafa upp starfsemi í Eystrasaltsríkjunum. Íslenskir fjárfestar eru meðal þeirra sem fjárfest hafa á þeim slóðum og norrænir bankar hafa verið að koma þar upp starfsstöðvum. Stjórnarformaður bankans hafði í fyrri ræðum og kynningum á bankanum látið kjarnamarkaðinn duga þegar stefnu bankans var lýst. Í orð hans á aðalfundinum má því lesa að hann hafi talið tímabært að opna á fleiri svæði.

**YFIRTÖKUR KAUPÞINGS Á FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM**

| | |
|---|---|
| 2001 | Sofi Finnland |
| 2002 | JP. Nordiska Svíþjóð |
| 2003 | Búnaðarbankinn Ísland |
| 2003 | Norvestia Finnland |
| 2004 | A Sundvall Noregur |
| 2004 | FIH Danmörk |
| 2005 | Singer& Friedlander Bretland |

### Hvergi nærri hættir

Fjármálafyrirtæki í Mið- og Norður-Evrópu gætu því verið til skoðunar í bankanum. Stærð bankans gerir það að verkum að nú er úr mun meiri flóru að velja. Kaup á Singer&Friedlander hefðu verið stór biti fyrir KB banka fyrir aðeins nokkrum misserum. Nú er bitinn vel viðráðanlegur. KB banki er orðinn verðmætara fyrirtæki en Skandia, sem einhvern tímann hefðu þótt tíðindi. Næsti banki til að vaxa yfir er bankinn og tryggingafélagið Sampo í Finnlandi.

Sú stefna sem nú er að skila KB banka í hóp sjö stærstu banka Norðurlanda var mörkuð fyrir nokkrum árum. Kaupþing ætlaði sér þá að verða leiðandi fjárfestingarbanki á Norðurlöndum. Þá þótti mörgum það harla ólíkleg framtíðarsýn. Nú er staðan sú að miðað við hvernig til hefur tekist síðustu örfá árin er markmiðið síður en svo fjarlægt og líkurnar á að staðar verði numið engar. ■

**HELSTU STÆRÐIR SAMEINAÐS BANKA UM ÁRAMÓT 2004 – Í MILLJÖRÐUM KRÓNA***

| | KB banki | Singer & Friedlander | Sameinaður banki |
|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | |
| Hreinar vaxtatekjur | 18,9 | 10,7 | 29,6 |
| Hreinar þóknanatekjur | 13,3 | 4,5 | 17,8 |
| Rekstrartekjur samtals | 48,6 | 15,6 | 64,2 |
| Hagnaður | 15,8 | 3,2 | 19,0 |
| **Efnahagur*:** | | | |
| Heildareignir | 1675,6 | 334,8 | 2010,5 |
| Útlán | 1188,6 | 192,6 | 1381,2 |
| Innlán | 226,1 | 182,8 | 408,9 |
| Eigið fé | 157,3 | 43 | 200,3 |
| Eignir í stýringu | 508,0 | 449 | 957,0 |

*Miðað er við áramótauppgjör hjá S&F en uppgjör fyrsta ársfjórðungs hjá KB banka.




Fíton/SÍA F012841

## Komdu með í 1. maí gönguna!

Við hvetjum félagsmenn til að halda dag verkalýðsins hátíðlegan og taka fjölskylduna með í 1. maí göngu sem hefst kl. 13:30 á Skólavörðuholti.

Að loknum útifundi á Ingólfstorgi bjóðum við félagsmönnum og fjölskyldum þeirra að þiggja veitingar á Broadway í tilefni dagsins.

Nánari upplýsingar á www.vr.is

Starf okkar **eflir** þitt starf **VR**

# Opið í dag

## Eingöngu í Smáralind frá kl. 12-18

# Frábær tilboð á ProStyle hjólum í dag



Flottir regngallar

Stígvél

**United 27" LCD Sjónvarp með mótakara**

- 27" LCD Skjár
- Upplausn 1280x768 (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan
- Skerpa:500:1
- Birta: 500 cd/m2
- Sjónsvið: 170°
- 2x7w SRS Surround Hljóðkerfi með 2 Hátölurum
- 2 Scart tengi, Component (YPbPr) og DVI tengi
- Tölvutengi
- AV og Heyrnartólstengi að framan
- Mynd í mynd (2 Tunerar)
- Textavarp
- Fjarstýring
- Mál (bxhxd): 81x44,5x11




**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **8.332**kr* á mán. í 12 mánuði
Verð nú 99.984,-
Verð áður 149.990,-

**United örþunnt** 27" LCD sjónvarp
**Fæst eingöngu í Smáralind**



**TILBOÐ**
**1.999**kr/stk
Verð áður 2.999,-

**Grillpanna,** grillaðu fitusnauðari mat á pönnunni. Pannan sem slegið hefur í gegn í Evrópu.

STERLING

**Sterling 2588**

- Brennari: 13.2kW H-Brennari úr ryðfríu stáli
- Heildar umfang: 3903cm²
- Grind: Porselínhúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrókum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



**4.499**kr* á mánuði í 12 mánuði
Verð 53.988,-
verð áður 59.900,-

**FRÍ HEIMSENDING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Grillaðu um helgina á **Sterling 2588**



**Nýjar vörur**
**2.999**kr

**Sportskór** m/teygjum, bláir, bleikir, st. 22-35

Gildir 1. maí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



**JOSEPH HELLER (1923-1999)**
fæddist á þessum degi.

*„Þegar einhver fullyrðir að ég hafi ekki skrifað neitt nærri því jafn gott og Catch-22 finnst mér freistandi að spyrja: Hefur það einhver?“*

***- Bandaríski rithöfundurinn Joseph Heller er frægastur fyrir bók sína Catch-22 sem kom út árið 1961. Í enskri tungu er titill bókarinnar orðinn viðurkennt hugtak yfir að vera á milli steins og sleggju.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# *Citizen Kane frumsýnd í New York*

Á þessum degi árið 1941 var kvikmyndin Citizen Kane eftir Orson Welles frumsýnd í New York.
Orson Welles fæddist árið 1915 og ólst upp í Chicago. Faðir hans var uppfinningamaður og móðir hans konsertpíanisti. Sjálfur var hann mikið undrabarn, varð snemma ljóð- og tónelskur auk þess að vera góður teiknari. Hann ákvað að fara ekki í háskóla og ferðaðist þess í stað um heiminn.
Árið 1931 hóf hann leikferil sinn á Írlandi. Hann sneri til Bandaríkjanna ári síðar en fékk engin hlutverk á Broadway. Þá flutti hann til Spánar og vann meðal annars fyrir sér sem nautabani. Þegar hann kom aftur til Bandaríkjanna fékk hann loksins hlutverk í Rómeó og Júlíu á Broadway. Árið 1937 stofnaði Welles Mercury-leikhúsið, sem skyldi einbeita sér að leikhúsi á sviði og í útvarpi. Ári síðar flutti Welles leikritið Innrásin frá Mars í útvarpi, sem kom honum á spjöld sögunnar. Flutningur hans þótti svo raunverulegur að margir hlustendur trúðu að geimverur væru í raun og veru að ráðast á jörðina. Welles var aðeins 25 ára þegar hann kvað sér hljóðs á hvíta tjaldinu. Þá samdi hann, framleiddi, leikstýrði og lék í Citizen Kane. Titilhlutverkið var byggt á persónu auðkýfingsins Williams Randolph Hearst, sem reyndi allt hvað hann gat til að koma í veg fyrir sýningu myndarinnar. Það bar að vissu leyti árangur því að aðsókn á myndina var dræm. Citizen Kane þykir hins vegar marka straumhvörf í kvikmyndasögunni hvað myndatöku og uppbyggingu varðar og hafði mikil áhrif á yngri kynslóðir kvikmyndagerðarmanna. Oftar en ekki er hún nefnd til sem besta kvikmynd fyrr og síðar.




**ÚR CITIZEN KANE**

## MERKISATBURÐIR

1886 Bandarískir verkamenn hefja verkfall og krefjast átta stunda vinnudags.

1889 Alþjóðlegur frídagur verkamanna haldinn hátíðlegur í fyrsta skipti.

1923 Alþýðusambandið gengst fyrir hátíðarhöldum og kröfugöngu í Reykjavík í fyrsta sinn í tilefni baráttudags verkamanna.

1939 Myndasögurnar um Leðurblökumanninn koma út í fyrsta skipti.

1945 Karl Dönitz aðmírall tekur formlega við völdum í Þýskalandi í kjölfar andláts Adolfs Hitler.

1965 Þyrla ferst við Kúagerði, sunnan Hafnarfjarðar. Fimm fórust.

1967 Elvis Presley giftist Priscillu.

1997 Tony Blair er kjörinn forsætisráðherra Bretlands.

## ANDLÁT

**Jón B. Kristinsson,** húsasmíðameistari, Nónvörðu 2, Keflavík, lést fimmtudaginn 28. apríl.

**Snorri Pétursson,** Hátúni 10b, lést miðvikudaginn 13. apríl. Útförin fór fram í kyrrþey.

## AFMÆLI

**Ragnheiður Torfadóttir,** fyrrverandi rektor MR, er 69 ára.

**Álfheiður Ingadóttir** líffræðingur er 54 ára.

**Unnur Ólafsdóttir** veðurfræðingur er 53 ára.

**Ragnheiður Gestsdóttir** rithöfundur er 52 ára.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson,** blaðamaður og skáld, er 34 ára.




†

*Eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Hjálmar S. Helgason**

Holtagerði 84, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Digraneskirkju mánudaginn 2. maí kl. 15.

Þeim sem vilja minnast hans er vinsamlega bent á Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Kristbjörg Pétursdóttir,**
**Þórir Hjálmarsson,**
**Magni Hjálmarsson.**



†

*Ástkær fósturfaðir, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Gíslason**

vörubílstjóri, frá Viðey, Traðarlandi 4, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju mánudaginn 2. maí kl. 15.00.

**Ellen Emilsdóttir**
**Svava Svavarsdóttir**
**Geir Svavarsson** **Jóhanna Svavarsdóttir**
**Jóhannes Svavarsson**
**Esther Svavarsdóttir** **Jóhannes Björnsson**
**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jörundur Kristinsson**

skipstjóri, Foldasmára 11, Kópavogi,

sem lést á líknardeild LSH í Kópavogi sunnudaginn 24. apríl sl., verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 4. maí kl 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarstofnanir.

**Auður Waagfjörð Jónsdóttir**
**Kristinn Jörundsson** **Steinunn Helgadóttir**
**Kristín Bára Jörundsdóttir** **Eiríkur Mikkaelsson**
**Jón Sævar Jörundsson** **Rita Sigurgarðsdóttir**
**Alda Guðrún Jörundsdóttir** **Jóhann G. Hlöðversson**
**Anna Sigríður Jörundsdóttir** **Bjarni Kr. Jóhannsson**
**Jörundur Jörundsson** **Áslaug Hreiðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR** Taldi sig og sínar geta gert verulegt „bimm bamm“ með mótmælum á verkalýðsdaginn.

**TÍMAMÓT:** 35 ÁR FRÁ UPPHAFI RAUÐSOKKAHREYFINGARINNAR

# Mótmæltum svikum við konur

Á þessum degi árið 1970 fylktu Rauðsokkur í skrúðgöngu sem markaði þar með upphaf kvennabaráttunnar hinnar nýju.

Vilborg Dagbjartsdóttir var einn af brautryðjendum hreyfingarinnar og man vel eftir göngunni. „Hugmyndin kviknaði í aprílbyrjun þetta ár,“ rifjar hún upp. „Það höfðu borist fréttir frá Danmörku af hreyfingu sem kallaði sig Rauðsokkur. Þær höfðu gert usla í Kaupmannahöfn. Ég keypti tímarit þar sem sagt var frá þessari hreyfingu og sýndi það ungum konum sem voru að kenna með mér. Þær töldu að það gæti orðið gaman að gera eitthvað þessu líkt hér. Þá fékk ég hugmyndina um að taka þátt í skrúðgöngunni 1. maí og við töldum okkur geta gert verulegt bimm bamm.“

Vilborg segir að óánægja meðal kvenna hafi lengi kraumað undir yfirborðinu og það var ekki nein tilviljun að þær ákváðu að minna á réttindi sín hinn 1. maí. „Við vildum mótmæla því hvernig verkalýðshreyfingin hafði svikið konur. Verkalýðshreyfingin var kynskipt og konur á mun lægri töxtum en karlar. Giftar konur voru ekki skattborgarar, heldur greiddu eiginmenn þeirra skatt. Það ríkti mikið misrétti og það var ávallt talað um konur sem heimavinnandi húsmæður þótt þær væru á vinnumarkaði. Það hefði ekki verið hægt að reka þetta þjóðfélag ef konur hefðu setið heima.“

Gangan var auglýst í útvarpinu og konur hvattar til að mæta í rauðum sokkum. Viðbrögðin létu ekki á sér standa og Vilborg segir það hafa komið sér á óvart hversu margar konur dreif að. En það gekk ekki þrautalaust fyrir sig að fá að þramma með í skrúðgöngunni. „Nokkrum verkalýðsforingjum fannst við vera að lítilsvirða gönguna með fíflalátum og vildu banna okkur að vera með. Loks samdist okkur um að við fengjum að reka lestina í göngunni, sem og við gerðum.“

Í göngunni fylktu femínistar liði með stóra styttu af Venus í fararbroddi. Styttuna fengu rauðsokkur úr Lýsiströtu Aristófanesar sem Brynja Benediktsdóttir hafði sett upp fyrr um veturinn í Háskólabíó. Á styttunni var borði sem á stóð: Manneskja – ekki markaðsvara. „Þetta vakti heilmikla athygli og var upphaf að uppreisn,“ segir Vilborg. „Þó margt sé enn óunnið vöktum við rækilega athygli á því að það er mannréttindabrot að mismuna fólki eftir kyni.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VERKALÝÐSDAGURINN 1970** Konur dreif að úr öllum áttum til að taka þátt í göngunni og minna á að það er mannréttindabrot að mismuna fólki eftir kyni.

# TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

*Síðustu námskeið vetrarins að hefjast*



## Grafík og hönnun

### Grafísk hönnun



Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólki sem vill skapa sér forskot í frekara námi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla.
Kennd er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash.

Hefst 11. maí og lýkur 8. júní.
Kennt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00.
Verð kr. 65.000,- Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð I

Vinsælt námskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og þeim sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Þátttakendur læra myndvinnslu í Photoshop og búa til sína eigin heimasíðu í FrontPage.

Námskeiðið hefst 11. maí og lýkur 30. maí.
Kennt er mánudaga, miðvikudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00.
Verð kr. 36.000,-
Allt kennsluefni innifalið.

### Vefsíðugerð III – MySQL & ASP

Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. maí og lýkur 4. júní.
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17.30 – 21.00.
Verð kr. 42.000,-

### Vefforritun

Stutt og hagnýt þjálfun í forritun fyrir þá sem enga reynslu hafa af forritun. Á þessu námskeiði er farið vel í grunnþætti þriggja vinsælustu forritunarmála í vefsmíði, PHP, Javascript og VBScript. Ítarlega námslýsingu er að finna á vef skólans: **www.tsk.is.**
Hefst 11. maí og lýkur 24. júní.
Kennt er þrjú kvöld í viku frá kl. 17.30 – 21.
Verð kr. 86.000,-

### Stök námskeið að hefjast í maí:

- **Word,** 22 st.
- **Excel,** 22 st.
- **Stafrænar myndavélar,** 14 st.
- **Photoshop,** 21 st.
- **FreeHand,** 21 st.
- **Flash,** 21 st.
- **InDesign,** 25 st.
- **Tölvuviðgerðir,** 18 st.
- **Öryggi tölvunnar,** 9 st.
- **PDF í Acrobat,** 14 st.
- **Navision bókhaldsnám,** 21 st.

## Tölvunám

### Byrjendanámskeið

Vinsælt 60 stunda námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið. Á þessu námskeiði er allt sem byrjandi þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi á sérlega hagstæðu verði.

- Windows tölvugrunnur
- Word grunnur
- Excel kynning
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er á þriðjudögum og fimmtudögum og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 8.30 - 12 eða kvöldnámskeið kl 17.30 – 21.
Kennsla hefst 10. maí og lýkur 16. júní.
Verð kr 36.000, -

### Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt og markvisst 60 stunda námskeið ætlað þeim sem hafa einhvern tölvugrunn til að byggja á eða einhverja reynslu af vinnu við tölvur en vilja auka við þekkingu sína, hraða og færni.
**Kennslugreinar:**

- Windows XP og skjalavarsla
- Word
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur og skipulag

**Morgunhópur**:
Kennt er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 9 – 12.
**Kvöldhópur:**
Kennt er mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga kl. 18 - 21.
Kennsla hefst 9. maí og lýkur 8. júní.
Verð kr 38.000,

**!** **Flestir fá stóran hluta námskeiðsgjaldsins endurgreiddan frá sínu stéttarfélagi. Kannaðu rétt þinn!**

## VAKTAVINNUFÓLK

**Möguleiki er að skipta á milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.**

*Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FJÖLSKYLDAN Í SKERJAFIRÐINUM** Lúðvík með Jóhönnu Leu í fanginu og Þóra heldur á Bjarna Þór.

# Frá pilsnersfylgi til fullvaxta flokks

Lúðvík Bergvinsson er reiðubúinn til að verða varaformaður Samfylkingarinnar ef eftir því verður leitað. Hann gefur lítið fyrir þingvítur Halldórs Blöndal og nýbirtar fjárhagsupplýsingar framsóknarmanna en telur að forystumenn í stjórnmálum til langs tíma eigi að geta hætt með reisn. *Björn Þór Sigbjörnsson* spjallaði við Lúðvík um pólitík og börn.

Við hittumst á skrifstofu Lúðvíks við Austurstrætið á fertugasta og fyrsta afmælisdegi hans. Úti skín sólin og þingmaðurinn er með skyrtuermarnar uppbrettar en bindið er á sínum stað. Það er mikið að gera enda skammt eftir af þinghaldinu og mörg mál bíða afgreiðslu.

Lúðvík bendir á málverk Eiríks Smith af Jóni Baldvini Hannibalssyni þegar hann er spurður hvað hafi rekið hann út í pólitík en Lúðvík hefur setið á þingi í áratug. „Það má segja að Jón Baldvin hafi fengið mig í framboð á Suðurlandi á sínum tíma. Í fyrstu hafði ég ekki mikinn áhuga, enda taldi ég mig á þeim tíma vera á leið til Bretlands í framhaldsnám í samkeppnis- og Evrópurétti. Svona geta tilviljanirnar verið.“

Lúðvík rifjar upp að Alþýðuflokkurinn hafi haft svokallað pilsnersfylgi í könnunum og styrkleiki pilsners er rúm tvö prósent. „Ég man að daginn sem þessi könnun kom bauð Jón Baldvin mér í mat og þá var ég harðákveðinn að segja honum endanlega að ég hefði ekki áhuga. Ég taldi mig þá vera að fara að hitta brotinn mann með ónýtan flokk og lítið fylgi en hitti hins vegar mann sem var örugglega með 40 prósent fylgi, að minnsta kosti talaði hann þannig. Það var fyrst þá sem ég fór að hugsa um það í alvöru að slá til, enda hafði ég brennandi áhuga á stjórnmálum.“

Fjölskylda Lúðvíks hafði starfað í Alþýðuflokknum; Oddur afi hans vann lengi á Alþýðublaðinu og Guðmundur föðurbróðir hans var formaður framkvæmdastjórnar í mörg ár. Fyrstu afskipti Lúðvíks sjálfs af pólitík voru hins vegar í kosningabaráttunni 1995.

„Það má segja að það hafi tafist aðeins,“ svarar hann aðspurður um örlög framhaldsnámsins.

### Blöndal er barn síns tíma

Á þingi hefur Lúðvík beint sjónum sérstaklega að samkeppnismálum enda metur hann vægi þeirra mikils. „Ég lít svo á að barátta fyrir öflugum samkeppnisreglum sé á margan hátt verkalýðsbarátta nútímans. Ef við ætlum að byggja samfélagið á markaðsskipulagi þurfa að gilda strangar samkeppnisreglur svo verðmyndun, framboð og eftirspurn á vörum séu eðlileg. Olíumálið er dæmi um hvað gerist þegar rangt er haft við á markaði.

Nýtt frumvarp um samkeppnismál er stórskaðlegt og það er sorglegt að þar ráði sjónarmið Verslunarráðs og Samtaka atvinnulífsins á kostnað vilja launafólks og Neytendasamtakanna.“

Oft er tekist á af hörku í þinginu og þar falla stór orð um menn og málefni. Lúðvík hefur tvívegis mátt sæta vítum frá Halldóri Blöndal þingforseta, nú síðast á dögunum. Hann gefur ekki mikið fyrir þessar áminningar. „Ég tek þetta ekki til mín enda sannfærður um að Halldór hafði rangt við.“

Og Lúðvík er í raun ekkert sérstaklega hrifinn af Halldóri. „Þegar ég byrjaði á þingi var Ólafur G. Einarsson forseti. Hann naut virðingar allra því menn upplifðu hann sem forseta alls þingsins. Halldór hefur hins vegar valið að vera fyrst og fremst forseti ráðherranna og meirihlutans. Halldór er holdgervingur þeirrar hugsunar að meirihlutinn eigi að ráða öllu og geti gert allt sem honum hugnast. Það er skilningur hans á lýðræðinu. En það má einnig um hann segja að hann er barn síns tíma.“

Lúðvík sakar ríkisstjórnina um valdhroka og finnst stjórnarflokkarnir í raun eiga lítið erindi. „Ég held að ákveðin vatnaskil hafi orðið þegar Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur fengu endurnýjað umboð í kosningunum 1999. Þá var EES-samningurinn ekki lengur sú hugmyndafræði sem þeir gátu haldið í og þeir vöknuðu upp við hálfgerða erindisleysu. Þá braust valdhrokinn út. Þá urðu einnig vatnaskil hvað varðar samráð við aðila vinnumarkaðrins.“

### Ingibjörg vænlegur kostur

Þrátt fyrir gagnrýni Lúðvíks og annarra á ríkisstjórnarflokkanna fengu þeir umboð kjósenda til að halda samstarfinu áfram eftir kosningarnar 2003. Minnstur á það svarar hann: „Það er rétt, og kannski segir það meira um okkur en þá. Kjósendum hefur kannski fundist stjórnarandstöðuflokkarnir of tættir og sundurleitir og skorta festu. Fyrir vikið hafa þeir ekki treyst okkur. Það er ekki óeðlilegt að það taki tíma að skapa stjórnmálaflokki trúverðugleika. En ég held að nú sé stjórnarandstaðan að ná þeim stöðugleika sem þarf til að taka við völdum.“

Landsfundur Samfylkingarinnar er í farvatninu og barátta Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar um formannsbættið í algleymingi. Lúðvík telur bæði ágæta kosti. „Össur hefur tryggt sinn sess, hann tók við flokknum og hefur leitt hann í gegnum uppvaxtarárin. Hann hefur vaxið og fest sitt nafn á spjöld sögunnar. Ingibjörg aftur á móti braut á bak aftur veldi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og sigraði í þrennum kosningum. Aðferðafræðin í borginni hvað varðar umgengni við fólk, lýðræði og ákvarðanatöku er ólík því sem gerist hjá ríkisstjórninni. Ingibjörg á merkilega sögu, hún hefur farið vel með vald og sýnt að hún er góður stjórnandi.“

Ætlarðu að kjósa hana? „Hún er í það minnsta mjög vænlegur kostur,“ segir Lúðvík en vill ekki kveða fastar að orði.

Og spurður hvort hann sjálfan langi til að verða varaformaður, eins og sumir hafa stungið upp á, svarar hann: „Ef flokkurinn vill fá mig til verka er ég tilbúinn til þess.“

Lúðvík telur málið ekki skýrast fyrr en á landsfundinum og segir vilja formannsins skipta miklu máli. Mikilvægast sé að forystan sé samstíga.

### Framsóknarmenn taugaveiklaðir

Samfylkingin hefur lengi talað fyrir opnu bókhaldi stjórnmálaflokka og gegnsæi í fjármálum. Á dögunum upplýstu þingmenn Framsóknarflokksins um hlutabréfaeign og annað og Vinstri grænir fylgdu í kjölfarið. Lúðvík lítur á útspil framsóknarmanna sem taugaveiklun. „Það er afar sérstakt í ljósi sögunnar að Framsóknarflokkurinn er orðinn forystuafl um siðbót í íslenskum stjórnmálum. Hans hlutverk hefur verið að gæta hagsmuna; fyrst Sambandsins og svo annarra fyrirtækjablokka. Ég upplifi þetta útspil sem taugaveiklun, þeir finna ekki fjölina sína og varpa því út sprengjum spunameistaranna til að hylja það sem máli skiptir.“

En er Framsóknarflokkurinn ekki einmitt að gera það sem Samfylkingin hefur talað um? „Við viljum að þingið setji lög um þessi efni því við óttumst að ef hver flokkur geri þetta fyrir sig verði þetta marklaust. Hver á að fylgja eftir siðareglum Framsóknarflokksins? Ætlar þingflokksformaðurinn hverju sinni að lesa skattskýrslur þingmanna og fylgjast með hvort menn hafi keypt og selt hlutabréf?

Við í Samfylkingunni settum okkur starfs- og siðareglur 1999 en eftirfylgni þeirra hefur fjarað út því það er enginn til að fylgja þeim eftir.“

Lög um eftirlaun þingmanna og ráðherra hafa líka verið til umræðu síðustu daga en um leið og Lúðvík gagnrýnir ákveðna þætti málsins segist hann sammála öðrum. „Það er óskaplega sorglegt að horfa á stjórnmálamenn, sem hafa verið í forystu fyrir ríkisstjórnum, skríða út úr pólitíkinni í skjól hjá ríkisvaldinu til að þiggja bitlinga. Mér finnst til dæmis ekki að Davíð Oddsson eigi að þurfa að skríða á milli manna og biðja um vinnu. Menn sem hafa gegnt forsætisráðherraembætti jafn lengi og hann eiga að geta hætt með reisn. Hins vegar er tvítaka launa frá ríkinu algjörlega fáránleg.“

### Engar vítur í Skerjafirði

Margt hefur breyst í lífi Lúðvíks Bergvinssonar síðan hann var kjörinn á þing fyrir tíu árum. Hann hefur eignast tvö börn með konu sinni Þóru Gunnarsdóttur, félagsfræðingi og starfsmanni Kvikmyndamiðstöðvar, og fyrir vikið er tilveran önnur. „Þetta er dásamlegt. En það þarf auðvitað að vakna klukkan sex á morgnana og sækja svo börnin á leikskóla klukkan fimm. Þetta getur verið púsluspil en við Þóra skipuleggjum okkur vel. Svo hefur tengdamóðir mín verið óskaplega dugleg við að hjálpa okkur.“

Það má annars heita sérstakt að Þóra er komin af miklu sjálfstæðisfólki. „Þetta gengur vel,“ svarar Lúðvík spurður um ganginn í sambúðinni í þessu ljósi. Og þau hjónin tala um stjórnmál eins og annað á heimilinu sínu í Skerjafirðinum, án alvarlegs ágreinings. Og án þess að vítum sé beitt. ■


Stökktu til

Rimini

26. maí

frá kr. 39.990

Síðustu sætin

Verð kr. 39.990
í viku
Verð kr. 49.990
í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2, 3 eða 4 í stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur - ath. enginn barnaafsláttur. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Stökktu tilboð 26. maí.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum til Rimini þann 26. maí. Þú bókar og tryggir þér sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

MasterCard Munið Mastercard ferðaávísunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


**LÚÐVÍK BERGVINSSON ALÞINGISMAÐUR**

**Fæddur:** 29. apríl 1964

**Menntun:** Lögfræðingur.

**Fyrri störf:** Fulltrúi sýslumannsins í Vestmannaeyjum, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

**Fjölskylda:** Kvæntur Þóru Gunnarsdóttur, félagsfræðingi og starfsmanni Kvikmyndamiðstöðvar, og á með henni Jóhönnu Leu sem er tveggja og hálfs árs og Bjarna Þór sem er níu mánaða.

**Áhugamál:** Fjölskyldan, stjórnmál, knattspyrna (lék með meistaraflokkum ÍBV, ÍA, Leifturs og ÍK), golf (er með 8 í forgjöf), skák (grípur stundum í hraðskák í tölvunni til að dreifa huganum) og lestur góðra bóka.



CIVIC

HONDA
The Power of Dreams

# Veldu af skynsemi




Álfelgur eru aukabúnaður á mynd

VERÐLAUN: 5 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN NHTSA
4 STJÖRNUR Í ÁREKSTRARPRÓFUN EURO NCAP´S

HÉR & NÚ / SÍA

→ Snaggaralegur, 4 dyra, sjálfskiptur á Honda-góðu verði frá

**1.895.000** kr.

**19.922** á mánuði*

* Bílasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

honda.is

Í Honda Civic finnur þú allt sem þú leitar að í góðum bíl: Sparneytni, kraft, lipurð og einstaklega gott verð. Það fer vel um fjölskylduna í þessum snaggaralega bíl. Honda Civic er samnefnari fyrir hagsýni - og verkfræðingar Honda hafa sannað að ekki þurfi að fórna ánægju í akstri fyrir hagsýni. **Honda Civic - skynsamlegt val á Honda-góðu verði.**

BERNHARD
Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100
**www.bernhard.is**

Umboðsaðilar: Bílavík, Reykjanesbær,sími 421 7800 - Bilver, Akranes, sími 431 1985 - Höldur, Akureyri, sími 461 6020 - Bragginn, Vestmannaeyjar, sími 481 1535



**PUSHER STREET Í KRISTJANÍU** Það var á þessum slóðum í Kristjaníu sem ungur maður var skotinn til bana í síðustu viku. Lögreglan hefur haft mikinn viðbúnað á svæðinu síðan.

# Ofbeldi ógnar framtíð Kristjaníu

Skotárás og morð á götu úti í Kristjaníu stefnir framtíð þessa 34 ára gamla fríríkis í miðborg Kaupmannahafnar í voða. Lögregla handtekur fólk í stórum stíl fyrir kannabisnotkun. Yfirvöld vilja uppbyggingu hverfisins og breytingar á eignarfyrirkomulagi fasteigna. ***Sigurður Þór Salvarsson*** kynnti sér sögu Kristjaníu og framtíðarhorfur fríríkisins.

Danska fríríkið Kristjanía í miðborg Kaupmannahafnar er komið í sviðsljósið enn eina ferðina eftir að ungur maður var skotinn til bana í aðalgötu hverfisins í síðustu viku.

Árásin var óvenju hrottafengin, en grímuklæddir menn skutu þar á hóp fólks, meðal annars með vélbyssu. Auk mannsins sem beið bana særðust þrír aðrir. Danska lögreglan telur líklegt að málið tengist uppgjöri milli hópa glæpamanna en þó er ekki talið að fólkið sem skotið var á hafi átt persónulega sökótt við byssumennina, heldur hafi þeir skotið á það af handahófi.

Deilur glæpahópanna tengjast að öllum líkindum átökum vegna sölu eiturlyfja og þá aðallega á hassi en Kristjanía hefur um langan aldur verið miðstöð hassverslunar í Skandinavíu. Eftir að sala á hassi fyrir opnum tjöldum á Pusher Street í Kristjaníu var bönnuð í fyrra blossuðu upp hatrömm átök milli glæpagengja um yfirráð yfir hasssölu í Kaupmannahöfn.

Einn maður hefur verið handtekinn vegna árásarinnar en hann er af íröskum uppruna og tilheyrir einu glæpagenginu. Hann er aukinheldur eigandi annars tveggja bíla sem byssumennirnir flúðu burtu í af vettvangi.

Ýmsir spá því að þessi morðárás sé upphafið að endalokum Kristjaníu en deilur hafa staðið um tilveru fríríkisins allt frá tilurð þess fyrir 34 árum. Og reyndar hefur endalokum þess verið margspáð gegnum tíðina.

### Ein milljón ferðamanna árlega

Upphafið að Kristjaníu má rekja aftur til síðari hluta sjöunda áratugar síðustu aldar. Þá fóru íbúar Kristjánshafnar, en svo heitir hverfið sem Kristjanía er í, að ásælast svæði í hverfinu sem danski sjóherinn hafði yfirráð yfir. Vildi fólkið fá að nýta það sem útivistar- og leiksvæði fyrir sig og börn sín.

Svæðið samanstóð af misgömlum húsum og náði alls yfir 34 hektara. Húsin stóðu að mestu auð og þegar borgaryfirvöld sinntu í engu óskum íbúanna fór fólk að setjast að í húsunum í leyfisleysi og banni. Yfirvöld létu þetta óáreitt til að byrja með en þegar æ fleiri fóru að gera sig heimakomna í hverfinu var ákveðið að hrekja fólkið á brott.

Þessi áform mættu hins vegar mikilli andstöðu, ekki aðeins meðal íbúa Kristjánshafnar, heldur líka þorra íbúa Kaupmannahafnar, en á þessum tíma gekk mikil frjálsræðisbylgja yfir Vesturlönd í kjölfar stúdentauppreisnanna í París, Berlín og víðar sumarið 1968.

Dönsk yfirvöld sáu að lokum sitt óvænna og haustið 1971 hafði sjóherinn sig á brott með allt sitt hafurtask frá Kristjaníu. Er litið á 26. september 1971 sem formlegan stofndag fríríkisins Kristjaníu.

Það hefur alla tíð verið umdeilt og þurft að berjast fyrir tilveru sinni, en um leið verið vinsæll ferðamannastaður, líklega sá vinsælasti fyrir utan Tívolí. Áætlað er að um ein milljón ferðamanna heimsæki Kristjaníu árlega en íbúar eru um eitt þúsund manns.

### Hassverslunin eilíft deiluefni

Einn af fylgifiskum frelsisbylgju hippaáranna kringum 1970 var frjálslegt viðhorf til neyslu á kannabisefnum. Dönsk stjórnvöld á þessum tíma voru afar umburðarlynd í þessum efnum og því varð Kristjanía fljótlega miðstöð hassverslunar í Kaupmannahöfn og jafnvel allri Skandinavíu. Brátt urðu þessi viðskipti þó mikill þyrnir í augum danskra yfirvalda og hafa verið það alla tíð síðan og um leið einn helsti ásteytingarsteinn íbúa fríríkisins og borgaryfirvalda í Kaupmannahöfn.

Deilur um þessa verslun hafa líka verið tilefni innbyrðisátaka meðal íbúa Kristjaníu hvað eftir annað og af síðustu fréttum að dæma virðist ekkert lát þar á.

Lögreglan í Kaupmannahöfn hefur hvað eftir annað látið til skarar skríða gegn eiturlyfjasölu í Kristjaníu en án verulegs árangurs. Þegar við blasti að ríkisstjórn borgaraflokkanna í Danmörku sem tók við eftir kosningarnar 2001 myndi gera alvöru úr því að rýma Kristjaníu ef ekki yrði tekið á þessum vanda sáu sölumennirnir sitt óvænna og fjarlægðu hassverslanir sínar af Pusher Street.

Sú aðgerð hefur þó fjarri orðið til þess að útrýma þessari verslun úr Kristjaníu. Hún hefur þess í stað horfið undir yfirborð jarðar og í kjölfarið leitt af sér þau átök glæpahópa sem nú ógna tilveru Kristjaníu.

Lögreglan hefur brugðist af hörku við þessu og má segja að umsátursástand hafi ríkt í Kristjaníu undanfarna daga. Lögreglan hefur haft þar mikinn viðbúnað og handtekið fjölda fólks fyrir að hafa hass í fórum sínum og ýmis önnur smáafbrot. Hafa tugir þurft að gista fangageymslur lögreglunnar vegna þessa.

### Óveðursskýin hrannast upp

En það eru ekki bara átök glæpahópa sem skapa óvissu um framtíð Kristjaníu. Stjórnvöld vilja koma skikki á húsnæðismál í hverfinu, rífa gömul og úr sér gengin hús og byggja ný í staðinn. Þessu eru íbúar Kristjaníu ekki mótfallnir en deilur standa hins vegar um eignarfyrirkomulag.

Heimamenn, sem eru sameignarfólk að upplagi, vilja hafa þann háttinn á áfram en stjórnvöld vilja að hús og íbúðir verði í eigu einstaklinga eins og gengur og gerist annars staðar í Danmörku. Og þau vilja enn fremur að íbúar Kristjaníu leggi fram kröfur um eignarhluta sína í öðrum húsum í hverfinu, og hafa gefið þeim frest til 1. júlí að skila þeim inn. Þessu hafna íbúarnir með öllu og er við búið að dómstólar verði að skera úr um þetta.

Mikilvægasti þátturinn í að Kristjanía fái að lifa er þó fólginn í stuðningi almennings við fríríkið, sem hefur verið mikill alla tíð. Vaxandi ofbeldi og glæpastarfsemi í Kristjaníu mun þó án efa grafa undan þessum stuðningi og létta þar með róðurinn fyrir þá sem vilja koma Kristjaníu fyrir kattarnef. ■


**BORGAR ÞÓR HEIMISSON OG TÍKIN MIRA** Kann því vel að búa í Kristjaníu og hefur ekki trú á að fríríkinu verði lokað.

# Kristjaníu verður ekki lokað úr þessu

Borgar Þór Heimisson er 34 ára gamall Húsvíkingur sem búið hefur í Kristjaníu undanfarin átta ár. Hann lætur vel af því að búa þarna en viðurkennir að morðið í síðustu viku og aðgerðir lögeglu í kjölfarið hafi fengið á íbúa fríríkisins.

„Fólk er sjokkerað yfir þessu og óttaslegið, en samt kom þetta ekki beint á óvart því menn hafa átt von á einhverju sem þessu,“ segir hann. Þar á hann við að íbúar Kristjaníu hafi varað lögregluna við afleiðingum þess að loka verslunum hasskaupmanna á Pusher Street. Og nú sé komið á daginn að verstu spár manna hafi ræst.

**Endalausar viðræður við stjórnvöld**

Borgar Þór segir íbúa Kristjaníu hins vegar ekki óttast það sérstaklega að þessi átök glæpahópa sem blossað hafa upp stofni framtíð fríríkisins í hættu.

Hann bendir á að meðan Kristjanía njóti almenns stuðnings meðal Dana verði erfitt fyrir yfirvöld að ganga hart fram í að knýja fram breytingar á búsetu þeirra sem búa þarna. Viðræður standi vissulega yfir við stjórnvöld um nauðsynlega uppbyggingu á svæðinu en þær gangi stirðlega og á meðan hafi stjórnvöld lagt blátt bann við öllum framkvæmdum.

„Fólk er orðið afar þreytt á þessum endalausu viðræðum við ríkisstjórnina og auðvitað hundóánægt að vera bannað að vinna að uppbyggingu og endurbótum á húsunum sínum,“ segir Borgar Þór.

**Ekkert á förum frá Kristjaníu**

Eignafyrirkomulag fasteigna í Kristjaníu hefur verið þyrnir í augum stjórnvalda. Öll hús í hverfinu eru í sameign íbúanna og þeir borga síðan ákveðið afnotagjald sem stjórn hverfisins ákveður. Borgar Þór greiðir til dæmis um 1.200 danskar krónur á mánuði í afnotagjald af því húsnæði sem hann býr í og peningarnir renna síðan í sameiginlegan sjóð sem sér um viðhald og greiðir borginni fyrir vatn og rafmagn.

Borgar Þór segist ekkert á förum frá Kristjaníu þrátt fyrir þá óvissu sem ríkir í hverfinu þessa dagana. „Það getur vel verið að það verði einhverjar breytingar á Kristjaníu í framtíðinni og íbúarnir gera sér grein fyrir því að breytinga er þörf. Ég hef hins vegar enga trú á að þessu verði lokað. Kristjanía er einfaldlega orðin of stór hluti af danskri sögu til þess að það gerist,“ segir hann.

- ssal


## Tölvunám eldri borgara

**Grunnur**

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Aldurstakmark 60 ára og eldri. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst. Þátttakendur læra að koma sér upp ókeypis tölvupóstfangi.

Kennsla hefst 9. maí og lýkur 30. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



**Framhald I**

30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Upprifjun
- Æfingar í Word ritvinnslu
- Leit og vinnsla á internetinu og meðferð tölvupósts.
- Excel kynning

Kennsla hefst 10. maí og lýkur 31. maí.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16.
Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



## HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

www.unak.is/fjarnam

Fyrir alla landsmenn

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Háskólanum á Akureyri í síma 460 8000 eða hjá viðkomandi fræðslu- eða símenntunarmiðstöð. Upplýsingar er einnig að finna á heimasíðu Háskólans á Akureyri, **www.unak.is**

**Háskólinn á Akureyri býður upp á fjarnám í samstarfi við Námsflokka Hafnarfjarðar og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um allt land. Í boði er nám í eftirfarandi fræðigreinum:**

- **Auðlindadeild (B.Sc.):** líftækni, sjávarútvegsfræði og fiskeldi, umhverfisfræði og orkumál
- **Kennaradeild (B.Ed.):** grunnskólafræði, leikskólafræði
- **Viðskiptadeild (B.Sc.):** viðskiptafræði




**Kynningarfundir um námið verða haldnir í gegnum fjarfundabúnað eins og hér segir:**

**2. maí - klukkan 17:30**
Sauðárkrókur, Skagaströnd, Blönduós, Siglufjörður , Ísafjörður, Patreksfjörður, Akranes, Borgarnes , Stykkishólmur, Grundarfjörður

**3. maí – klukkan 17:30**
Vestmannaeyjar, Hafnarfjörður, Egilsstaðir, Neskaupsstaður, Höfn, Vopnafjörður, Fáskrúðsfjörður, Djúpivogur, Hvammstangi

**4. maí – klukkan 17:30**
Selfoss, Hvolsvöllur, Vík, Húsavík, Raufarhöfn



Það sem ég er ánægðust með við námið í HA er hve persónulegt andrúmsloftið er. Námið er krefjandi, en kennararnir eru boðnir og búnir til að aðstoða mann þó maður búi í rúmlega 500 km fjarlægð. Ég neita því ekki að sjálfsnám er erfitt en vegna þess hve tengslin við kennara eru góð hafa nemendur mjög gott aðgengi að upplýsingum og fyrirspurnum er yfirleitt svarað samdægurs.

**Eyrún Harpa Hlynsdóttir frá Ísafirði,**
Auðlindadeild, líftækni



Helsti kosturinn við fjarnámið er að ég þurfti ekki að yfirgefa heimslóðir til að mennta mig. Það er mjög mikill kostur fyrir fjölskyldufólk t.a.m. vegna barna og fleira. Að mennta sig samhliða vinnu gefur líka möguleika á að þróa sig í starfi. Frábært að geta notað strax þær aðferðir sem kenndar eru í þeim störfum sem maður vinnur við.

**Arnar Páll Guðmundsson frá Egilsstöðum**
Viðskiptadeild, stjórnun




# AÐKOMA AÐ BSÍ AÐEINS MÖGULEG FRÁ NJARÐARGÖTU

## 2. - 31. maí 2005




**Aðkoma að BSÍ verður aðeins möguleg frá Njarðargötu** dagana 2. - 31. maí 2005. Aðkomu að BSÍ frá Bústaðavegi verður lokað á sama tíma.

Beðist er velvirðingar á óþægindum vegna þessara framkvæmda. Tekið er við ábendingum um það sem betur má fara við framkvæmdina í síma **563 2510**. Nánari upplýsingar á **www.rvk.is/fs**

Reykjavíkurborg
Framkvæmdasvið
VEGAGERÐIN

ENNEMM / SÍA / NM16008




# SMS-GÁTAN:

## Hvað veist þú um Eið Smára Guðjohnsen?




Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

**Leystu gátuna:** Þú gætir unnið plötu Mariah Carey, The Emancipation of Mimi.

**Með hvaða liði spilaði Eiður Smári áður en hann fór til Chelsea?**
r) Tottenham s) Bolton b) Stoke

**Hvað hefur Eiður Smári skorað mörg mörk á Englandi?**
a) 50 i) 100 o)150

**Með hvaða liði hóf Eiður atvinnumannaferil sinn?**
g) PSV Eindhoven s) Lokeren l) Feyenoord

**Hverjir eru andstæðingar Chelsea í undanúrslitum Meistaradeildarinnar?**
ó) Juventus t) AC Milan u) Liverpool

**Með hvaða liði spilaði Arnór, faðir Eiðs, við góðan orðstír?**
i) Glasgow Rangers n) Stuttgart r) Anderlecht

**Vinningshafar í SMS-leik síðustu viku voru:**
Unnur Einarsson, Helgi Þorvaldsson, Eva Ólafsdóttir, Ingibjörg Magnúsdóttir

aSMS skeytið kostar 99 krónur.

# Saga af... þingmönnum

Nú hef ég leitað fanga í einni bóka Gísla Hjartarsonar á Ísafirði, en hann hefur skrifað margar bækur um vestfirskar þjóðsögur. Saga Gísla er svona:

Í tíð ríkisstjórnar Alþýðuflokks og Sjáflstæðisflokks sem sat við völd 1991-95 var kempan Matthías Bjarnason formaður sjávarútvegsnefndar. Varaformaður hans var Össur Skarphéðinsson. Fór vel á með þeim Vestfirðingunum.

Eitt sinn í þorskbrestinum sem þá gekk yfir fór nefndin vestur á Ísafjörð að ræða bága afkomu við forystumenn í sjávarútvegi. Þeir félagarnir komu meðal annars í frystihús Frosta hf. í Súðavík, en Kofri ÍS 41 var einmitt gerður út af Frosta þegar Össur tók út af honum nærri drukknaður, eins og fyrr er lýst. (Í annarri sögu í bókinni er sagt frá lífsháska sem Össur lenti í 17 ára gamall um borð í Kofra.)

Í kaffistofunni rifjuðu Súðvíkingar upp söguna og minntust þess að Össur var svo þrekaður orðinn í sjónum, að klofstígvélin höfðu runnið af fótum hans niður í djúpið. Össur bætti því við söguna, að þegar hann hefði góðfúslega farið þess á leit við útgerðina að hún keypti handa honum ný stígvél, þá hefðu menn snúið sér undan í forundran yfir frekjunni í þessum reykvíska unglingi.

Matthías varð hneykslaður og sagði að nú skyldu forvígismenn Frosta fá að punga út fyrir glötuð stígvél hins upprennandi krataforingja. Þegar leið á daginn hvarf Matthías á fund Ingimars Halldórssonar framkvæmdastjóra Frosta. Kom hann nokkru síðar með koníaksflöskur sem hann lagði í kjöltu Össurar og kvaðst hafa heimt af Frosta hf. sem síðbúna greiðslu fyrir klofstígvélin. Össur gladdist enda var Alþýðuflokkurinn ekki bindindisheyfing þá fremur en aðra daga.

Brá svo við að óveður gerði, svo að sjávarútvegsnefndin tepptist og komst ekki suður og gisti á Hótel Ísafirði. Össur kvaðst þá að hætti sannra jafnaðarmanna vilja deila koníakinu jafnt með trúuðum íhaldsmönnum sem vantrúuðum kommúnistum úr nefndinni og dró tappa úr flösku. Varð þetta til að gleðskapur hófst sem stóð undir morgun og olli nokkurri truflun á svefni annarra gesta.

Matti Bjarna stundi upp úr sér undir morgun þegar hann staulaðist til hvílu:

Ég hef aldrei vitað menn drekka svo innilega í minningu gamalla stígvéla.

Svo bætti hann við um leið og hann gekk úr salnum:

Þið megið þakka fyrir að Össur tapaði ekki buxunum líka.



**NÝJAR ÍSLENSKAR ÞJÓÐSÖGUR**
*með Sigurjóni*

SIGURJÓN M. EGILSSON sigurjon@frettabladid.is

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

## NR. 5

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | 18 | 14 | 2 | 8 | ■ | 11 | 3 | 10 | 2 | 19 | 21 | 25 | 14 | ■ |
| 28 | ■ | 15 | ■ | 23 | ■ | 8 | ■ | 19 | ■ | 14 | ■ | 31 | ■ | 27 |
| 2 | 25 | 22 | 22 | 8 | ■ | 14 | 19 | 20 | 29 | 20 | 13 | 31 | 25 | 14 |
| 19 | ■ | 19 | ■ | 14 | 1 | 21 | ■ | 4 | ■ | 2 | ■ | 25 | ■ | 29 |
| 24 | 3 | 13 | 13 | ■ | ■ | 8 | 10 | 8 | 14 | ■ | 19 | 14 | 4 | 8 |
| 24 | ■ | 24 | ■ | 14 | 30 | 13 | 8 | ■ | 8 | ■ | 20 | ■ | ■ | ■ |
| 8 | 25 | 21 | 13 | 8 | ■ | ■ | 24 | ■ | 25 | 14 | 14 | 8 | 29 | 20 |
| 29 | ■ | 25 | ■ | 24 | 17 | 4 | 4 | 20 | 13 | 8 | ■ | 25 | ■ | 13 |
| 20 | 29 | 14 | 8 | 24 | 4 | ■ | 13 | ■ | ■ | 25 U | 14 R | 29 Ð | 20 I | 13 N |
| ■ | ■ | ■ | 10 | ■ | 2 | ■ | 8 | 2 | 2 | 24 | ■ | 13 | ■ | 26 |
| 6 | 15 | 10 | 8 | ■ | 8 | 25 | 29 | 20 | ■ | ■ | 10 | 25 | 22 | 20 |
| 32 | ■ | 8 | ■ | 18 | ■ | 13 | ■ | 13 | 7 | 10 | ■ | 24 | ■ | 29 |
| 2 | 8 | 5 | 8 | 31 | 19 | 13 | 31 | 9 | ■ | 12 | 8 | 23 | 2 | 20 |
| 8 | ■ | 8 | ■ | 17 | ■ | 20 | ■ | 16 | ■ | 7 | ■ | 32 | ■ | 14 |
| ■ | 21 | 14 | 32 | 4 | 8 | 29 | 20 | 14 | ■ | 14 | 16 | 14 | 20 | ■ |

A Á B Ð D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 5 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er U til dæmis í reit merktum 25 og fer þá U í alla aðra reiti með því númeri. R er í reit númer 14 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 14 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 11-8-10-6-3-14 (í þessari röð).*

**Lausnarorð**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 11 | 8 | 10 | 6 | 3 | 14 |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

**Lausn nr. 3**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | Þ | A | R | I | ■ | S | Ý | N | I | L | E | G | T | ■ |
| F | ■ | U | ■ | N | ■ | A | ■ | A | ■ | Æ | ■ | Á | ■ | J |
| R | Æ | Ð | A | N | ■ | U | P | P | S | T | Y | T | T | A |
| Á | ■ | V | ■ | A | U | Ð | ■ | U | ■ | I | ■ | U | ■ | X |
| S | K | E | L | ■ | ■ | U | R | R | A | ■ | Þ | R | Æ | L |
| A | ■ | L | ■ | T | Ó | R | A | ■ | B | ■ | A | ■ | ■ | ■ |
| G | A | D | D | A | ■ | ■ | F | ■ | B | A | K | T | A | L |
| A | ■ | U | ■ | K | J | A | R | V | A | L | ■ | Í | ■ | E |
| N | O | R | S | K | A | ■ | Æ | ■ | ■ | D | A | Ð | U | R |
| ■ | ■ | ■ | É | ■ | P | ■ | N | E | M | A | ■ | A | ■ | K |
| H | Ö | R | Ð | ■ | L | **Ó** | N | I | ■ | ■ | O | R | K | A |
| Ú | ■ | E | ■ | M | ■ | **L** | ■ | G | O | S | ■ | A | ■ | Ð |
| M | E | N | N | I | N | **G** | I | N | ■ | V | I | N | N | U |
| A | ■ | N | ■ | L | ■ | **A** | ■ | I | ■ | I | ■ | D | ■ | R |
| ■ | P | A | N | T | A | **N** | I | R | ■ | F | R | I | Ð | ■ |






**Leystu krossgátuna!** Þú gætir unnið Idol pakka með stjörnunum Kalla Bjarna, Jón Sigurðssyni, Ruben Studdard og Clay Aiken.

**Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var:**
Hólmfríður Einarsdóttir

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.59 | 13.25 | 21.52 |
| AKUREYRI | 4.32 | 13.09 | 21.50 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

*Góðan dag!*

**Í dag er sunnudagur 1. maí, 121. dagur ársins 2005.**

**STÖRF Í BOÐI**

Framkvæmdastjóri
Grunnskólakennari
Járnsmiður/málmiðnaðarmaður
Geislafræðingur
Starfsfólk í uppvask
Herbergisþernur
Starfsfólk í ræstingar
Markaðsstjóri
Aðstoðamaður
Kennarar
Móttaka
Kerfisfræðingur
Sala í verslun
Sjúkraliðar
Hjúkrunarnemar

**SMÁAUGLÝSINGAR**
*byrja í dag á bls. 22*

**FLOKKAR & FJÖLDI**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGUNA Á **visir.is** HÚN BIRTIST Í FRÉTTABLAÐINU OG VÍSI AÐEINS 995 KRÓNUR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á **visir.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/GUN.



Lilju finnst gaman að þjóna til borðs og gæti vel hugsað sér að gera það að framtíðarstarfi.

# Góður matur fyllir fólk gleði

***Hún þjónar til borðs á ítalska veitingastaðnum La Vita e'Bella langt fram á kvöld og er svo mætt til sama starfs á Bautanum morguninn eftir. Stúlkan heitir Lilja Sigurðardóttir og býr á Akureyri.***

„Ég er aðallega að vinna á La Vita e'Bella. Byrja þar klukkan 17 og er fram til 23-24 en svo tek ég oft vaktir á Bautanum líka þegar þarf," segir Lilja og brosir fallega. Þessir tveir staðir eru í sama húsi í miðbæ Akureyrar eins og margir kannast við og í höndum sömu eigenda.

Lilja kveðst vera ekta Akureyringur. Hún lauk stúdentsprófi fyrir jólin og stefnir á frekara nám en fékk sér vinnu í veitingageiranum um sinn og kveðst afar ánægð. „Þetta hentar mér mjög vel. Mér finnst frábært að vinna svona á kvöldin og eiga oft frí fram eftir dögum. Þá getur maður notað tímann til að spóka sig í sólinni hér á Akureyri," segir hún glettnislega. Bendir á að ekki þurfi hún að missa af skemmtanalífinu heldur því það byrji hvort sem er ekki fyrr en eftir miðnætti. „Svo er þetta bara rosalega skemmtilegt starf," bætir hún við. „Maður kynnist mörgum því hingað kemur auðvitað fjöldi fólks. Það er líka dásamlegt að sjá hverju góður matur fær áorkað. Fólk kemur kannski inn alvarlegt í bragði og þreytt og svo þegar er það byrjað að borða gerbreytist yfirbragðið. Þess vegna fylgir þessu starfi svo mikil gleði. Ég gæti vel hugsað mér að læra til þjóns í framtíðinni."

*gun@frettabladid.is*

## Engan skrifstofurómans, takk!

BANDARÍSKA VERSLANAKEÐJAN WAL-MART Á ERFITT MEÐ AÐ FÓTA SIG Í ÞÝSKALANDI.



Nýjar siðareglur fyrir starfsmenn fara illa í Þjóðverjana og fyrirtækið lendir ítrekað upp á kant við stéttarfélag verslunarmanna þar í landi.
Í aprílhefti Business Week er umfjöllun um stöðu fyrirtækisins í Þýskalandi og tínd til nokkur atriði sem vekja óánægju starfsmanna. Eitt þeirra er bann gegn ástarsamböndum yfir- og undirmanna sem þýsku starfsmennirnir túlka sem hömlur á eðlilega skrifstofurómantík. Í reglum Wal-Mart eru starfsmenn einnig hvattir til að tilkynna yfirmönnum um óæskilega hegðan samstarfsmanna en Þjóðverjum finnst slík klöguskjóðuhegðan heldur aumleg. Wal-Mart er stærsta verslanakeðja heims með ársveltu upp á 285 milljarða dollara, rúmlega 17.100 milljarða íslenskra króna, en fyrirtækið er þekkt fyrir að ganga á rétt starfsmanna sinna um allan heim.

## LIGGUR Í LOFTINU *í atvinnu*

**Nýr kjarasamningur** starfsmanna hjá Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem greidd hafa verið atkvæði um síðustu daga, hefur verið samþykktur af félagsmönnum SFR. Þátttaka í atkvæðagreiðslunni var um 87% en alls greiddu 100 atkvæði um samninginn af 115 sem voru á kjörskrá. Já sögðu 60 en nei sögðu 40. Fyrri samningur var felldur í atkvæðagreiðslu starfsmanna í mars síðastliðnum og var þá gengið til viðræðna að nýju, sem leiddu til breytinga á samningnum sem nú hafa verið samþykktar. Þetta kemur fram á vefnum sfr.is.



**Einn réttur - ekkert svindl** er yfirskrift 1. maí í ár og vísar það til átaks verkalýðshreyfingarinnar gegn undirboðum á vinnumarkaði og svartri atvinnustarfsemi með erlendu verkafólki. Þessu átaki verður hleypt af stokkunum 2. maí. Haldið verður upp á alþjóðlegan baráttudag verkafólks í dag, 1. maí, með hefðbundnum hætti og mun VR samkvæmt venju bjóða félagsmönnum sínum í kaffi og meðlæti á Broadway að útifundi loknum.

Félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, flutti ræðu um fjölskyldustefnu á Íslandi og lögin um fæðingarorlof á ráðstefnu í Berlín á dögunum. Á fundinum vöktu íslensku fæðingarorlofslögin sérstaka athygli, hið háa hlutfall karla sem tekur fæðingarorlof og öflug þátttaka kvenna í atvinnulífinu, sem er ein sú hæsta í Evrópu (80%). Í Þýskalandi er atvinnuþátttaka kvenna lág (65%), aðgangur að barnagæslu er mjög takmarkaður og karlar taka fæðingarorlof í litlum mæli.

*atvinna@frettabladid.is*

## MÓTTAKA OG SALA Í VERSLUN

Viltu leggja okkur lið?

Við leitum að dugmiklum einstaklingi til móttöku og afgreiðslu í verslun okkar. Óskað er eftir að viðkomandi búi yfir hæfileikum til að kynna og selja sérhæfðar vörur og hafi góða tungumálakunnáttu og þjónustulund.

**Starfssvið**
- Móttaka, símvarsla og afgreiðsla.
- Kynning og sala í verslun.
- Erlend samskipti og önnur tilfallandi verkefni.

**Eiginleikar, menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf.
- Framúrskarandi hæfileikar til sölu- og afgreiðslustarfa.
- Gott vald á íslensku og ensku, og jafnvel dönsku eða þýsku.
- Jákvætt viðmót og öguð vinnubrögð.
- Reykir ekki.

Nánari upplýsingar eru veittar á vefsetri Eirbergs, www.eirberg.is, þaðan sem senda má umsókn og stutta ferilskrá.

Umsóknarfrestur er til 10. maí.

**Eirberg ehf.** er innflutnings- og þjónustufyrirtæki. Fyrirtækið hefur á að skipa fagmenntuðu starfsfólki sem leggur metnað sinn í að veita sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, fagfólki og einstaklingum faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu.

Í verslun Eirbergs að Stórhöfða 25 eru seldar vandaðar heilbrigðisvörur, hjúkrunar- og dagrekstrarvörur, hjúkrunar- og heilsurúm, vinnuhollustuvörur, hjálpartæki og vörur sem auðvelda fólki daglegt líf. Í versluninni eru einnig leigðir út hjólastólar og göngugrindur og veitt ráðgjöf varðandi notkun hjálpartækja.

Eirberg leggur áherslu á að hver starfsmaður fái að njóta sín í starfi og hafi svigrúm til að ná settum markmiðum í góðum hópi. Stefna fyrirtækisins er að hafa traust starfsfólk sem nái framúrskarandi árangri og sýni viðskiptavinum virðingu og trúnað.

Eirberg

Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • Sími 569 3100 • Fax 569 3101 • eirberg@eirberg.is • www.eirberg.is

FROST

Kælismiðjan Frost ehf.

## Þjónustumenn í Garðabæ.

Kælismiðjan FROST ehf. óskar eftir að ráða þjónustumenn til bæði framtíðarstarfa og sumarafleysinga.

**Æskilegt er að umsækjendur:**
- hafi reynslu af vinnu við kælikerfi,
- 2.-3. stig vélstjórnar eða vélfræðimenntun,
- séu reglusamir,
- hafi góða þjónustulund,
- geti unnið sjálfstætt.

Starf þjónustumanna er mjög fjölbreytt og felst m.a. í uppsetningu nýrra kælikerfa og breytingum ásamt viðbótum á eldri kerfum, reglubundinni þjónustu, fjargæslu, og upptektum á kerfishlutum.

Kælismiðjan FROST ehf. rekur tvær starfsstöðvar; höfuðstöðvar á Akureyri og útibú í Garðabæ.

Áhugasamir sendi upplýsingar um menntun, starfsreynslu og fjölskylduhagi til:

Kælismiðjan FROST ehf.
Fjölnisgötu 4B
603 Akureyri
bt. Framkvæmdastjóra

eða á tölvupósti á frost@frost.is merkt "Starfsumsókn"

eða hafi samband í síma 461-1700 / 894-4721.

frost@frost.is * www.frost.is



**Talað við yfirmanninn**
Besti tíminn til að spjalla við yfirmanninn um mikilvæg mál er utan annatíma svo hann hafi örugglega góðan tíma til að hlusta á þig. Þá liggur honum ekki á og þið hafið góðan tíma til að fara yfir málin.

# Efling eflist og félagsmönnum fjölgar

***Á aðalfundi voru ýmis mál samþykkt sem munu stórbæta réttindi félagsmanna.***



Sigurður Bessason er formaður Eflingar.

Á aðalfundi Eflingar stéttarfélags kom fram að félagsmönnum hefur fjölgað um 1.300 á liðnu starfsári og voru um 18.300 um síðustu áramót. Merkustu breytingar í starfi félagsins eru á sjúkrasjóði, þar sem félagsmenn fá nú tekjutengdar greiðslur úr sjóðnum í fyrsta sinn, en góð afkoma sjóðsins og uppbygging hans á undanförnum árum gerir þetta kleift.

Á fundinum voru samþykktar breytingar á reglum sjúkrasjóðs félagsins sem munu stórbæta réttindi félagsmanna. Tekin verður upp tekjutenging bóta, sem getur þýtt allt að 250 þúsund króna mánaðargreiðslur ef veikindi eða slys ber að höndum.

Aðalfundurinn samþykkti einnig nýja reglugerð fræðslusjóðs sem eykur réttindi félagsmanna til almennrar menntunar og möguleika á öðru tækifæri til náms.

Í nýrri Gallup-könnun kemur fram að drjúgur meirihluti félagsmanna telji Eflingu standa sig frekar eða mjög vel í störfum sínum. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rósa Guðný er bjartsýn á að allir stúdentar fái vinnu í sumar.

# Atvinnuhorfur stúdenta góðar í sumar

***Þrjú hundruð manns eru á skrá en tölurnar breytast frá degi til dags. Vinnumiðlun stúdenta rekur gagnvirkan vef fyrir þá sem eru í atvinnuleit.***

„Venjulega kemur þetta þó ekki í ljós fyrr en aðeins lengra líður á vorið,“ segir Rósa Guðný Þórsdóttir, verkefnisstjóri Vinnumiðstöðvar stúdenta. „Núna eru um þrjú hundruð manns á skrá en það verður að hafa í huga að vinnumiðstöð stúdenta er alvöru atvinnumiðlun, fólk þarf að fylla út mjög ítarlegt umsóknareyðublað og það er ekki tekið eftir röð. Þetta fólk er líka að leita sér að vinnu annars staðar og tölurnar breytast frá degi til dags.“

Vinnustöð stúdenta tók í notkun nýjan gagnvirkan vef, studentamidlun.is, í febrúar síðastliðnum og þar hafa sjö hundruð manns verið skráð frá upphafi.

„Stúdentar byrja snemma að skrá sig fyrir sumarstörfum, en í heildina held ég að horfur séu góðar fyrir sumarið,“ segir Rósa. „Nú eru fleiri störf í boði en á sama tíma í fyrra, en hvort það er nýi vefurinn sem hefur svona mikið aðdráttarafl eða hvort eftirspurn er einfaldlega meiri veit ég ekki. Atvinnurekendur eru mjög duglegir að sækja sér vinnukraft til okkar og dæmi eru um að 60 manns hafi sótt um sama starfið þannig að oft er úr stórum og góðum hópi að velja. Þetta er líka fólk sem stendur sig yfirleitt mjög vel í vinnu.“

Prófum í Háskólanum lýkur upp úr miðjum maí, en nú þegar er búið að ráða fullt af fólki fyrir sumarið.

„Við eigum erfiðara með að sjá nákvæma tölu ráðninga eftir að ferlið fór í þann farveg að fyrirtækin geta þjónustað sig sjálf gegnum vefinn. Venjulega heyrum við þó ef illa gengur, en það höfum við ekki heyrt ennþá.“

Rósa Guðný segir að vinsælustu störfin séu skrifstofustörf af ýmsu tagi. „Í fyrra voru til dæmis þeir sem gátu leyst af í bókhaldi uppurnir á skrá hjá okkur í júní, því það starf krefst einmitt sérþekkingar. Það skiptir auðvitað gríðarlegu máli fyrir nemendur að fá að spreyta sig úti í atvinnulífinu og úrvalið af störfum hefur verið gott og hleypur yfir allan skalann,“ segir Rósa Guðný Þórsdóttir. ■

## Starfsmenn MG Rover í vanda

ÞEIR SEM VINNA ERLENDIS HAFA TAPAÐ STÓRFÉ Á DVÖLINNI.




Rúmlega tvær vikur eru síðan stórveldið MG Rover hrundi og eru eftirköstin hræðileg fyrir starfsmenn.

Ellefu af starfsmönnum bílafyrirtækisins MG Rover sem vinna erlendis bíða enn eftir að komast aftur til Bretlands þó að rúmlega tvær vikur séu síðan fyrirtækið varð gjaldþrota.

Starfsmennirnir störfuðu við að kaupa inn varahluti frá fyrirtækjum í Kína, Indlandi, Suður-Afríku og Suður-Kóreu og segjast þeir hafa tapað þúsundum punda, ekki fengið í hendur flugmiða heim og þeir séu búnir að selja húsin sín í Bretlandi.

Ríkisstjórn Bretlands tilkynnti á fimmtudaginn að hún ætlaði að hjálpa öllum starfsmönnum að komast heim fyrir lok vikunnar.

En starfsmennirnir verða fyrir sífelldri áreitni frá þeim fyrirtækjum sem MG Rover skuldar pening. Þeir hafa enn fremur ekki fengið skólavist barna sinna og lækniskostnað greiddan eins og lofað var og því tapað stórfé á dvölinni erlendis. ■

# Starfsþjálfun í EFTA

***Gott tækifæri til að öðlast reynslu í alþjóðasamskiptum.***




Aðildarlönd EFTA eru Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss.

Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, bjóða upp á starfsþjálfun fyrir ríkisborgara aðildarríkjanna en þau eru Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss. Námskeiðin standa yfir annars vegar frá 1. mars til 31. júlí og hins vegar frá 1. september til 28. febrúar ár hvert. Allt að níu starfsnemar eru valdir úr hópi umsækjenda en markmiðið með starfsþjálfuninni er að veita umsækjendum tækifæri til að kynnast starfsemi og hlutverki EFTA. Nemarnir verða að vera starfandi í Genf, Brussel eða Lúxemborg.

Með störfum sérfræðinga á vettvangi EFTA gefst Íslendingum kostur á að byggja upp þekkingu á málefnum EFTA og öðlast reynslu í alþjóðasamskiptum. Umsóknarfrestur rennur út 15. maí fyrir tímabilið sem hefst 1. september en 15. nóvember fyrir tímabilið sem hefst 1. mars. Allar nánari upplýsingar má nálgast á vefslóðinni www.efta.int og á www.stiklur.is ■




Mynd frá kröfugöngu á fyrsta maí árið 2003.

# Þegar alþýðan sletti úr klaufunum

***Í dag er alþjóðlegur frídagur verkalýðsins og er haldið upp á hann um allan heim. Fyrsta kröfugangan hérlendis var farin árið 1923.***

Fyrsti maí hefur verið tengdur alþýðu og verkalýð frá öröfi alda. Valborgarmessu ber upp á þennan dag en þá var til siðs að alþýðan fagnaði sumri og sletti aðeins úr klaufunum. Slík hátíðahöld eru talin leifar frá heiðnum tímum þar sem veiðigyðjan Díana og félagi hennar, hinn hyrndi guð Herne, voru dýrkuð sem frjósemistákn fyrir akra og uppskeru.

Fyrstu göngur til að krefjast bætts aðbúnaðar verkamanna voru farnar árið 1890 en ári áður hafði Alþjóðasamband sósíalista samþykkt fyrsta maí sem alþjóðlegan baráttudag á fundi í París. Fyrsta kröfugangan á Íslandi var farin í Reykjavík árið 1923. Menn gengu þar með kröfuspjöld með áletrunum eins og „Enga næturvinnu – nóga dagvinnu“ og „Algert bann á áfengi“. Þessar göngur voru lengst af mjög alvarlegar og málefnin þung.

Í seinni tíð hefur umræða skotið upp kollinum um hvort afnema eigi frídaginn fyrsta maí sem slíkan en hafa frídag verkamanna fyrsta mánudag í maí í staðinn, ekki ósvipað því sem gerist með frídag verslunarmanna í ágúst. Sumir telja að þannig frí myndi gagnast verkalýðnum betur á meðan öðrum finnst þá lítið gefast fyrir daginn sjálfan og merkingu hans fyrir verkamenn. Fyrsta maí tíðkast að flagga rauðum fána til heiðurs píslarvottum verkalýðsins sem úthellt hafa blóði sínu fyrir réttindi starfsbræðra sinna.

Í kaþólskum sið hefur fyrsti maí síðan 1955 verið helgaður Jósef verkamanni og trésmið, föður Jesú. ■

## Mesta atvinnuleysi í fimm ár

ATVINNULEYSI Í FRAKKLANDI JÓKST UM 0,1 PRÓSENT Í MARSMÁNUÐI OG FÓR UPP Í 10,2 PRÓSENT.

Þetta er mesta atvinnuleysi sem mælst hefur í landinu í fimm ár, eða síðan í desember árið 1999. Þetta þýðir að 2,8 milljónir manna eru atvinnulausar í landinu.

Margir þættir spila inn í versnandi efnahagsástand í Frakklandi, eins og hátt olíuverð. Margar stéttir, svo sem vínræktendur og sjómenn, hafa farið í verkfall í landinu vegna atvinnuleysis.

Ekki lítur út fyrir að atvinnuástand fari batnandi í Frakklandi eins og kemur fram á fréttasíðu BBC, bbc.co.uk, og er búist við að tala atvinnulausra hækki þegar líða fer á árið. ■

HÚSGAGNAHÖLLIN

# SÖLUFULLTRÚI

**Húsgagnahöllin er ört vaxandi fyrirtæki og spennandi tímar eru framundan. Við óskum þess vegna eftir líflegu sölufólki til starfa.**

Um er að ræða skemmtilegt framtíðarstarf í góðum hóp og lifandi umhverfi. Við leitum að drífandi og duglegum einstaklingi, sem hefur reynslu af sölustörfum, ríka þjónustulund og þægilega framkomu.

Nánari upplýsingar gefur Birgir Örn Friðjónsson rekstrarstjóri Húsgagnahallarinnar (netfang: birgir@husgagnahollin.is)

**Umsóknarfrestur er til 8. maí**
Umsóknir sendist á birgir@husgagnahollin.is eða Húsgagnahöllin, bt Birgir Örn Friðjónsson, Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík.

*Húsgagnahöllin er leiðandi á sínu sviði og býður upp á mjög fjölbreytt úrval húsgagna og smávöru, frá Evrópu og Bandaríkjunum. Það fólk sem við ráðum til starfa þarf að vera jákvætt og eiga mjög gott með að vinna með öðrum.*
www.husgagnahollin.is

# Bókhald

EIK FASTEIGNAFÉLAG

**Eik fasteignafélag óskar eftir að ráða bókara til starfa sem fyrst.**

Starfið felst í merkingum, færslum og afstemmingum bókhalds.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- Reynsla af vinnu við bókhald skilyrði
- Færni í excel og þekking á **Axapta** upplýsingakerfi kostur
- Talnagleggni, nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

**Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) og Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 8. maí nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.**

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

# Framleiðsla
## Lyfjatæknir

Lyf & heilsa

486787

Lyf og heilsa óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðsludeild. Í starfinu felst m.a. vigtun efna, blöndun, samsetning og annað sem tilheyrir starfinu. Vinnutími er frá kl. 8:00-16:30 virka daga. Klukkutími í mat.

Lyfjatæknimenntun æskileg en ekki skilyrði. Viðkomandi þarf að vera jákvæður, vinnusamur, nákvæmur, taka vel tilsögn, stundvís og geta unnið vel í hópstarfi. Yngri en 18 ára koma ekki til greina og er æskilegt að viðkomandi sé reyklaus..

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is ATVINNUMIÐLUN

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Áslandsskóli

# Starfsfólk vantar

til starfa við Áslandsskóla í Hafnarfirði fyrir skólaárið 2005-2006 í eftirtalin störf:

**Sérkennara með fagstjórn í sérkennslu**
**Íslensku í unglingadeild**
**Almenna kennslu með dönsku sem valfag**
**Almenn kennsla í miðdeild**

Skólastefna Áslandsskóla byggir á fjórum hornstoðum: Að vinna með allar dygðir, hnattrænan skilning, þjónustu við samfélagið og gera allt framúrskarandi vel. Skólinn leggur mikla áherslu á lífsleikni og þar er unnið út frá skólaheitinu: Ýég heiti því að koma fram við aðra eins og ég vil að aðrir komi fram við mig. Ég vil leggja mig fram um að bera virðingu fyrir sjálfum/sjálfri mér og öðrum.

Allar upplýsingar um störfin veitir Leifur S. Garðarsson, skólastjóri í síma 585 4600, leifur@aslandsskoli.is.
Umsóknarfrestur er til 6. maí.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Laus staða deildarstjóra við leiksskólann Hliðarenda**

Hlíðarendi
(s. 555 1440, hlidarendi@hafnarfjordur.is)

Við leikskólann Hlíðarenda er laus til umsóknar staða deildastjóra á deild fyrir börn á aldrinum eins til þriggja ára. Viðkomandi þarf að getað hafið störf 1. júní n.k. eða eftir nánara samkomulagi. Helstu áhersluþættir í leikskólanum eru: Hreyfing og umhverfismennt

Allar upplýsingar veitir Oddfríður Steindórsdóttir leiksskólastjóri.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Prenttæknistofnun

Hallveigarstíg 1, sími: 590 6400, Fax: 590 6401, netfang: pts@pts.is, www.pts.is

*Eigendur Prenttæknistofnunar eru Félag bókagerðarmanna og Samtök iðnaðarins.*

# FRÆÐSLU- OG FRAMKVÆMDASTJÓRI PRENTTÆKNISTOFNUNAR

Fræðslu- og framkvæmdastjóri ber ábyrgð á rekstri og starfsemi Prenttæknistofnunar, sem hefur það meginhlutverk að þjóna prentiðnaði varðandi menntunarmál, hvort heldur er á sviði sí- og endurmenntunar eða grunnmenntunar. Prenttæknistofnun er fræðsludeild prentiðnaðarins og vinnur náið með þeim aðilum sem bera ábyrgð á starfshæfni í greininni.

**Helstu verkefni á sviði fræðslumála:**
- Greinir þarfir prentiðnaðarins fyrir þekkingu og færni með því að fylgjast vel með því sem er að gerast í greininni hér heima og erlendis
- Vinnur að uppfyllingu þarfa prentiðnaðarins fyrir sí- og endurmenntun í samstarfi við lykilfólk innan prentiðnaðarins, innlendar og erlendar menntastofnanir og systurfélög
- Skipuleggur fræðslustarfið, þróar námstilboð vor og haust ár hvert og annast markaðssetningu og framkvæmd þess
- Annast ráðgjöf til prentiðnaðarins varðandi kennslufræðilegan þátt sí- og endurmenntunar
- Stuðlar að bættri grunnmenntun í bókiðngreinum með námskeiðum fyrir kennara, námsefnisgerð, eftirliti og öðrum skyldum verkefnum samkvæmt nánara samkomulagi við yfirvöld menntamála

**Helstu verkefni daglegs reksturs:**
- Fjármálastjórnun
- Samstarf við fræðslumiðstöðvar iðnaðarins
- Sinnir verkefnum á vegum Starfsgreinaráðs í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum
- Ritstýrir útgáfu fréttabréfsins „Hin svarta list" og vefsetrinu www.pts.is

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Menntun á sviði upplýsinga- eða fjölmiðlagreina og/eða háskólamenntun
- Menntun í kennslufræði og/eða reynsla af kennslu æskileg
- Þekking á prent- og upplýsingaiðnaði æskileg

Við leitum að einstaklingi sem hefur framúrskarandi samskiptafærni, er sjálfstæður í vinnubrögðum, hefur frumkvæði til þess að fara nýjar leiðir og hæfileika til að selja hugmyndir sínar. Viðkomandi verður að geta tjáð sig auðveldlega í ræðu og riti jafnt á íslensku sem ensku og vera fær um að byggja upp traust tengslanet innanlands og utan.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 10. maí nk.
Númer starfs er 4479.

**Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson • Netfang: thorir@hagvangur.is**

HAGVANGUR

ODDI HÖNNUN M1616

## Hungry for something different?



Radisson SAS hótelin eru hluti af Rezidor SAS hótelkeðjunni sem rekur 140 hótel í 39 löndum í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku. Nú stendur yfir uppbygging 27 nýrra hótela. Radisson SAS er fyrsta flokks hótelkeðja sem er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu við gesti sína og einstaka þjónustulund starfsmanna. Frekari upplýsingar má nálgast á www.radissonsas.com

Radisson SAS 1919 hótel býður alla hefðbundna hótel þjónustu og að auki öðruvísi upplifun. Það kemur til með að skapa sér sérstöðu meðal hótela í Reykjavík en í því verða 70 mjög smekklega hönnuð herbergi sem eru allt frá venjulegum eins manns herbergjum upp í glæsilegar svítur. Fyrir fólk í viðskiptaerindum verður fundaraðstaða fyrir allt að 18 fundarmenn. Á hótelinu verður nútímalegur veitingastaður og bar í anddyrinu, þar sem njóta má stemningar miðborgarinnar.

Ef þig langar að taka þátt í að byggja upp nýtt og ferskt hótel og uppfylla væntingar gesta okkar, þá ertu velkominn í hópinn.

**Við getum lofað því að þú verður reynslunni ríkari en einnig getum við lofað skemmtilegri og gefandi vinnu. Hefurðu áhuga?? Ef svo er, þá reiknum við með því að þú sért:**

- **Þjónustulundaður**
- **Sveigjanlegur og orkumikill**
- **Eigir gott með að vinna í hóp**
- **Sjálfstæður**
- **... og brosmildur!!**

**Eftirfarandi störf eru í boði:**

- **Starfsfólk í uppvask**
- **Herbergisþernur**
- **Starfsfólk í ræstingar**
- **Aðstoðamaður við ýmis störf innanhúss**

**Við erum að leita að fólki í bæði hlutastarf og fullt starf!**

Senda skal inn umsóknir og ferilskrár á Ensku fyrir 06.05.2005.
E-mail: aleksandra.babik@radissonsas.com

**Radisson SAS 1919 Hotel**
c/o Terra Nova Stangarhyl 3A, 110 Reykjavík
Tel: 599 1000, Fax: 599 1001

**1919.reykjavik.radissonsas.com**

Radisson SAS HOTELS & RESORTS

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

## Hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og hjúkrunarnemar

**óskast í fastar stöður og til sumarafleysinga á eftirfarandi deildir á öldrunarsviði:**

- Hjúkrunar- og hvíldarinnlagnadeild K-2 Landakoti sem er deild fyrir aldraða sem bíða eftir langtímaúrræðum á öldrunarstofnunum og aldraða sem búa í heimahúsum og þarfnast skammtíma- eða hvíldarinnlagna.
Upplýsingar veitir Guðbjörg Jóna Hermannsdóttir, deildarstjóri, í síma 543 9898
- Öldrunarlækningadeild K-1 Landakoti sem er deild fyrir aldraða sem þarfnast almennrar endurhæfingar annars vegar og lungnaendurhæfingar hins vegar.
Upplýsingar veitir Ingveldur Haraldsdóttir, deildarstjóri, í síma 543 9915.
- Öldrunarlækningadeild B-4 í Fossvogi sem er bráðaöldrunarlækningadeild og þangað koma flestir beint frá bráðamóttöku eða gæsludeild.
Upplýsingar veitir Sigrún Lind Egilsdóttir, deildarstjóri, í síma 543 9400.

Vinnutími og starfshlutfall samkomulag.
Umsóknir skulu berast fyrir 15. maí nk. til Hlífar Guðmundsdóttur, verkefnastjóra Landakoti, sími 824 5831, netfang *hlifgud@landspitali.is* og veitir hún jafnframt upplýsingar.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksgötu 5, á heimasíðu www.landspitali.is
Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala – háskólasjúkrahúsi.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

www.toyota.is

## P. Samúelsson hf. óskar að ráða starfsmann á bifreiðaverkstæði Toyota á Suðurnesjum

Leitað er eftir bifvélavirkja í almennar bílaviðgerðir. Æskilegt er að viðkomandi sé lærður bifvélavirki eða hafi töluverða starfsreynslu af bílaviðgerðum.

Viðkomandi þarf að vera drífandi með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsækinu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Umsóknir sendist rafrænt til Ráðningarþjónustu Hagvangs (hagvangur.is) fyrir mánudaginn 9. maí n.k.

Upplýsingar veitir Baldur Jónsson
Netfang: baldur@hagvangur.is

*P. Samúelsson hf. er lifandi og áhugavert fyrirtæki sem hefur verið leiðandi á íslenska bílamarkaðnum í mörg ár. Rík áhersla er lögð á mikla og góða þjónustu við viðskiptavini.*
*P. Samúelsson hf. hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki. Fyrirtækið býður gott og líflegt starfsumhverfi þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

HAGVANGUR

PÓSTURINN
allur pakkinn

## Bílstjórar

### með meirapróf óskast í útkeyrsludeild Íslandspósts

Íslandspóstur hf. leitar að bílstjórum til starfa í útkeyrsludeild fyrirtækisins. Starfið felst í útkeyrslu sendinga á höfuðborgarsvæðinu. Unnið er á vöktum. Skilyrði er að umsækjendur hafi meirapróf.

Umsóknum er hægt að skila í póstmiðstöð, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík, merkt útkeyrsludeild. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

## Hótel Loftleiðir veitingadeild óskar eftir starfsfólki í eftirtalin störf:

**Starfsfólki í morgunverð.**

**Þjónustufólki í veitingasali.**

**Starfsfólki í uppvask.**

Vaktavinna.
Leitað er að góðu starfsfólki í framtíðarstörf, ekki sumarafleysingar.

**Upplýsingar í síma 444 4050 og á Hótel Loftleiðum.**

JT VEITINGAR

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

# Þú ert málið!

## Vegna aukinna umsvifa vantar okkur öfluga starfsmenn





**Við hjá Ingvari Helgasyni höfum í boði skemmtileg störf og frábæran starfsanda í ánægjulegu starfsumhverfi. Okkur vantar metnaðarfullt fólk í eftirfarandi störf:**

### Bifvélavirkjar á verkstæði
Verkstæðið er lykilþáttur í starfsemi fyrirtækisins og þar er þekking starfsfólks forgangsatriði. Starfsmenn sækja námskeið og eru sérstaklega þjálfaðir til að ná þeirri þekkingu sem farið er fram á.

### Starfsmenn í standsetningu og þrifum
Í boði er annars vegar starf við ásetningu aukahluta og hins vegar í þrifum á notuðum og nýjum bílum. Skemmtileg störf í góðu starfsumhverfi.

### Þjónustuver
Um er að ræða starf sem felur í sér tengsl við viðskiptavini verkstæðisins. Viðkomandi sér um móttöku og þjónustu við viðskiptavini ásamt símsvörun. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi framúrskarandi þjónustulund, séu skipulagðir og hafi þekkingu á bílum. Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

### Lager
Lifandi og fjölbreytt starf í sumar, tilvalið fyrir skólafólk. Stundvísi skiptir miklu máli ásamt hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi verður að vera reyklaus.

### Sölumenn
Lifandi starf fyrir lífsglatt fólk. Það er metnaður okkar að veita frábæra þjónustu og sýna heiðarleika í samskiptum við viðskiptavini. Sölumenn okkar þurfa að hafa góða þjónustulund og ánægju af mannlegum samskiptum.

*Hjá bílaumboðinu Ingvari Helgasyni starfa um 90 manns. Fyrirtækið er í mótun en byggir á gömlum og traustum grunni. Við seljum og þjónustum Subaru, Nissan, Opel, Saab og GM bíla. Við erum stolt af því að vera með einkar fjölskylduvæna starfsmannastefnu.*

**Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki!**

Vinsamlegast sendið umsókn í pósti merkta:
Ingvar Helgason
Atvinna
Sævarhöfða 2
110 Reykjavík

Eða með tölvupósti á agnes@ih.is

Fiton/SÍA FI12849

**Ingvar Helgason** | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

# Grunnskólakennari.

**Við Brúarásskóla er laus kennarastaða skólaárið 2005-2006.**

Brúarásskóli er samkennsluskóli fyrir nemendur í 1.-10.b., 23 km norðan við Egilsstaði. Í skólanum er vinna hafin við sérstaka stefnumótun í kennslu list- og verkgreina ásamt íþróttum og heilsurækt, sem miðar að því að auka veg þessara námsgreina til muna.
Afar gott og heimilislegt andrúmsloft er ríkjandi og vinnuaðstaða er jafnframt góð.

**Kennslugreinar eru:**

**Almenn kennsla á miðstigi.**
**Tungumál og samfélagsfræði.**
**Íþróttir.**

Við leitum að kraftmiklum og skapandi kennara sem hefur kjark og dug til að reyna nýja hluti. Í boði er nýtt og glæsilegt íbúðarhúsnæði á staðnum.

**Umsóknarfrestur er til 15. maí 2005.**

Allar nánari upplýsingar veitir Magnús Sæmundsson skólastjóri í síma 4700793/4711047 eða í netfangi magnuss@egilsstadir.is

Grunnskóli Bolungarvíkur

# Kennarar

Kennara vantar við Grunnskóla Bolungarvíkur skólaárið 2005-2006.
Um er að ræða
- Almenna bekkjarkennslu á yngsta og miðstigi.
- Dönskukennslu í 7.-10. bekk.
- Enskukennslu í 5.-9. bekk.
- Smíðakennslu.
- Tónmenntakennslu.
- Íþróttakennslu.

Við skólann stunda um 140 nemendur nám í 1.-10. bekk, í 9 bekkjardeildum. Samkennsla verður í 3. og 4. bekk. Skólinn er vel búinn til kennslu, með gott skólabókasafn, tölvuver og íþróttamiðstöð í næsta húsi.
Eingöngu réttindafólk kemur til greina
Nánari upplýsingar veita skólastjóri, Kristín Ósk Jónasdóttir, í síma 456 7249, kristin@bolungarvik.is og Halldóra Kristjánsdóttir, aðstoðarskólastjóri, í síma 456 7129.
Umsóknarfrestur er til 6. maí 2005.

## Hjúkrunarheimilið

# Fellsendi

## óskar eftir starfsfólki í aðhlynningu og í eldhús.

Heimilið þjónar einstaklingum sem eiga við geðsjúkdóma að stríða. Fellsendi er góður vinnustaður þar sem ríkir góður starfsandi. Starfshlutfall og vaktafyrirkomulag er samkomulagsatriði. Um er að ræða sumarafleysingu og framtíðarstarf. Fellsendi er í 130 km fjarlægð frá Reykjavík og í 20 km fjarlægð frá Búðardal.

Upplýsingar veitir Ásta S.Sigurðardóttir hjúkrunarforstjóri í síma 434 1631 eða 849 7835.

Netfangið er: asta@fellsendi.is

# Rafvirkjar – rafvirkjanemar

**Rafrún ehf. óskar að ráða rafvirkja og eða rafvirkjanema til starfa sem fyrst.**

Umsækjendur hafi samband við skrifstofu Rafrúnar ehf. að Gjótuhrauni 8 Hafnarfirði eða í síma 555 6060 og 896 1012.

# Prentsmiður óskast til starfa

**Okkur hjá Vörumerkingu vantar að ráða góðan reglusaman prentsmið.**

**Við erum framsækið fyrirtæki í prentiðnaði og leitum að fagmanni með metnað til að gera vel.**

**Viðkomandi þarf að hafa góða almenna tölvuþekkingu og færni, ma. í forritunum: Freehand, Photoshop og Illustrator.**

**Umsóknir þurfa að berast fyrir 14. maí nk. með þeim þarf að fylgja meðmæli og upplýsingar um menntun og starfsreynslu.**

**Fullum trúnaði er heitið og öllum umsóknum svarað bréflega.**

vörumerking

BÆJARHRAUNI 24 - 220 HAFNARFIRÐI

Vinagerði

# Leikskólann Vinagerði Langagerði 1

**vantar leikskólakennara eða starfsmann með sambærilega menntun eða með góða reynslu í 100% stöðu sem fyrst.**

Einnig vantar starfsmann í hlutastarf vegna stuðnings við lítinn dreng..

Vinagerði hefur hugmyndafræði Reggio Emilio að leiðarljósi þar sem meginmarkmiðið í uppeldinu er að hvetja börnin til að nota öll skilningarvit sín, málin sín hundrað, og vinna markvisst að frumlegri og skapandi hugsun hjá börnunum.

Áhugasamir hafi samband við Díönu leikskólastjóra í síma 553-8085 eða á póstfangið vinagerdi@simnet.is

## Járnsmiður/málmiðnaðarmaður.

Fyrirtækið Járnsmiðja Óðins:

**Leitar að** kraftmiklum og traustum járnsmið/málmiðnaðrmanni eða einstakling með svipaða starfsreynslu til að starfa með öflugum liðshóp. Um framtíðarstarf er að ræða.
**Starfið** felst í mjög fjölbreyttri nýsmíði og uppsetningum.
**Áhersla** er lögð á frumkvæði, áreiðanleika, létta lund og þjónustulipurð auk sjálfstæðra vinnubragða og samstarfshæfni. Haldbær reynsla af sambærilegu er kostur. Allur tækjabúnaður er góður og nýlegur. Reyklaus vinnustaður.

Umsóknarfrestur er til og með 20. maí. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 557-9300.**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Kjöt- og fisktorg.

KOKKARNIR

Ferskar kjötvörur og Furðufiskar óska eftir að ráða starfsmann til að hafa umsjón með kjöt- og fisktorgi í verslun Hagkaupa í Smáralindinni. Um er að ræða fullt starf. Umsækjandi þarf að hafa reynslu og áhuga á að starfa með matvæli.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 660-6300 og 699-4000 milli kl. 09.00 og 17.00 virka daga.

## SÖLUFÓLK

Við leitum eftir nýjum liðsmönnum í eina öflugustu söludeild landsins. Fjölbreytt úthringiverkefni og góðir tekjumöguleikar fyrir rétta fólkið. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum. Verkefni frá morgni til kvölds, alla daga vikunnar.

Nánari upplýsingar veitir Hrannar Arnarsson í síma 696 9043. Umsóknir með ferilskrá má einnig senda á hrannar.arnarsson@365.is

# Ert þú sá besti?

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

## Lausar stöður hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar

### Matráður óskast

til starfa í félagsstarfi eldri borgara í Hafnarfirði. Um 50% starf er að ræða og vinnutími er frá 13:00 til 17:00.

Matráður hefur umsjón með daglegri kaffisölu félagsstarfsins og umsjón með veitingum þegar meira er um að vera. Æskilegt er að umsækjandi hafi farið á námskeið í meðferð matvæla. Krafist er færni í mannlegum samskiptum og áhuga á málefnum eldri borgara. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélagsins Hlífar og Hafnarfjarðarbæjar.
**Umsóknarfrestur er til 1.maí n.k.**
Upplýsingar um starfið veita: Kolbrún Oddbergsdóttir, deildarstjóri Heimaþjónustudeildar í síma 585-5700 og Jónína Óskarsdóttir, fulltrúi Heimaþjónustudeildar í síma 585-5700

### Starfsmenn óskast í Heimaþjónustuna

Við leitum að jákvæðum duglegum einstaklingum sem búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum. Gjarnan með reynslu af svipuðum störfum og vanir sjálfstæðum vinnubrögðum.

Sótt er um starfið á þar til gerðum eyðublöðum og skilað til afgreiðslu Félagsþjónustunnar Strandgötu 33 220 Hafnarfirði.Launakjör skv. samningum Verkalýðsfélagsins Hlífar. Um er að ræða framtíðarstörf og sumarafleysingar.
Upplýsingar um starfið veitir Sjöfn Guðmundsdóttir, fulltrúi heimaþjónustudeild s. 5855700
Í samræmi við jafnréttisáætlun bæjarins eru karlar hvattir til að sækja um jafnt sem konur.

**Sundhöll Hafnarfjarðar,**

### Bað- og laugarvarsla

Hafnarfjarðarbær auglýsir lausa stöðu við bað- og laugarvörslu kvenna 100% starf í Sundhöll Hafnarfjarðar.

Umsækjandi þarf að standast hæfnispróf samkvæmt öryggisreglugerð fyrir sundstaði. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi S.T.H. og Hafnarfjarðarbæjar.
Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Sundhallar Hafnarfjarðar Einar Sturlaugsson í síma 5550088 ( 6645743 ) eða á staðnum.

Umsóknir á þar til gerðum umsóknareyðublöðum berist eigi síðar en **5. maí 2005** til Sundhallar Hafnarfjarðar Herjólfgötu 10, merkt forstöðumanni.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Holt & Gott

## Starfsmaður í grænmetisvinnslu

**Hollt og Gott ehf. óskar eftir að ráða starfsmann til starfa í vinnslu fyrirtækisins í Reykjavík.**

Vinnutími er frá kl. 04.00 á morgnana til kl. 12.00 á hádegi.

**Nánari upplýsingar veitir Gunnlaugur Reynisson, framleiðslustjóri í síma 575-6054.**



## Vilt þú markaðssetja Ísland og vaxa með okkur?

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu.Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

## Markaðsstjórar / Sölustjórar

Við leitum að öflugu fólki sem hefur reynslu af markaðs- og sölumálum og almennum stjórnunarstörfum til starfa við stjórnunarstörf á Íslandi og erlendis. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi fullan vilja og getu til að búa og starfa erlendis til nokkurra ára.

**Starfssvið:**
- Ábyrgur fyrir greiningu á sölutölum og markaðsupplýsingum
- Þróa markaðsáætlanir og stýra framkvæmd þeirra
- Útbúa markaðs- og söluskýrslur
- Ábyrgur fyrir Internetsölu og markaðssetningu á Internetinu
- Ábyrgur fyrir markaðssamskiptum við viðskiptavini og samstarfsaðila
- Starfsmannastjórnun
- Útbúa auglýsingaáætlanir

**Hæfniskröfur:**
Við leitum eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingum með háskólamenntun í markaðs- og sölufræðum. Viðkomandi þurfa að hafa frumkvæði og brennandi áhuga á að ná góðum árangri í starfi. Hér er um krefjandi og spennandi störf að ræða í heimi ferðamála og alþjóðlegrar markaðssetningar. Reynsla í markaðs- og sölumálum er nauðsynleg.
Mjög góð enskukunnátta er skilyrði.

Hér er um framtíðarstörf að ræða og þurfa viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir að flytjast milli starfa og vera tilbúnir að starfa um tíma erlendis hjá Icelandair.

Skriflegar umsóknir óskast sendar inn á veffangi Icelandair **www.icelandair.is/umsokn** eigi síðar en 9. maí.

- Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.
- Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, leiðandi í markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.
- Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um þúsund manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.
- Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.
- Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.
- Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

ICELANDAIR

HSA HEILBRIGÐISSTOFNUN AUSTURLANDS

### Heilbrigðisstofnun Austurlands Egilsstöðum

## Geislafræðingur óskast til starfa

**Frá 01.06.2005 ( eða eftir nánara samkomulagi ) eru staða geislafræðings við Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum laus til umsóknar. Einnig vantar geislafræðing til afleysinga yfir sumarmánuðina júní til ágúst. Stofnunin samanstendur af, 2 deildum; heilsugæslustöð og sjúkradeild, auk heilsugæslusels á Borgarfirði. Heilsugæslan og sjúkradeildin eru í sömu byggingu.**

Héraðið og Egilsstaðir.

Í læknishéraðinu voru 1. des 2004 tæplega 3200 manns, þar af ca. 1700 á Egilsstöðum. Veruleg íbúafjölgun er í héraðinu í tengslum við nýhafnar virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir.
Á Egilsstöðum eru leikskólar, deildaskiptur grunnskóli, menntaskóli og háskólasetur er nýtekið til starfa. Aðstaða til íþróttaiðkunar er góð, einn fullkomnasti frjálsíþróttavöllur landsins, íþróttahús og ný sundlaug, níu holu golfvöllur og stutt í skíðasvæði. Hestamennska er vaxandi og metnaðarfull uppbygging nýs svæðis er lokið. Tónlistar- og menningarlíf er öflugt og mjög góðir tónskólar á Egilsstöðum og nærsveitum.

**Þjónustusvæðið, Egilsstaðalæknishérað, er víðáttumikið og dreifbýlt.
Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað er í um einnar klukkustundar akstursfjarlægð og þar er skurðlæknir, lyflæknir og svæfingalæknir.**

**Umsóknarfrestur er til 15. maí nk. Laun eru samkvæmt kjarasamningi geislafræðinga Frekari upplýsingar veita Pétur Heimisson yfirlæknir og Þórhallur Harðarson rekstrarstjóri í síma 471 1400.**

Á Egilsstöðum eru þrjú hótel þar af eitt IcelandairHotel, mörg öflug verslunar- og þjónustufyrirtæki og fer þeim fjölgandi. Fullkominn flugvöllur og 3-5 flugferðir til Reykjavíkur alla daga. Til Seyðisfjarðar er 20 mínútna akstur, en þaðan siglir ferjan Norræna til Norðurlanda. Vegasamgöngur í héraðinu og til nágrannabyggða á fjörðum eru mjög góðar, enda lega Egilsstaða frábær, í miðju veganeti Austurlands. Ferðamennska er mikil, bæði á sumrum og vetrum og býður svæðið uppá ótal möguleika til útivistar og ferðalaga.

## Leikskólinn Heklukot á Hellu auglýsir:

**Leikskólastjórar – Leikskólakennarar**

Laus er til umsóknar staða leikskólastjóra við leikskólann Heklukot á Hellu. Heklukot er nú tveggja deilda leikskóli með aðstöðu fyrir rúmlega 40 börn.

Fyrirliggjandi er, að ráðist verður í þróun og uppbyggingu leikskólans á næstunni. Stækka þarf leikskólann vegna aukins fjölda barna á leikskólaaldri. Þetta er kjörið tækifæri fyrir framsækinn leikskólakennara til þess að takast á við spennandi verkefni við þróun og mótun leikskólastarfsins.

Laun og kjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Boðin er aðstoð við útvegun húsnæðis. Í reglum sveitarfélagsins um hlunnindi starfsmanna, er heimild fyrir þátttöku stofnana þess í húsnæðiskostnaði starfsmanna.

Við röðun umsækjenda verður tekið mið af menntun, reynslu viðkomandi af stjórnun í leikskóla og umsagna og meðmæla frá núverandi og fyrri vinnuveitendum.

Einnig eru lausar stöður leikskólakennara. Sama gildir um laun, kjör og aðstoð vegna húsnæðis og áður er greint.

Hella er í 93 km. fjarlægð frá Reykjavík og býður þægindi þéttbýlisins um leið og byggðin er í nánu sambandi við dreifbýlið. Á Hellu er öll almenn þjónusta í 700 íbúa barnvænni byggð. Grunnskóli, leikskóli og sund- og önnur íþróttaaðstaða er í kjarna í miðju byggðarinnar sem þægilegt er að sækja. Hella er þéttbýliskjarni í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra þar sem búa 1450 íbúar.

Nánari upplýsingar veita sveitarstjórinn, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, á skrifstofu Rangárþings ytra, Laufskálum 2 á Hellu og í s. 487-5834/893-9081 og formaður fræðslunefndar Rangárþings ytra og Ásahrepps, Engilbert Olgeirsson, í s. 899-6514.

Umsóknum þarf að skila fyrir 15. maí 2005 til skrifstofu Rangárþings ytra.

**Rangárþing ytra.**



**Til starfsmanna kæliverkstæða**

**Við erum að leita að þér!**

Undanfarið hafa samkeppnisaðilar Kælivéla hringt í starfsmenn kæliverkstæðanna og boðið þeim vinnu. Við gerum það ekki, en hins vegar vantar okkur starfsmenn, vélstjóra eða rafvirkja. Góð laun eru í boði og hér er um að ræða gott tækifæri fyrir réttu aðilana. Trúnaði heitið. Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Kælivéla ehf í síma 587 4530.

**KÆLIVÉLAR EHF**



**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

## STARFSMAÐUR ÓSKAST Í VERSLUN

Við leitum að ábyggilegum starfskrafti til framtíðarstarfa í verslun okkar. Upplýsingar um aldur, menntun og fyrri störf sendist fyrir 6. maí á:
oskar@rafkaup.is



ao
Astma- og ofnæmisfélagið

## Aðalfundur

Astma- og ofnæmisfélagsins verður haldinn mánudaginn 9. maí nk. kl. 20 í húsi SÍBS að Síðumúla 6. Venjuleg aðalfundarstörf.

**Stjórnin.**



## TÖLVUNAR- OG / EÐA KERFISFRÆÐINGUR

Teikn á lofti - Inter-Map leitar eftir starfsmanni í mjög spennandi og krefjandi verkefni sem framundan eru, innanlands og utan. Um er að ræða frábært tækifæri fyrir réttan einstakling. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

**MENNTUNARKRÖFUR:**
» Háskólapróf á sviði tölvunar- eða kerfisfræði

**KRÖFUR UM REYNSLU:**
» Þekking á Java, XML og C# nauðsynleg
» Þekking á gagnagrunnum ( MSSQL ) nauðsynleg
» Þekking á Actionscript2 (Flash) nauðsynleg
» Reynsla af hugbúnaðarþróun og skjölun
» Þekking á Linux er kostur
» Þekking á sviði landupplýsinga er kostur

**ÆSKILEGIR EIGINLEIKAR:**
» Hæfni í mannlegum samskiptum
» Góð færni í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku
» Færni í að starfa í hóp og stýra verkefnum
» Stundvísi og metnaður

**STARFSSVIÐ:**
» Þróun og innleiðing Inter-Map hugbúnaðarins
» Samskipti við viðskiptavini og samstarfsaðila
» Verkefnisstjórn

Starfstöð fyrirtækisins er á Akureyri. Góð laun eru í boði fyrir réttan einstakling, í samræmi við menntun, reynslu og árangur.
Frekari upplýsingar veitir Halldór (halldor@teikn.is) í síma 461 2800

**Umsóknir ásamt CV sendist til:**
Teikn á lofti ehf. - Skipagata 12 - Pósthólf 170 - 602 Akureyri

teikn á lofti inter-map
www.teikn.is - www.inter-map.com



## Vélamenn og bílstjórar

Óskum að ráða vana menn á gröfur.

Einnig vantar menn með réttindi og reynslu á dráttarbíla.

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7 og í síma 530 2700 á skrifstofutíma kl. 8:15 - 17
www.istak.is

ÍSTAK


# Allt frá saumnálum upp í skurðgröfur

*Einar Vignir Einarsson er skipstjóri á Jaxlinum, eina flutningaskipinu sem skráð er hér á landi. Jaxlinn á heimahöfn á Flateyri og hefur siglt frá Hafnarfirði til Vestfjarða í tæpt ár. Nýlega bætti hann Norðurlandshöfnum við, frá Siglufirði til Húsavíkur.*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einar Vignir segir vakningu fyrir strandsiglingum hjá almenningi.

„Við flytjum allt frá saumnálum upp í skurðgröfur," segir Einar Vignir Einarsson skipstjóri aðspurður er við hittum hann á bryggjunni við Vogabakka, skammt frá ósum Elliðaár. Þar er verið að lesta. Einar kveðst einkum sækja í þungavöruna. „Við tökum áburð, sement, girðingarefni, timbur og margt fleira. Við getum boðið lægra verð en bílarnir og menn eru að átta sig á hagkvæmninni við það," segir hann og kveðst finna fyrir jákvæðum straumum í samfélaginu í garð strandsiglinganna.

Jaxlinn fer vikulega frá Hafnarfirði og kemur við á 13 höfnum í hverri ferð, sumum þeirra í báðum leiðum. Þetta eru Ólafsvík, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, Þingeyri, Flateyri, Bolungarvík, Ísafjörður og Stundum Súðavík, Siglufjörður, Dalvík, Akureyri og Húsavík. Sjö manns eru um borð í Jaxlinum, sem tekur 2.000 tonn eða jafnmikið og rúmir 100 bílar.

Einar hefur verið á sjó í þrjátíu ár og meðal annars flutt áburð til bænda áður. Hann er ekki í vafa um að sjóflutningar séu þjóðhagslega hagkvæmir. „Aðrar þjóðir eru að reyna að koma þungaflutningum af vegakerfinu út á höfin og fljótin en við Íslendingar höfum algerlega farið öfuga leið. Við erum búnir að berjast í því frá því land byggðist að fá sæmilega vegi og loksins þegar það er að takast eyðileggjum við þá með hraði. Rannsóknir sýna að einn flutningabíll slítur veginum jafn mikið í einni ferð og 60 þúsund fólksbílar." Þegar hann hefur frí frá stjórnvölnum notar hann tímann í markaðsmál í þágu Jaxlsins og er bjartsýnn á framhaldið. „Auðvitað er fullt af vörum sem á fremur heima á bílum en skipum en þungavaran á að vera um borð í skipum og þetta á að geta harmónerað vel saman," segir hann að lokum.

gun@frettabladid.is



Jaxlinn fer vikulega frá Hafnarfirði og kemur við í 13 höfnum í hverri ferð, sumum þeirra í báðum leiðum.

# Vilt þú starfa fyrir námsmenn erlendis?



Staða framkvæmdarstjóra SÍNE er laus

Nánari upplýsingar er að finna á www.sine.is

Samband Íslenskra Námsmanna Erlendis

---

IKEA

## Er húsgagn í þér?

Við leitum að þjónustuliprum, samviskusömum og skemmtilegum starfskröftum, eldri en 18 ára, til að leggja okkur lið í húsgagnadeild.

Um er að ræða annars vegar fullt starf virka daga frá 10:00-18:30 og hins vegar hlutastörf um helgar frá 10:00/12:00-18:00

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og á þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

**IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.**

---

IKEA

## Viltu sveigjanleika í vinnutíma?

Ef þú ert hraustur, samviskusamur og röskur starfskraftur og vilt vinna við margvísleg lagerstörf lestu þá áfram! Við leitum að starfsfólki í vaktavinnu þar sem unnið er aðra vikuna, mánudag til fimmtudags, frá 19:00-03:00 og hina vikuna, mánudag til föstudags, frá 8:00-18:30.

Umsækjendur þurfa að vera eldri en 18 ára og er lyftarapróf kostur en ekki skilyrði.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og á þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

**IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.**

---

# Prentsmiður óskast

Okkur vantar starfskraft í umbrot og grafíska hönnun strax. Við leitum að hugmyndaríkum og jákvæðum starfskrafti sem getur unnið sjálfstætt. Viðkomandi þarf að hafa góða fag- og íslenskukunnáttu. Vinnustaðurinn er reyklaus.

Umsóknir sendist á netfang: georg@prent.is eða í pósti.

Litla prent ehf

Skemmuvegi 4 · 200 Kópavogi

Sími 540 1800 · Fax 540 1801 · Netfang litla@prent.is

---

www.toyota.is

# P. Samúelsson hf. óskar að ráða starfsmenn í eftirtalin störf á verkstæði notaðra bíla

**Bifvélavirkja í almennar bílaviðgerðir**
Æskilegt er að viðkomandi sé lærður bifvélavirki eða hafi töluverða starfsreynslu af bílaviðgerðum. Vinnutími er 8-17

**Bifvélavirkja í söluskoðanir**
Æskilegt er að viðkomandi sé lærður bifvélavirki eða hafi töluverða starfsreynslu af bílaviðgerðum. Tölvukunnátta æskileg. Vinnutími er 9-18

Leitað er að drífandi starfsköftum með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund Í boði eru spennandi framtíðarstörf hjá framsækknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Umsóknir sendist rafrænt til Ráðningarþjónustu Hagvangs (hagvangur.is) fyrir mánudaginn 9. maí n.k.

Upplýsingar veitir Baldur Jónsson
Netfang: baldur@hagvangur.is

*P. Samúelsson hf. er lifandi og áhugavert fyrirtæki sem hefur verið leiðandi á íslenska bílamarkaðnum í mörg ár. Rík áhersla er lögð á mikla og góða þjónustu við viðskiptavini.*
*P. Samúelsson hf. hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki. Fyrirtækið býður gott og líflegt starfsumhverfi þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín.*

TODAY TOMORROW TOYOTA

HAGVANGUR

---



**Njóttu þín!**
Hjá Leikskólum Reykjavíkur er lögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Liður í því er meðal annars öflug símenntun og handleiðsla.

Leikskólar Reykjavíkur

# Leikskólastjóri

## Álftaborg

**Álftaborg er 3ja deilda leikskóli og dvelja þar samtímis um 60 börn. Fyrirhugaðar eru gagngerar endurbætur á húsnæði leikskólans sem er í fallegu og grónu hverfi.**

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á mótun heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans
- Almenn starfsmannastjórnun
- Ábyrgð á rekstri leikskólans

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun er æskileg
- Stjórnunarhæfileiki og reynsla af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta og þekking á rekstri
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga. Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og skulu berast fyrir 15. maí nk. á skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur eða á netfangið borgar.axelsson@reykjavik.is.

**Karlar eru hvattir til að sækja um jafnt sem konur.**

**Nánari upplýsingar veitir Bergur Felixson (bergur.felixson@reykjavik.is) eða Borgar Axelsson (borgar.axelsson@reykjavik.is) í síma 563 5800. Umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu Leikskóla Reykjavíkur, Tryggvagötu 17 og á vefsvæði, www.leikskolar.is**

BECHTEL
HRV ENGINEERING

Á vegum Alcoa byggir Bechtel International Inc. álver á Reyðarfirði. Bechtel er yfir 100 ára gamalt bandarískt verktakafyrirtæki með starfsemi um heim allan. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

# Stálvirkjameistari með löggildingu

**Bechtel – HRV óskar að ráða stálvirkjameistara til að taka að sér ákveðna verkþætti við byggingu álversins og bera ábyrgð á uppsetningu stálmannvirkja.**

Leitað er að stálvirkjameistara með löggildingu Umhverfisráðuneytisins en einnig getur komið til greina að ráða vélvirkjameistara eða stálsmið með tilskilin réttindi og reynslu af byggingu stálmannvirkja.

Upplýsingar veitir Sveinn Jónsson, byggingastjóri í síma 470 7606.

Umsókn skal skila á Ráðningarstofuna á Reyðarfirði
Búðareyri 25
730 Reyðarfirði

Netfang: rkristia@bechtel.com Fax: 470 7591

**Upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðu Bechtel, www.fjardaalproject.is**

---

## Starf við álsmíði og léttan iðnað.

Óskum að ráða handlaginn starfskraft eða smið á verkstæði í ál og plastiðnaði. Þrifalegt og fjölbreytt starf við samsetningu og framleiðslu.

## Bókhald – hlutastarf

Lítið iðnfyrirtæki óskar að ráða starfskraft í hlutastarf við vikulegt uppgjör á sölu- og viðskiptamannabókhaldi.

Falleg 114,1 fm íbúð á 4.og efstu hæð í góðu fjölbýli. Eignin skiptist í Forstofu / hol, tvö góð barnaherbergi, hjónaherbergi, fataherbergi, stofu og eldhús. Sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús, þurrkherbergi og hjóla/vagnageymsla.

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

**OPIÐ HÚS Í DAG 17.04 MILLI KL. 15 – 16**



## STÓRAGERÐI 15 – REYKJAVÍK

Glæsileg 3ja herbergja 79 fm íbúð á jarðhæð í góðu þríbýlishúsi. Skipting eignar: Flísalögð forstofa með fatahengi. Tvö svefnherbergi annað mjög rúmgott með skápum, parket á gólfi. Baðherbergi, falleg innréttingu frá Brúnás, hlaðin sturta, mosaik flísar á veggjum, flísar á gólfi. Eldhús með fallegri innréttingu og góðum borðkrók, flísar á gólfi. Rúmgóð stofa með parketi á gólfi. Tvær geymslur, sameiginlegt þvottahús og þurrkherbergi. Verð 17,4 millj.

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

**OPIÐ HÚS Í DAG 16.04 MILLI KL. 17 – 18**



## MIÐHOLT – 270 MOSFELLSBÆR

Falleg 3ja herbergja 84 fm íbúð 3 hæð. Skipting eignar: Forstofa með skápum, tvö svefnherbergi annað með skápum, baðherbergi með hvítum skáp og baðkari, eldhús með ljósri innréttingu og góðum borðkrók, rúmgóð stofa með útgegi út á svalir, þvottahús innaf eldhúsi. Sérgeymsla á hæð. Hjólageymsla í kjallara. Verð 15,9 mill.

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

**OPIÐ HÚS Í DAG 16.04 MILLI KL. 15.30 – 16.30**



## STÍFLUSEL - 109 REYKJAVÍK

Falleg 4ja herbergja 113 fm íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli. Skipting eignar: Forstofa/hol, nýuppgert eldhús, 3 svefnherbergi, baðherbergi með baðkari, stofa með útgengi út á svalir. Nýtt parket er á gólfum. Stór sérgeymsla, sameiginlegt þvottahús, hjóla og vagnageymsla. Barnvænt hverfi.

**Berglind Ósk sölufulltrúi tekur á móti gestum.**

# HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 16-17**

## ÁSBRAUT 3, 2. HÆÐ - VESTURBÆR KÓPAVOGS LAUS!! VERÐ 17,3 MILLJ.





* 90,8 fm
* 2 herb. og 2 stofur
* Suður svalir
* Upprunalegar innréttingar
* Gólfhiti
* Snyrtileg sameign
* Sér geymsla í kjallara
* Gróið hverfi

**Hrafnhildur Bridde, 821-4400**

# HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400

**SÉRSTAKT TÆKIFÆRI - 2 ÍBÚÐIR FYRIR EINA**

## VÍFILSGATA 2JA HERB. ÍBÚÐ Á 1.HÆÐ, AUK 2JA HERB. STUDÍO ÍBÚÐ Í KJALLARA

**VERÐ KR. 21,5 MILLJ.**



**Gott leigudæmi: t.d. láta aðra íbúðina borga lánin!**

* Stærð íbúða 85,1 fm (49,1 FM á fyrstu hæð + 36 FM studio íbúð)
* Sameiginl inng.og garður
* Sér inng.í studío íbúð
* Gott skipulag í báðum íbúðunum
* Sér geymslur og saml. þvottshús
* Stutt í alla þjónustu og skóla.

# HÓLL

Tákn um traust **595 9000**

www.holl.is

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali



## OPIÐ HÚS AÐ FURUGRUND 22 ÍBÚÐ 0101

**í dag á milli kl 14 og 16** verður opið hús í skemmtilegri 75,5 fm 3ja herbergja íbúð í góðu fjölbýlishúsi. 2 góð herbergi og stofa, eignin er laus til afhendingar við kaupsamning, endilega kíkið við en Magnús og Sigurrós taka á móti ykkur. Verð 15,6 millj.

# HÓLL

Tákn um traust **595 9000**

www.holl.is

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali



## OPIÐ HÚS AÐ FURUVÖLLUM 31 HAFNARFIRÐI

Um er að ræða einbýlishús á einni hæð samtalls 188,8 fm þar af er bílskúrinn 24 fm.

Húsinu verður skilað fullfrágengnu að utan en fokheldu að innan, lóð verður grófjöfnuð. Gert er ráð fyrir 3-4 herbergjum rúmgóðri stofu og borðstofu, stóru eldhúsi, stórt þvottahús og tvö baðherbergi, eignin er til afhendingar fljótlega endilega komið í **dag á milli kl 15.30-17.**

# HÓLL

Tákn um traust **595 9000**

www.holl.is

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali



## OPIÐ HÚS KL. 14 - 15 Í DAG

97 fm 3ja herb. íbúð við Geitland í hinum sívinsæla Fossvogi. Skemmtileg íbúð með góðu útsýni og svalir í suður. Eikarparket í holi og stofu. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Rúmgóð herbergi og stórt eldhús með borðkrók.

Valdimar býður ykkur velkomin á milli 14 ñ 15 í dag eða að hringja í síma 868-8888 til að fá nánari upplýsingar varðandi eignina. Einnig eru myndir á helstu netmiðlum. **Verð 19,9 millj**

# HÓLL

Tákn um traust **595 9000**

www.holl.is

Björn Daníelsson, hdl. og lögg. fasteignasali



## OPIÐ HÚS AÐ LAUTASMÁRA 22

**Í dag milli kl. 14.00-15.00** verður opið hús að Lautasmára 22, 2. hæð til vinstri. Um er að ræða 111.1 fm 4ra herbergja gullfallega íbúð, vel skipulögð og vönduð íbúð í alla staði.

Verð kr. 25.9 millj. Ingi Björn sölumaður Hóls verður á staðnum. Nánari upplýsingar í síma 8203155.

# Akkurat - fyrir þig!

## BOLHOLT – GUESTHOUSE

**SKAMMTÍMALEIGA**



Til leigu í allt að mánuð, fullbúin stúdíóherbergi með sér eldhúsi og baði. Allt nýtt. Uppábúin rúm og allur búnaður til staðar. Hringið inn til að fá nánari upplýsingar í síma 824 5054.

2-6 dagar **6.500 kr**. dagurinn
1-2 vikur **3.300 kr** dagurinn
2-4 vikur **2.200 kr.** dagurinn

Sími: 594 5000

Akkurat

# HÖFÐI FASTEIGNASALA

SÍMI 565 8000
SÍMI 533 6050

Bæjarhraun 22
Suðurlandsbraut 20

www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
lögg. fasteignasali

## ATVINNUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

**Dalvegur 16B**

Höfum fengið til leigu 647 fm húsnæði á þessum eftirsótta stað við Reykjanesbrautina. Í dag er húsnæðið nýtt sem verslunar og vinnurými. Skrifstofur með góðum tölvulögnum eru á 2hæð. Hægt að leigja eignina í þrennu lagi. Fjórar innkeyrsluhurðir. Góð aðkoma er að húsinu, næg bílastæði og frábært auglýsingagildi. Eignin er til afhendingar fyrsta maí.



Allar nánari upplýsingar veitir Ásmundur Skeggjason á Höfða S- 895 3000.

# Akkurat - fyrir þig!



## SÓLBAÐSTOFA – KÓP.

Stór viðskiptamannahópur.
Góður leigusamningur, aðstaða til naglaásetningar.
**Upplýsingar gefur Þóra í síma 822 2225/594 5015.**
**VERÐ TILBOÐ**

Sími: 594 5000 — Akkurat



# Eignakaup

Sími 520 6600 | Helgi Hákon Jónsson
Viðskiptafr. & lögg. fasteignasali



Ármúli 38 • 108 Reykjavík • Fax: 520-6601• www.eignakaup.is

Opnunartími kl. 9-17 mán-fös. – kl. 12-14 laug.

Grétar J. Stephensen
sölufulltrúi 861-1638

**OPIÐ HÚS Í DAG Á MILLI KL. 15:00–16:00**



## FLÉTTURIMI 25 (íb. 301) GRAFARVOGUR

Glæsileg og vel skipulögð 90,6 fm 3ja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð ásamt 12,5 fm stæði í lokaðri bílageymslu. Góðar suðursvalir. Íbúðin er í mjög barnvænu umhverfi í nálægð við alla helstu þjónustu. Íbúðin er laus við kaupsamning. Verð 18,5 millj. **Grétar J Stephensen sölufulltrúi (gsm 861-1638) tekur á móti gestum**



# FMH FASTEIGNASALA

Lögg. fasteignasali Viggó Jörgensson

**Strandgötu 41 – 220 Hafnarfjörður – www.fmh.is**

OPIÐ HÚS FRÁ KL.16 TIL 18 Í DAG

## Hellisgata 21, Hafnarfirði



**SKEMMTILEG 76 FM NEÐRI SÉRHÆÐ Á ÞESSUM VINSÆLA STAÐ Í HAFNARFIRÐI.** Komið inn í forstofu sem er sameiginleg með íbúð á efri hæð. Komið er inn í hol með parketi á gólfi og rúmgóðum fataskáp. Stofa með parketi á gólfi. Rúmgott svefnherbergi með fataskápum dúkur á gólfi. Barnaherbergi með dúk á gólfi . Snyrtilegt baðherbergi með baðkari ljós innrétting , flísalagt gólf. Eldhús með snyrtilegri innréttingu nýleg eldavél parket á gólfi, ágætis borðkrókur. Rúmgott þvottahús/geymsla, með útgengi í garðinn. Skemmtilegur bakgarður er við húsið með snyrtilegri verönd. Frábær staðsetning stutt í þjónustu og skóla. Íbúðin verður laus 1 júní 2005. **Verð: 13,9 millj.**



Fasteignasala fyrir fólk eins og þig 5350 600

## Lóð - Kornakur 8



Einbýlishúsalóð á besta stað í hinu nýja Akrahverfi í Garðabæ. Landinu hallar til suðvesturs og er lægst í suðvesturjaðri svæðisins. Hæð yfir sjávarmáli er 7-27 metrar. Lóðin er 1021 fm. Nánari upplýsingar gefa sölumenn fasteignasölunnar.

**Valgeir Kristinsson - Löggiltur fasteignasali**



# EIGNALISTINN
fasteignasala — www.eigna.is

Síðumúli 9 • 108 Reykjavík • Sími: 530 4600 • Fax: 530 4609 • eigna@eigna.is
Sigurður Örn Sigurðarson löggiltur fasteignasali

## BREIÐVANGUR – HAFNARFIRÐI



**Mikið endurnýuð 113,5fm 3-4 herb. íbúð á 3. hæð.** Ný eldhúsinnrétting og tæki, þvottahús/ geymsla innaf eldhúsi. Baðherbergið með fallegri innréttingu og tækjum, flísar á gólfi, mosaik flísar í kringum baðkar. nýlegt parket á gólfum. Húsið klætt með steni. Mjög góð staðsetning, stutt í alla þjónustu og skóla.

**Eignin getur verið laus við kaupsamning.**
**Tilboð óskast.**

www.eigna.is eigna@eigna.is Sími: 530 4600



HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

**Opið hús í dag sunnudag kl. 15–17**

## að Þangbakka 8 í Mjódd,

**íbúð 9-I.**



Rúmgóð björt 81,8 fm 3 herb. Íbúð með miklu útsýni á efstu hæð í 9 hæða fjölbýli m. lyftu, stutt í þjónustumiðstöð, læknamiðstöð og almenningssamgöngur. Stórar suður svalir.

**Verð 17,9 m.**

**Guðrún tekur á móti gestum. Nánari upplýsingar hjá Guðnýju í s. 821-6610. Verið velkomin.**



# FASTEIGNASTOFA SUÐURNESJA

ÁSBJÖRN JÓNSSON *HDL. OG LÖGGILTUR FASTEIGNA OG SKIPASALI*

Fasteignastofa Suðurnesja • Hafnargötu 51-55 • Reykjanesbæ Sími 420-4050 • Fax 420-4049 • Gsm 864-3802 • www.fst.is

## LANGHOLT 12 - REYKJANESBÆR






Glæsilegt vel með farið 5 herbergja einbýlishús í Reykjanesbæ. Parket á gólfum, góðir skápar, 2 baðh., 4 svefnh. Í risi er búið að innrétta ca. 45m2 rými þar sem er sjónvarpshol og 1 herbergi af 4. Stórkostlegt útsýni. Auk þess er þar ca. 30m2 geymsla. Eigninni hefur verið vel við haldið að öllu leyti. Nýlegur sólpallur á baklóð, hellulögð verönd framan við húsið ásamt innkeyrslu, hitalögn. Frábær staðsetning í rólegu og grónu hverfi í nálægð við skóla.

## KIRKJUBRAUT 28 - REYKJANESBÆR

Mjög gott 144m2 5 herbergja einbýlishús í Innri-Njarðvík. Rúmgott eldhús með eikarinnréttingu. Baðherbergi með sturtu og hornbaðkari, flísalagt gólf og góð innrétting. Gestasalerni. Afgirtar verandir framan og aftan við hús, heitur pottur. Barnvænt hverfi í mikilli uppbyggingu. Örstutt í Akurskóla sem verður tekinn í notkun haustið 2005. **Verð: 25 m.**






## EFSTALEITI 47 - REYKJANESBÆR

Glæsilegt 138m2 endaraðhús með innbyggðum bílskúr,vel staðsett nálægt skóla. Þrjú svefnherbergi, samliggjandi eldhús og stofa. Veggir og gólf flísalagt á baðherbergi, baðkar og sturta, hiti í gólfi. Rauðeik á gólfi og í sérsmíðuðum innréttingum. Innbyggður ísskápur og uppþvottavél. Sólpallar á fram- og baklóð. Gróinn og vel hirtur garður. Vel staðsett nálægt skóla.



**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 14.30-15.30**



## HEIÐARBRAUT 29 - REYKJANESB.



Góð 3ja herb. 83m2 íbúð á 1.hæð í fjórbýli. Góður skápar í forstofu og svefnh. parketlíki á holi, stofu og eldhúsi, innrétting og tæki í góðu ástandi. Gengið úr stofu út á rúmgóða verönd. Skemmtileg íbúð á góðum stað í barnvænu hverfi, stutt í skóla og leikskóla.
**Verð: 11,7 m.**

## HEIÐARHOLT 24 - REYKJANESB.



Góð 3ja herb. 84m2 íbúð á 3.hæð. Góðar innréttingar, dúkur á gólfum. Snyrtilegt hús og sameign. Vinsælar eignir í nálægð við skóla og leikskóla.
**Verð: 9,5 m**

# NETHÚS
FASTEIGNASALA
Opnunartími: mán-fim 9-17 / föst 9-16

AÐEINS **1%** SÖLUÞÓKNUN

*-Þín sala þinn sparnaður*


Ragnar Thorarensen
Löggiltur fasteignasali


Linda Björk Stefánsdóttir
Viðskiptafræðingur


Halldór Jensson
Sölufulltrúi


Elín D. W. Guðmundsdóttir
Löggiltur fasteignasali

Bæjarlind 6 • 201 Kópavogur • Sími: 575 8800 • Fax: 575 8801 • **www.nethus.is**

# OPIN HÚS HJÁ NETHÚSUM SUNNUDAGINN 1. MAÍ

## Opið hús kl. 14–15

### FLÉTTURIMI 25



Mjög góð 4ra herbergja 90,6 fm íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli auk stæðis í lokaðri bílageymslu samtals birt stærð séreignar 103,1 fm. Jónína og Baldur taka á móti gestum. S: 567-6549 og 896-1840.



**Ásett verð: 18,5 millj.**

## Opið hús kl. 14–15

### ENGIHJALLI 17



Mjög góð 4ra-5 herbergja 97,4 fm íbúð á 2. hæð í lyftublokk. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu. Íris Ebba tekur á móti gestum. S: 554-2449 og 690-9076.



**Ásett verð: 16, 4 millj.**

## Opið hús kl. 14–14.30

### FÁLKAGATA 1



Um er að ræða afar fallega 4ra herbergja 119,9 fm íbúð á 2. hæð. Íbúðin skiptist í stofu, borðstofu, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi. Frábær staðsetning. Halldór sölustjóri tekur á móti gestum. S: 840-2100.



**Ásett verð: 23,5 millj.**

## Opið hús kl. 14–15

### ENGIHJALLI 3



Afar góð 4ra herbergja 93 fm íbúð að Engihjalla í Kópavogi. Íbúðin skiptist í hol, eldhús, baðherbergi, stofu og þrjú svefnherbergi. Góð staðsetning, stutt í alla þjónustu. Steinþór og Guðný taka á móti gestum. S: 867-1214.



**Ásett verð: 15,9 millj.**

## Opið hús kl. 14–15

### GEITHAMRAR 14



Virkilega falleg 4ra herbergja 94,7 fm íbúð í litlu fjölbýli auk 26.3 fm bílskúrs. Íbúðin er á 1. hæð með sérinngangi og sérgarði. Örstutt í skóla og leikskóla ásamt allri almennri þjónustu. Linda, sölufulltrúi tekur á móti gestum. S: 862-8683.



**Ásett verð: 25,5 millj.**

## Opið hús kl. 15–16

### LYNGBREKKA 13



Glæsileg 4ra herbergja 104,5 fm miðhæð í góðu þríbýlishúsi. Íbúðin skiptist í Rúmgóða stofu, hol, mjög rúmgott hjónaherbergi,tvö barnaherbergi ,eldhús og bað. Björt og falleg eign á eftirsóttum stað. Halldór tekur á móti gestum milli kl 15 og 16 í dag. Sími 840-2100



**Ásett verð 23,9 millj.**

ÓKEYPIS AÐGANGUR

# 100% Spánn

Norður-Costa Blanca • Suður-Costa Blanca • Costa Calida • Costa Almeria





## Kynning á fasteignum

**Opið hús í dag kl. 12–17**

# Gullhamrar við Nóatún Grafarholti




- 25 ára reynsla
- Sérsniðin fasteignaþjónusta
- Nýjar og eldri fasteignir
- Eignir frá 7 milljónum króna

sales@atlasiceland.com
Sími: 696 1960
www.atlasinternational.com

ATLAS INTERNATIONAL

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Gisting

Gisting og bílar. Hótelíbúðir frá kr. 5500, bílaleigubílar 2500. Hótel Atlantis Grensásvegi 14. S. 588 0000.

### Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




Erlend silungsfluga sem slegið hefur í gegn í vor. Sjá www.frances.is



Hreindýra og silungsveiði á Grænlandi, staðfesta þarf pantanir fyrir 31. maí 2005. Hafið samband í s. 568 3030 & www.hl.is/veidi

### Hestamennska

**Óður frá Brún**
Húsnotkun hjá Magnúsi á Blésastöðum við Selfoss til 15 júní. Laus pláss. Upplýsingar í síma 893 1038.

### Ýmislegt




## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**Íbúð til leigu á Sogavegi.**
2ja herb. íbúð 73 fm með sérinngangi, útgangur í garð. Dýrahald í góðu lagi. Mjög snyrtileg og stílhrein í alla staði. Leiga á mánuði 80 þús. Allt innifalið þar með talið Stöð 2.
**Upplýsingar gefur Ástþór í s. 898 1005**

Glæsivilla á flottasta golfvelli Spánar, LaFinca , til leigu í sumar. Nánari upplýsingar á www.icemar.com e-mail: info@icemar.com Sími (0034) 690 115 909.

Herb. á sv. 105, búið húsgögnum. allt í eldhúsi, þvottavél, Stöð 2, Sýn. S. 895 2138.

Til leigu glæsil. herbergi, 15 og 30 fm, að Funahöfða 17a. Þvottah., bað og eldunaraðst. Í herb. er dyras., íssk., fatask., sjónv. og símtengi. S. 862 7950 & 896 6900 e. kl. 16.

**Laus strax**
Fullbúin 95 fm íbúð í Garðabæ til leigu til 01. okt. Uppl. Magnús í s. 690 1140.

15 fm herbergi til leigu í Kópavogi. Aðgangur að snyrtingu. Uppl. í s. 690 3371.

Sveit í Borg. Góð 3ja herbergja, 75 fermetra íbúð í fjöleignarhúsi sem stendur á bökkum Leirvogsár í Mosfellsbæ. Laus frá 1 mai. Leiga kr. 82.000 með hita, raf. ADSL og hússjóð. Upplýsingar í síma 691 9500 eða fyrirspurn á Fitjar@internet.is. Sjá einnig www.fitjarguesthouse.com

2ja herb. íbúð með aukaherb á sömu hæð laus til leigu á svæði 109. Meðm. fyrirframgr. trygging. S.8975552 og 5579676.

Til leigu 2 herb. íbúð á sv. 110. Laus strax. Uppl. S. 860 0860.

### Húsnæði óskast

Íþróttafélagið Gerpla leitar að um 100 fm 3-4 herbergja íbúð í Kópavogi fyrir danska fjölskyldu með tvö börn, helst með aðgang að garði. Tímabil: 1.júní 2005-1.júní 2006. Áhugasamir hafi samband í síma 894 6005 eða með tölvupósti kf.dk@simnet.is

Ilmandi yndisleg feðgin vantar ódýra og góða íbúð frá og með 1. maí. Vinsamlegast sendið upplýsingar á sigurs_428@hotmail.com

**Snælandsskóli.**
Óska eftir 3 herb., íbúð á svæði 200 nálægt Snælandskóla í 1 ár, sanngjörn leiga, há fyrirfram greiðsla. S. 659 3593 & 865 9556.

Óska eftir 2ja-3ja herbergja íbúð til leigu. Upplýsingar í síma 567 2275 & 892 0022.

Óskum eftir snyrtilegri 3ja herbergja íbúð á svæði 104-105 sem fyrst, reglusemi og reykleysi. Skilvísar greiðslur. Uppl. í síma 663 0705 & 895 5121.

4ra til 5 herb. íbúð óskast sem fyrst. Skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í síma 863 4304.

Óska eftir bjartri og þrifalegri 3-4 herb. íbúð í Vesturbænum frá 1. júní. Skilvísar greiðslur og meðmæli. Birgitta 6928884

Hjón óska eftir stúdíóíbúð eða 2ja herbegja íbúð frá 30-55.000 per mán. Reykaus og reglusöm. S. 847 9134.

### Sumarbústaðir



Vandað 68 m2 heilsárshús til sölu. Tilbúið að utan og fokhelt að innan með einangrun í útveggjum. Ásett verð 5,2 millj. S. 822 4200, www.husoghonnun.is

Til sölu notaðar Moelven einingar. Henta vel í sumarbústaði, vinnubúðir, veiðihús ofl. Upplýsingar gefur Jón í síma 896 1415.

Vandaður hornskápur úr lútaðri furu til sölu. Góður í bústaðinn. Uppl. í s. 565 1816 & 699 6597

### Bílskúr

Bílskúr til leigu að Hjarðarhaga 44-50 vesturbæ. Hiti og rafmagn. S. 696 9520.

### Gisting

**GISTING Í REYKJAVÍK**
Sérhús með öllum búnaði + heitur pottur, svæði 105.Svefnpláss fyrir 8.manns.Sími 588 1874. www.toiceland.net

## HEIMILIÐ

### Húsgögn

**Lazy Boy.**
Tveir stórir bláir stólar frá Svefn og heilsu til sölu. Uppl. í s. 567 6367.

Til sölu vegna breytinga nýleg eldhúsinnrétting með tækjum, baðkar, tvöfaldur baðherbergisvaskur og fleira. Uppl. í s. 821 9930 & 897 4903.

### Barnavörur

Til sölu Emmaljunga dökkblár(kerru/vagn 2stk) ónotaður, kerra lítið notuð 50 þús. Maxi Cosi bílstóll 0-13 kg, dökkblár, poki fylgir, 12 þús. Baby Sam skiptiborð, hvítt, 3 skúffur m/bala, 9 þ. Helga s. 892 6939.

### Dýrahald



Einn fallegasti fugl landsins er til sölu. Sími 863-8777.

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

**Smáhundadeild HRFÍ**
Verður með fyrirlestur um aga og göngu 1. maí næstkomandi kl. 15.00 í Sólheimakoti nánar á www.hrfi.is

Til sölu þrír elskulegir og fallegir Dísarpáfagaukar handmataðir, mjög gæfir. Óska eftir góðri fjölskyldu. S. 421 5978 Snorri.

Hreinræktaðir bordercollie hvolpar og 1árs efnilegur hundur til sölu s 4562169/8673768

Stórt kanínu og naggrísabúr á hjólum. Tilboð óskast. Naggrísarungi getur fylgt með ef óskað er. Einnig á sama stað óskast blandaðar smáhundur fyrir lítið eða gefins. S. 660 2940.

### Ýmislegt



Rafhitaðir heitir pottar frá Beachcomber. Eigum potta hlaðna auka hlutum til afgreiðslu samdægurs. Er nú á frábæru vortilboði. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. opið alla daga frá 9 til 9. Allar nánari uppl. í 897 2902 mvehf@hive.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Kennsla

NÁMSAÐSTOÐ í Stærðfræði og raungreinum Stærðfræði og tölvuþjónustan Brautarholti 4, 105 Rvk Sími 5513122

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Spennandi tækifæri fyrir þig!**
**Enginn áhætta, enginn útlagður kostnaður, einungis ávinningur!**
Vantar þig aukapening? Finnst þér gaman að hitta fólk? Hefur þú gaman af fallegri hönnun og flottum fötum? Við erum að leita að nokkrum duglegum konum sem vilja starfa með okkur. Í boði eru góð árangurstengd laun, frábær félagsskapur og ENGINN útlagður kostnaður
**Allar nánari upplýsingar gefur Anna Bára í síma 565 3900 milli 10 og 16 alla virka daga, einnig er hægt að senda tölvupóst á anna@clamal.is**

**ALEFLI ehf. BYGGINGAVERKTAKAR**
Óskum eftir að ráða smiði, verkamenn og nema til vinnu. Næg verkefni framundan. Upplýsingar gefur Magnús í síma 660 4472.

**Starfsmenn óskast.**
Okkur vantar góða sölumenn. Viðkomandi þarf að geta byrjað strax. Erum með mörg fjölbreytt og skemmtileg verkefni framundan.
**Hafið samband í síma 575-1500 og leggið inn umsókn. Skúlason ehf. Laugavegi 26. S. 575 1500 www.skulason.is**

**Rafvirkjar óskast.**
Rafvirkjar óskast í vinnu sem fyrst.
**Uppl. í síma 896 4901**

**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Vantar fólk í eftirtali**
Í afleysingar og aukavinnu við afgreiðslu í Osta- og sælkeraborðinu í Hagkaupum kringlunni. Einnig til afleysingar í fisk og kjötborð Hagkaupa. Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17.
**Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

**Dagmanneskja - fullt starf**
Leita að starfsmanni í fullt starf í ræstingar víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími frá kl. 08 virka daga vikunnar. Reynsla af ræstingum æskileg. Starfsmaður nýtur friðinda m.a. vegna bifreiðar og síma. Næg vinna - fín laun.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf s. 554 6088.**

**Afleysingar síðdegis**
Vantar starfsmann, helst eldri en 25 ára til afleysinga síðdegis alla virka daga.
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf s. 554 6088.**

**Sumarafleysingar**
Óskum eftir fólki til sumarafleysinga í maí, júní, júlí og ágúst í allar tegundir ræstinga. Leitum að fólki sem hefur reynslu af ræstingum. Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf, s: 554-6088
**Upplýsingar á www.hreint.is eða hjá Hreint ehf s. 554 6088.**




**Bygg ehf**
Óskum eftir smiðum til starfa nú þegar. Mikil mælingarvinna framundan. Góður aðbúnaður.
**Upplýsingar í s. 693 7310.**

HEGGUR innréttingar
Vantar góða smiði í inni og útivinnu, einnig vanan smið á verkstæði.
**Uppl. gefur Sæmundur 893 1424.**

Ertu hárgreiðslu sveinn eða meistari og langar til þess að breyta til. Það er allt brjálað að gera hjá okkur á didrix spa og okkur vantar þig sem allra fyrst í vinnu hjá okkur. Góð aðstað og góður mórall. Upplýsingar s:5618677

Vantar þig vinnu? Góð laun, ferðalög og frábær vinnutími. Upplýsingar hjá Hönnu Kristínu í s: 892 4284

**Spennandi námskeið.**
Neglur, skraut og frenchs. kr. 55.000,-, TrimForm og strata, líkamsmótun kr 55.000, Fót og handsnyrtingar með skrauti og sérmeðferðum kr. 65.000,-Litun plokkun og permó kr. 55.000,-Einnig vantar okkur nema í tattoo og snyrtingu.Didrix spa s: 5618677

Langar þig að grennast, stinnast eða laga vöxtinn þinn á einn eða annan hátt. Við erum með lausnina fyrir þig. Frábærar andlitsmeðferðir sem hreinsa stinna og upplífga húðina svo um munar. Langar þig að líta betur út komdu á til okkar og fáðu aðstoð. Didrix spa s: 561 8677.

**energia - Ristorante / Smáralind**
Óskum eftir þjónustufólki í sal og matreiðslufólki. Mikilvægt er að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum, þjónustu og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Áhugasamir sendið e-mail á energia@energia.is og fáið senda til baka starfsumsókn. Einnig er hægt að nálgast umsóknir á energia.

LAUST starf: Færsla bókh., afstem., framtalsgerð og fl. FJÁRHÚS ehf s: 534-0040

**Ræsting/Matráður**
Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 50% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Einnig óskum við eftir starfskrafti í ræstingu á sv. 105 eftir kl. 16. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

**Hreingerning/gólfbónun**
Vantar nú þegar starfskraft við gólfbónun og hreingerningar. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

Vantar starfsfólk í málningarvinnu. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Uppl. í s. 869 2360.

Óska eftir vönu fólki í málningarvinnu. Uppl. í s. 869 3934.

**Tækjamenn**
GP Kranar óska eftir að ráða tækjamann á glussakrana. Um er að ræða framtíðarstarf. Upplýsingar gefur Heiðar í síma 693 6900.

**Blikksmiði ehf**
Óskum eftir að ráða blikksmiði eða menn vana blikksmíðavinnu. Uppl. gefur Jón í s. 565 4111, 893 4640.

Kaffistofan Konditori, Skipholti óskar eftir starfsfólk í afgreiðslustörf fyrir og eftir hádegi og anna hvern laugardag. Einnig vantar okkur smurbrauðsdömu. Uppl. í s. 820 7370.

Hellusteypa JVJ óskar eftir að ráða bílstjóra á vörubíl með krana og trailer. Uppl. í s. 692 2697.

**Hellulagnir**
Óskum eftir duglegum mönnum í hellulagnir strax. Garðvélar ehf. S. 895 0570.

Reyklaus starfskraftur óskast í 50% starf, þarf að hafa einhverja þekkingu á Stolpa. Svarsendingar sendist á Fréttablaðið Skaftahlíð 24 merkt "skrifstofuvinna30".

**Sumarstarf**
Óska eftir traustum og vandvirkum starfmanni í vinnu við garðslátt í sumar. Uppl. í síma 663 4411.

Starfsfólk óskast til fiskvinnu á Dalvík í handflökun, snyrtingu og pökkun. Hægt að útvega húsnæði. Uppl. í síma 466 3131 & 899 8385.

**Sumarvinna**
Fólk óskast í létt 50% starf, aldurt. 18+. Verður að hafa góða framkomu. Góðir tekjumöguleikar. Vinnutími 17-22. Sími 698 7600.

Au-pair í Hollandi. Íslensk fjölsk. óskar eftir einstaklingi til barnagæslu frá ágúst í 1 ár. S:0031243483530; hronn@chello.nl

**Hársnyrtir**
Hársnyrtistofa á Laugavegi óskar eftir hársnyrti/nema. Uppl. í s. 897 4191.

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða handlagna og vana verkamenn, mikil vinna. S. 848 9071.

**Meiraprófbílstjóri**
Óskum eftir að ráða bílstjóra á vörubíl með krana og eins steypubíl á Suðurlandi. Uppl. í s. 899 9670.

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

### Atvinna óskast

Langt kominn rafvirkjanemi óskar eftir sumarstarfi. Reykaus og reglusamur. Get hafið störf strax. S. 691 7675 Kristmann.

Óska eftir sumarvinnu hjá rafverktaka í Rvk. Er á 3ja ári í rafvirkjun. Get byrjað strax. Uppl. í síma 848 5984.

### Viðskiptatækifæri

Viltu læra Netviðskipti? Ef svo er, þá skaltu fara á vefsíðuna mína: http://www.hordurj.com og skrá þig á Námskeiðið.

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

100% trúnaður. Mjög góður og heiðarlegur maður á miðjum aldri með flogaveiki óskar eftir að kynnast konu með gott samband í huga. Svör sendist til Fbl, Skaftahlíð 24 merkt 100%

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

Hugsanlega bestu grillbrauðin í bænum, **Breiðholtsbakarí kaffihús**

Lokað á endurvinnslustöðvum SORPU í dag 1. maí á frídegi verkafólks. **SORPA.**

Nóatún. Opið til klukkan 21 í kvöld. **Nóatún**

Opið í dag frá 13 til 15. **Hestar og Menn.**

BSRB- félagar, fjölmennum á baráttufundi 1. maí. **BSRB.**

SFR félagar! Fjölmennum á barráttufundi 1.maí. **SFR-stéttafélag í almannaþjónustu.**

BSRB- félagar, sýnum samstöðu 1. maí. **BSRB.**

Munið 1. maí kaffi BSRB kl. 15 að Grettisgötu 89, **BSRB.**




Allt um fasteignir og heimili
á mánudögum í Fréttablaðinu.

allt



**BJÖRN TH. BJÖRNSSON RITHÖFUNDUR**
„Listasaga er auðvitað saga í sjálfu sér, og ég hef alltaf verið áhugasamur um sögur.“



**FRÍÐA Á. SIGURÐARDÓTTIR SKÁLDKONA**
„Ég er langt komin með bókina, en ef ég klára hana ekki í ár hendi ég henni.“

# Ekki fórn sem gefur gleði

Rithöfundarnir Björn Th. Björnsson og Fríða Á. Sigurðardóttir eru nýkjörin heiðursfélagar Rithöfundasambands Íslands fyrir merk framlög og mikilvægt starf í þágu íslenskra bókmennta. *Þórdís Lilja Gunnarsdóttir* ræddi við þessa margverðlaunuðu rithöfunda, sem báðir eru með nýjar bækur í smíðum.

„Þetta er kærkomin viðurkenning. Ég hef verið í þessu sambandi áratugum saman, auk þess að vera fyrsti formaður þess,“ segir Björn Th. Björnsson um viðurkenninguna, en hann var formaður og varaformaður Rithöfundasambands Íslands frá 1958 til 1964, auk þess að kenna myndlistarsögu við Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Kennaraháskóla og Háskóla Íslands, en Björn stundaði nám í listasögu við Edinborgarháskóla, Lundúnaháskóla og Kaupmannahafnarháskóla frá 1943 til 1949.

„Listasaga er auðvitað saga í sjálfu sér, og ég hef alltaf verið áhugasamur um sögur. Þess vegna sveigðist ég til þess að skrifa sögulegar skáldsögur og er núna með eina viðamikla í smíðum. Ég reyni að skrifa á hverjum degi og vonast til að mér endist heilsa til að klára bókina fyrir haustið. Þá gæti hún litið dagsins ljós í kringum jólin.“

Björn segir listasögu hafa verið besta grunninn fyrir rithöfundastarfið.

„Því hún snertir meira en bara myndir á vegg. Hún snertir fatnað og atferli fólks, tísku hvers tíma, húsgögn og híbýli. Listasaga er óskaplega vítt fag sem gott er að byggja á og getur hjálpað mikið, auk þess að vera rík af merkum heimildum.“

Birni finnst lítil breyting felast í því að vera rithöfundur nú til dags eða fyrr á hans ferli.

„Breytingin er ekki mikil nema hvað áhugi á nýjum bókum var miklu meiri fyrir þrjátíu, fjörutíu árum síðan. Þegar ég skrifaði Virkisvetur og sigraði í skáldsögusamkeppni Menntamálaráðs 1959 var ákaflega mikill áhugi fyrir nýjum bókum, sem ég skynja ekki jafn mikinn nú. Það skrifast sennilega á áhugatvístring í þjóðfélaginu. Það er orðið um svo margt að velja.“

**Hugrekki um hjartans mál**

Fríða Á. Sigurðardóttir segir viðurkenninguna ákaflega ánægjulega, enda sé almennt skemmtilegt að vera rithöfundur þótt henni hafi ekki þótt sá bransi álitlegur á þrítugsaldrinum þegar hún leit til starfa systur sinnar og samskáldkonu Jakobínu Sigurðardóttur.

„En ég gat ekki annað en skrifað. Ég var búin að prófa allt mögulegt áður en komst ekki undan þessu. Ég var byrjuð að skrifa löngu áður en ég fór að gefa út og var eitt sinn á leiðinni með smásagnasafn til Ólivers Steins útgefanda hjá Skuggsjá, sem vildi fá það óséð. Þegar ég var komin í kápuna varð mér hugsað hvað í ósköpunum ég væri að fara að gera. Fannst rithöfundabransinn satt að segja ekki mjög spennandi, klæddi mig úr kápunni, fór aftur inn og beið í tíu ár,“ segir Fríða og hlær að minningunni. Segir að hugrekki þurfi til að leggja fram sín hjartans mál.

„Það var mikið meira um illdeilur og persónulegri hörku hér áður fyrr á milli höfunda, en nú er þetta orðið mun friðsamlegra. Það skiptir máli því þetta er nógu andskoti erfitt þótt höfundar séu ekki að ýfast hver við annan. Rithöfundarstarfið er oft ansi mikill þrældómur og maður verður að gefa allt sem maður á. En ég kalla það ekki fórn sem gefur manni gleði, heldur gjöf, því það eru forréttindi að vinna við eitthvað sem gefur manni mikla ánægju, þótt rithöfundastarfið sé vart eftirsóknarvert í dag nema maður skrifi metsölubækur,“ segir Fríða og skellir upp úr.

Hún segist vera með skáldsögu í smíðum sem hún vonist til að geta einhvern tímann klárað.

„Ég er langt komin með bókina, en ef ég klára hana ekki í ár þá hendi ég henni. Það endar með því að maður verður leiður á verkinu þurfi maður alltaf að byrja upp á nýtt vegna þess að utanaðkomandi öfl grípa fram fyrir hendur manns. En svo spilar hjátrúin sterkt inn í þetta líka. Kannski á þetta alls ekki að verða?“ ■


Leiðsöguskóli Íslands

**Nýjar leiðir í leiðsögunámi!**

Afþreyingarleiðsögn | Almenn leiðsögn | Gönguleiðsögn

**Nám og kennsla**
Leiðsögunám er tveggja anna sérhæft starfsnám. Í kjarna er lögð áhersla á almenna þekkingu um náttúru, sögu og menningu landsins. Á kjörsviði velja nemendur milli afþreyingar-, almennrar - eða gönguleiðsögu. Námið er skipulagt í samstarfi við atvinnugreinina m.a. ferðaþjónustufyrirtækin, Íslenska fjallaleiðsögumenn og Fjallamenn.

Kennsla fer fram mánudaga – miðvikudaga frá kl. 17:30 – 22:00 en æfinga- og vettvangsferðir á laugardögum eða um helgi.

**Inntökuskilyrði og umsóknir**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða öðru sambærilegu námi. Allir umsækjendur þurfa að þreyta munnlegt inntökupróf í erlendu tungumáli að eigin vali.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar fást á skrifstofu skólans í síma 594 4025 eða á heimasíðunni http://www.mk.is

**Kynningarfundur um námið verður haldinn föstudaginn 6. maí kl. 17:00.**

LEIÐSÖGUSKÓLINN
ICELAND TOURIST GUIDE SCHOOL

Leiðsöguskóli Íslands • Digranesvegi 51 • Kópavogur • Sími 594 4025 • www.mk.is

HÉR & NÚ / SÍA



Rúbín kaffi
fyrir sælkera



Rúbín Sælkerakaffileikurinn:

Taktu þátt

Alvöru kaffihúsastemmning heima hjá þér...

Kauptu Rúbín Sælkerakaffi
og þú getur eignast ekta espresso kaffivél

**Vegleg verðlaun:**

1. vinningur: Jura espresso kaffivél ásamt 20 kg. af Rúbín Sælkerakaffi

2.-4. vinningur: Gjafabréf frá Heimilistækjum að verðmæti 15.000 kr.

Aukavinningar: 10 gjafakörfur með Rúbín Sælkerakaffi og konfekti

**Það eina sem þú þarft að gera er ...**

... að kaupa Rúbín Sælkerakaffi, klippa toppinn af pakkanum og senda, ásamt þátttökuseðli, til Ó. Johnson & Kaaber fyrir 17. maí.
Dregið í beinni á Rás 2 þriðjudaginn 17. maí.

**Því oftar sem þú sendir Rúbíntopp - því meiri líkur á að vinna!**

HÉR & NÚ / SÍA

# Súrrealískt ástand í litlu samfélagi

**FRAMKVÆMDIR Í FJARÐABYGGÐ**

- Álver í Reyðarfirði
- Höfn í Reyðarfirði
- Verslunarmiðstöð á Reyðarfirði
- Verslun í Neskaupstað
- Hitaveita á Eskifirði
- Bygging grunnskóla og viðbyggingar við grunnskóla og leikskóla á Reyðarfirði, Eskifirði og í Neskaupstað
- Útisundlaug og endurbygging sundlaugar á Norðfirði og Eskifirði
- Fjölnota íþróttahús fyrirhugað á Reyðarfirði
- Bíó og veitingastaður í Félagslundi á Reyðarfirði

Gríðarleg bjartsýni ríkir í Fjarðabyggð nú þegar framkvæmdirnar eru þar í fullum gangi en ástandið er auðvitað ekki „eðlilegt“. Stríður straumur er af þungavinnuflutningum um bæinn á hverjum degi. Fasteignaviðskipti hafa aldrei verið blómlegri og samkeppni er í matvöruverslun.




**STARFSMANNAÞORPIÐ Á HAGA** Húsin í starfsmannaþorpinu eru innflutt, traust og snyrtileg og líta vel út. Á húsunum eru merkingar, hér er t.d. afþreying fyrir hendi. Á öðrum stað er mötuneytið, kallað Golden Duck, en það nafn kom til þegar erlendur starfsmaður reyndi að segja Gott kvöld á íslensku.

**REYÐARFJÖRÐUR** Ástandið í Fjarðabyggð er óvenjulegt og að mörgu leyti súrrealískt. Aldrei fyrr hefur önnur eins uppbygging og framkvæmdir átt sér stað í Íslandssögunni og óvíst er hvort þetta endurtekur sig nokkurn tímann. Uppi á Kárahnjúkum er bygging stíflunnar í fullum gangi og niðri á Reyðarfirði eru framkvæmdir af margvíslegum toga. Og samt eru framkvæmdirnar við sjálft álverið bara rétt að hefjast. Meginþunginn verður í lok þessa árs og byrjun næsta og þá verða starfsmennirnir líka flestir.

Það er ekki bara verið að byggja stærsta álver Íslands, höfn í Reyðarfirði og jarðgöng til Fáskrúðsfjarðar heldur er líka risin ný verslunarmiðstöð með úrvali verslana við hafnarsvæðið á Reyðarfirði; Krónan er komin inn á matvörumarkaðinn, veiðibúðin hefur flutt sig um set inn í verslunarmiðstöðina og tískuverslunin Pex hefur verið opnuð en hún er systurverslun tískuverslunar í Neskaupstað. Til viðbótar verða Lyfja og ÁTVR í Molanum auk þess sem bæjarskrifstofurnar flytja þangað líka.

### Pólverjarnir koma bráðum

Starfsmannaþorpið á Haga, sem dags daglega gengur undir heitinu FTV eða Fjardaál Team Village, er að rísa og hefur risið í grennd við Reyðarfjörð. Þar búa nú tæplega 300 starfsmenn, þar af um 80-90 prósent Íslendingar. Á næstu vikum og mánuðum fjölgar starfsmönnunum verulega og koma þá til landsins pólskir byggingamenn. Í allt er talið að starfsmennirnir verði um 800 í lok ársins og að fjöldinn nái hámarki sínu á næsta ári, fari upp í 1.500-1.800 starfsmenn.

Framkvæmdirnar við álverið ganga vel og samkvæmt áætlun. Jarðvinnan er í fullum gangi, hönnun sömuleiðis og verið er að setja upp undirstöðurnar fyrir álverið áður en bygging kerskálanna hefst. Þeir eru tveir, rúmlega tveggja kílómetra langir en í allt eru byggingarnar 95 þúsund fermetrar undir þaki. Hönnun og byggingaframkvæmdir haldast nánast í hendur en hönnuðirnir eru aðeins á undan framkvæmdaliðinu í sinni vinnu.

Á Reyðarfirði er allt fullt af fólki, bæði innlendu og erlendu, og peningarnir flæða inn í þjóðfélagið. Eftirspurn er svo mikil eftir fasteignum til kaups eða leigu að fasteignaverð hefur hækkað um 100 prósent á tveimur árum og fasteignagjöldin í samræmi við það. Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri segir að margir íbúanna hafi ekki látið í ljós mikla hrifningu með það en við því sé ekkert að gera. Sérstaklega kannast hann við gagnrýni frá eldra fólki en bendir á að nú geti menn keypt og selt fasteignir sínar, sem ekki hafi verið hægt áður.




**GOTT AÐ FÁ TÍSKUVERSLUNINA** Mæðgurnar Svana Bjarnadóttir og Anna Steinunn Baldvinsdóttir með vinkonu Önnu Steinunnar, Guðrúnu Erlu Víðisdóttur. Svana starfar í skólaseli og er við nám í háskólanum. Hún er ánægð með að fá matvöruverslunina, telur úrvalið betra og verðið lægra. Anna Steinunn fagnar því að þurfa ekki að fara annað til fatakaupa.

### Álverið ekki draumavinnustaðurinn

Þegar rætt er við íbúana kemur í ljós að flestir þeirra fagna framkvæmdunum. Gagnrýnisraddirnar fara ekki hátt en vafalaust eru þær þó fyrir hendi. Ungviðið sér til dæmis ekki endilega álverið sem sinn draumavinnustað, þrátt fyrir allt. Anna Steinunn Baldvinsdóttir, 15 ára, er þeirrar skoðunar. Hún segir að framkvæmdirnar séu fínar en telur að það sé örugglega ekki gaman að vinna í álverinu. Hún fagnar hins vegar nýju verslunarmiðstöðinni og segir það mikinn kost að þurfa ekki að fara til Egilsstaða til að kaupa sér tískufatnað. Anna Steinunn ætlar að verða hárgreiðslukona þegar hún er orðin stór.

Vinkona hennar, Guðrún Erla Víðisdóttir, sem einnig er 15 ára, telur hins vegar vel koma til greina að vinna í álverinu þegar hún verður eldri.

Straumurinn af aðfluttu vinnuafli hjá Bechtel og öðrum verktökum á svæðinu er frekar einlitur. Þetta virðast fyrst og fremst vera einhleypir karlmenn, aðallega í yngri kantinum, þó að auðvitað sé eitthvað af konum sem kemur að framkvæmdunum og þá kannski fyrst og fremst á aðalskrifstofunni. Sérstaklega er það meðal erlendu starfsmannanna hjá hinu alþjóðlega verktakafyrirtæki Bechtel.

### Afþreyingarstjóri sér um skemmtunina

Starfsmennirnir láta vel af aðstöðunni á svæðinu enda er þarna allt til alls. Ráðinn hefur verið afþreyingarstjóri, Guðmundur Gíslason bæjarfulltrúi, og sér hann til þess að fjölbreytt afþreying sé fyrir hendi. Mötuneytið er stórt, bjart og snyrtilegt og maturinn lítur vel út. Matseðillinn er fjölbreyttur og ætti hver að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem það er fiskur eða kjöt, pasta eða salat. Og eftirréttirnir eru ekkert slor.

Vel er búið að þeim sem búa í starfsmannaþorpinu. Þar verða nokkrar afþreyingarmiðstöðvar, ein á hverja 200 íbúa, setustofur í hverjum skála, góðar sjónvarpsstofur með fjölbreyttu sjónvarpsefni, bar og skemmtistaður og lítil verslun. Munurinn á starfsmannaþorpinu við Reyðarfjörð og starfsmannabúðunum við Kárahnjúka og Egilsstaðir er kannski sá að stefnt er að því að vinna alla uppbyggingu á Reyðarfirði í takt við það samfélag sem fyrir er. Þannig verður lítið úrval í versluninni, rétt brýnustu nauðsynjar, því að ætlast er til að starfsmennirnir sæki sem mesta þjónustu inn á Reyðarfjörð. Starfsmennirnir ættu því að blandast nokkuð vel því samfélagi sem fyrir er.

Ekki verður betur séð en að starfsmenn Bechtel séu ánægðir með aðstöðuna og kostinn. Óvenjumiklar öryggisráðstafanir eru hjá Fjarðaáli og Bechtel. Óviðkomandi fá hvorki að fara um framkvæmdasvæðið né starfsmannaþorpið án leyfis og í fylgd stjórnenda, sem er afar óvenjulegt á Íslandi þar sem menn eru vanir að geta farið um frjálsir og að vild. Gestir sem heimsækja álversstæðið og starfsmannaþorpið fá öryggisbúnað: passa, hjálm, öryggisskó með stáltá og gult vesti, og eru svo lóðsaðir um.

### Allt gert fyrir starfsfólkið

Húsin í starfsmannaþorpinu eru innflutt frá Ungverjalandi; mjög sterkleg, snyrtileg og góð hús sem henta vel íslenskum aðstæðum. Þar er ljóst að ekki er tjaldað til einnar nætur því Bechtel ætlar sér ekki að þurfa að bæta húsin eða breyta þeim þegar reynsla er komin á starfsemina eins og

Viðskiptavinur í Molanum:

## Matvöruverðið fer lækkandi

**MOLINN** Árni Magnússon gerði sér ferð frá Eskifirði til að versla í Krónunni á Reyðarfirði fyrir helgina. Þetta var í annað sinn sem hann kom í Molann en hann var í hópi þeirra sem komu fyrir rúmlega viku síðan þegar verslunarmiðstöðin var opnuð. Árna leist mjög vel á verslun Krónunnar í Molanum, fyrst og fremst vöruúrvalið og verðið.

„Þetta er gott verð og skemmtileg verslun,“ sagði hann og taldi tvímælalaust að matvöruverðið færi lækkandi með tilkomu Krónunnar. „Maður vonar að þetta haldist. Það eru sjálfsagt einhver opnunartilboð í gangi núna en maður vonar að þetta sé komið til að vera,“ sagði hann.

Árni átti von á því að versla reglulega í Molanum en áður hefur hann keyrt í Bónus á Egilsstöðum til að kaupa inn.

Hann var ánægður með framkvæmdirnar fyrir austan. Þungaflutningarnir trufluðu hann ekkert enda búsettur á Eskifirði og hann taldi jákvætt að fólki færi fjölgandi, bæði á Reyðarfirði og Eskifirði.

-ghs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁRNI MAGNÚSSON FRÁ ESKIFIRÐI** Árni Magnússon, íbúi á Eskifirði, gerði sér ferð til Reyðarfjarðar til að kaupa inn í síðustu viku. Hann var ánægður með vöruúrvalið og verðið.



**FLUTTI TIL REYÐARFJARÐAR** Hrönn Pétursdóttir sinnir kynningarmálum og starfsmannamálum hjá Alcoa-Fjarðaáli. Hún keypti sér einbýlishús í haust og flutti austur.

gerst hefur á Kárahnjúkum.

Þremenningarnir Ísak Þór Davíðsson frá Reykjavík og Sigurður Jón Björgvinsson og Davíð Þórólfsson frá Húsavík vinna við álversbygginguna á vegum Kollufells, dótturfyrirtækis Ístaks og ÍAV. Þeir sjá um verkefni af ýmsum toga, rífa innan úr húsum, setja upp húsgögn og einangra pípulagnir svo að dæmi séu nefnd.

„Það er mjög góður aðbúnaður og allt gert fyrir starfsfólk sem hægt er að gera,“ sögðu þeir þar sem þeir voru á leið í mat í matsalnum Golden Duck einn daginn í vikunni. Þeir töldu matinn góðan og ekkert hægt að kvarta undan laununum. Rætt væri um að breyta fyrirkomulaginu þannig að þeir ynnu lengra á daginn níu daga og fengju svo fimm daga frí í stað þess að vinna tíu daga og fá svo fjögurra daga frí.

Allar áletranir í starfsmannaþorpinu eru á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku.

**Sjálfsagt að fólk komi heilt heim**

Hrönn Pétursdóttir, starfsmannastjóri Fjarðaáls, bendir á að slysatíðni sé talsverð á Íslandi, um einn af hverjum 60 starfsmönnum í framkvæmdum slasist, um einn af hverjum 120 almennt í þjóðfélaginu. Hlutfallið sé allt annað hjá Bechtel og Fjarðaáli, þar sem hlutfallið sé einn af um eða yfir 1.000 starfsmönnum. Það sé sjálfsögð krafa að starfsmenn komist heilir heim til sín á kvöldin og því séu strangar öryggiskröfur og kröfur um réttan búnað. Öryggiskröfurnar eru óvenjustrangar miðað við það sem gengur og gerist á Íslandi en starfsmenn hafa í langflestum tilfellum vanist þeim vel.

Hrönn Pétursdóttir er kynningar- og starfsmannastjóri. Hún fluttist austur í haust þegar hún festi kaup á glænýju húsi á Reyðarfirði. Hrönn leggur áherslu á að Fjarðaál sé mannlegt fyrirtæki sem gott sé að starfa hjá. Íbúarnir á staðnum sé jákvæðir, þeir geri sér grein fyrir því að ástandið nú sé ekki alltaf eðlilegt. „Það er örugglega langt frá því eðlilegt hversu mikil umferð er af trukkum hérna í gegn en ég held að fólk sé ákveðið í því að nýta tækifærin og láta hlutina ganga upp,“ segir hún.

„Þetta verður stöðugt sýnilegra. Maður kemst ekki hjá því að sjá að þetta er alltaf að aukast og á eftir að verða meira.“

Á næstu vikum verða haldnir kynningarfundir á sex stöðum á landinu fyrir þá sem hafa áhuga á að selja þjónustu og vörur austur og í framhaldi af því verður kannað með væntanlega starfsmenn í álverinu. Hrönn segir að ekki sé hægt að tala um að starfsmennirnir séu ófaglærðir. Þeir hafi mismunandi grunnmenntun en fái þjálfun við hæfi. Þegar hefur verið ráðinn fræðslustjóri hjá Alcoa-Fjarðaáli.

ghs@frettabladid.is



**ÞREMENNINGAR FRÁ REYKJAVÍK OG HÚSAVÍK** Þremenningarnir Ísak Þór Davíðsson frá Reykjavík og Sigurður Jón Björgvinsson og Davíð Þórólfsson frá Húsavík vinna við álversframkvæmdirnar og sjá um verkefni af ýmsum toga; rífa innan úr húsum, setja upp húsgögn og einangra pípulagnir svo að dæmi séu nefnd. „Það er mjög góður aðbúnaður og allt gert fyrir starfsfólk sem hægt er að gera,“ sögðu þeir.

Karl Heimir Búason á Eskifirði:

# Flytur til Reyðarfjarðar

**REYÐARFJÖRÐUR** Karl Heimir Búason er fæddur og uppalinn á Eskifirði. Hann seldi íbúðina sína á Eskifirði í haust og hefur nú keypt þriggja herbergja 90 fermetra íbúð á sjöundu hæð í blokk á Reyðarfirði fyrir 14 milljónir króna. Hann fær íbúðina afhenta í júní og flytur þá til Reyðarfjarðar.

Gömlu íbúðina keypti hann á 2,8 milljónir fyrir tíu árum en seldi hana á 7,7 milljónir og er ánægður með þau viðskipti. Karl Heimir ætlaði alltaf að kaupa hús á Eskifirði en fann ekkert sem honum líkaði enda hafa ekki verið miklar byggingaframkvæmdir þar.




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ágúst Benediktsson, löggiltur fasteignasali, og Karl Heimir Búason, rekstraraðili Valhallar og Félagslundar, auk þess sem hann starfar fyrir Egersund Ísland sem setur upp veiðarfæri.

Karl Heimir tekur fullan þátt í uppbyggingunni í Fjarðabyggð. Hann rekur Valhöll á Eskifirði og tekur við rekstri Félagslundar á Reyðarfirði á næstunni. Hann hefur í bígerð að hefja þar kvikmyndasýningar því að bíó hefur hvergi verið í Fjarðabyggð síðustu árin nema á Seyðisfirði.

„Ég tel að unga fólkið sé að flýja héðan frekar en hitt. Það hættir ekki við að fara í skólann en kemur hingað í vinnu á sumrin og fer svo aftur,“ segir hann.

-ghs

Molinn á Reyðarfirði:

# Ánægð með viðtökur

**VERSLUN** Jóna Björg Óskarsdóttir og maður hennar, Víglundur Jón Gunnarsson, hafa opnað tískuverslunina Pex í Molanum á Reyðarfirði. Þau hafa rekið aðra tískuverslun í Neskaupstað í 15 ár og einnig verið með fatahreinsun.

Jóna Björg er ánægð með viðtökurnar í Molanum. „Við vildum stækka við okkur og það er mikið að gerast hér svo að við ákváðum bara að koma hingað með verslun. Við búum í Neskaupstað en erum með starfsfólk héðan,“ segir hún.

Jóna Björg segir að verslunin hafi verið vel tekið. „Það eru allir voðalega jákvæðir og mikið af fólki að flytja heim. Íbúunum fjölgar hérna í öllum hverfum. Það hefur ekki enn komið í ljós hvaða áhrif það hefur á verslunina, við höfum bara haft opið í viku, en við vonum að þetta hafi jákvæð áhrif,“ segir hún.

„Kannski koma Fjarðabúar meira hingað að versla og fara ekki upp á Hérað eða til Akureyrar að versla. Vonandi skilja þeir meira eftir heima hjá sér frekar en að fara burt til að versla.“

-ghs



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Í NÝJU VERSLUNINNI** Jóna Björg Óskarsdóttir, athafnakona í Fjarðabyggð, rekur tískuverslunina Pex í Molanum á Reyðarfirði ásamt manni sínum, Víglundi Jóni Gunnarssyni. Þau eru með aðra tískuverslun í Neskaupstað.

UNIVERSITATIS ISLANDIAE SIGILLUM

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## MÁLÞING UM HÁSKÓLA FRAMTÍÐARINNAR

### Í Háskóla Íslands 2.-3. maí

Málþing á vegum Háskólans og *Magna Charta-stofnunarinnar um málefni háskóla*. Til þingsins koma nokkrir af helstu sérfræðingum Evrópu í málefnum æðri menntastofnana og þinghaldið er liður í stefnumótunarstarfi á þessu sviði. **Málþingið er öllum opið og fer fram í Odda, stofu 101.**

**Mánudagur 2. maí**
*kl. 13:30-15:00*
**VERKEFNI HÁSKÓLA Í BREYTTUM HEIMI**
**Ingjaldur Hannibalsson** prófessor við Háskóla Íslands
**Andrei Marga** fyrrv. rektor Háskólans í Cluj-Napoca í Rúmeníu
**Francisco Naishtat** prófessor við Háskólann í Buenos Aires í Argentínu

*kl. 15:30-18:00*
**YNGRI FRÆÐIMENN UM MÁLEFNI HÁSKÓLA HORFA TIL FRAMTÍÐARINNAR**
**Henrik Enroth** frá Stokkhólmsháskóla
**Diego Lucci** frá Háskólanum í Napólí
**Guðrún Geirsdóttir** dósent við Háskóla Íslands

**Þriðjudagur 3. maí**
*kl. 13:30-15:00*
**HUGMYNDIR UM HÁSKÓLA FRAMTÍÐARINNAR**
**Roderick Floud** rektor London Metropolitan University á Englandi og varaforseti Samtaka evrópskra háskóla
**Jón Torfi Jónasson** prófessor við Háskóla Íslands
**Páll Skúlason** rektor Háskóla Íslands

*kl. 15:30-17:00*
**PALLBORÐSUMRÆÐUR**
**Madeleine Green** forstöðumaður Center for Institutional and International Initiatives við American Council on Education í Washington
**Germain Dondelinger** yfirmaður málefna æðri menntunar hjá ráðuneyti menningar og rannsókna í Lúxemborg
**Roderick Floud** rektor London Metropolitan University
**Kristín Ingólfsdóttir** verðandi rektor Háskóla Íslands
**Hélène Lamicq** fyrrv. rektor Université Paris XII í Frakklandi
**Páll Skúlason** rektor Háskóla Íslands

Magna Charta-stofnunin var sett á laggirnar árið 1998 á vegum Samtaka evrópskra háskóla (EUA) og Háskólans í Bologna. Hlutverk stofnunarinnar er að fylgjast með framkvæmd þeirra meginmarkmiða um skipulag og rekstur háskóla sem skilgreind eru í Magna Charta Universitatum (yfirlýsingu um markmið og forsendur háskóla). Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á **www.magna-charta.org**.



## Heyrst hefur ...

... að Hreiðar Guðmundsson, markvörður ÍR-inga í handbolta, eigi í viðræðum við KA um að koma norður á næstu leiktíð og spila fyrir heimamenn. Hálft ÍR-liðið er á leið annað og er Hreiðar sagður hafa afar takmarkaðan áhuga á að spila með liði sem er ekki í fremstu röð.

# sport

sport@frettabladid.is




# 60 SEKÚNDUR MEÐ SIGFÚSI SIGURÐSSYNI

**Alfreð Gíslason er...** toppmaður.

**Hvaða leikkerfi er best í Championship manager?** 4-4-2 attacking.

**Þín fyrirmynd í boltanum?** Geir Sveinsson.

**Alfreð Gíslason eða Guðmundur Guðmundsson?** Alfreð Gíslason.

**SS eða bratwurst?** SS að sjálfsögðu. Ein með öllu á Bæjarins bestu er toppurinn.

**Besti sóknarmaður heims?** Ivano Balic.

**Erfiðasti andstæðingur?** Ég sjálfur.

**Besti varnarmaður heims?** Didier Dinart.

**Æfingar eru...** gaman, gaman.

**Besti samherjinn?** Oleg Kulesjov.

**Mars eða Snickers?** Snickers.

**Hvað hefurðu verið þyngstur?** Tæplega 160 kg.

**En léttastur?** Um 92 kg.

## > Við hrósum ...



... sundkonunni Kristínu Rós Hákonardóttur, sem gerði sér lítið fyrir í gær og setti heimsmet í 50 metra skriðsundi á Landsbankamóti Ármanns. Kristín Rós synti á 35,3 sekúndum. Þá bætti hún einnig Íslandsmetið í 200 metra skriðsundi.

## > Við samgleðjumst ...



.... Eiði Smára Guðjohnsen, leikmanni Chelsea, sem í gær náði einhverjum mesta áfanga sem náðst hefur í íslenskri íþróttasögu. Að vera stór hluti af liðinu sem vinnur stærstu knattspyrnudeild í heimi er árangur sem lætur engan Íslending ósnortinn. Til hamingju Eiður, þú átt þetta skilið!

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska úrvalsdeildin*

| | |
|---|---|
| BIRMINGHAM–BLACKBURN | 2–1 |

0–1 Jonathan Stead (13.), 1–1 Robert Blake (61.), 2–1 Emile Heskey (80.).

| | |
|---|---|
| FULHAM–EVERTON | 2–0 |

1–0 Collins John (15.), 2–0 Brian McBride (39.).

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL–MIDDLESBROUGH | 1–1 |

0–1 Szilard Nemeth (4.), 1–1 Steven Gerrard (52.).

| | |
|---|---|
| MAN. CITY–PORTSMOUTH | 2–0 |

1–0 Sylvain Distin (4.), 2–0 Robbie Fowler (16.).

| | |
|---|---|
| NEWCASTLE–CRYSTAL PALACE | 0–0 |
| SOUTHAMPTON–NORWICH | 4–3 |

0–1 David Bentley (3.), 1–1 Matt Oakley (7.), 2–1 Peter Crouch (20.), 2–2 Danny Higginbotham, sjálfsmark (31.), 3–2 Graeme Le Saux (39.), 3–3 Leon McKenzie (45), 4–3 Henri Camara (88.).

| | |
|---|---|
| BOLTON–CHELSEA | 0–2 |

0–1 Frank Lampard (60.), 0–2 Frank Lampard (76.).

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| CHELSEA | 35 | 27 | 7 | 1 | 67–13 | 88 |
| **ARSENAL** | **34** | **22** | **8** | **4** | **74–33** | **74** |
| MAN. UTD | 34 | 20 | 10 | 4 | 50–21 | 70 |
| **EVERTON** | **35** | **17** | **7** | **11** | **41–36** | **58** |
| LIVERPOOL | 36 | 16 | 7 | 13 | 49–37 | 55 |
| **BOLTON** | **36** | **15** | **9** | **12** | **45–41** | **54** |
| SOUTH. | 36 | 6 | 13 | 17 | 42–62 | 31 |
| **C. PALACE** | **36** | **7** | **10** | **19** | **37–58** | **31** |
| WBA | 35 | 5 | 15 | 15 | 33–58 | 30 |
| **NORWICH** | **36** | **6** | **12** | **18** | **41–71** | **30** |

# Hjarta mitt á heima hjá Chelsea

**Eiður Smári Guðjohnsen varð í gær fyrsti Íslendingurinn til að vinna enska meistaratitilinn í knattspyrnu eftir að úrvalsdeildin var sett á laggirnar. Þá vill knattspyrnustjórinn Jose Mourinho vera hjá Chelsea eins lengi og mögulegt er vegna þess að hann elskar félagið.**

**FÓTBOLTI** „Þetta er sérstakur hópur sem ég er með hér hjá Chelsea og hann á þennan titil innilega skilinn,“ sagði Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, eftir að liðið tryggði sér enska meistaratitilinn í fyrsta skipti í 50 ár í gær. Þá sigraði liðið Bolton á útivelli með tveimur mörkum gegn engu og var það Frank Lampard sem skoraði bæði mörkin, það síðara hans átjánda á leiktíðinni. Komst hann þannig upp fyrir Eið Smára Guðjohnsen á lista markahæstu manna Chelsea í úrvalsdeildinni.

„Það getur enginn haldið öðru fram en að við séum verðskuldaðir sigurvegarar. Ég er með frábært fólk með mér, leikmenn og þjálfara, og ég vil vera hjá Chelsea eins lengi og ég get. Hér á hjarta mitt heima,“ bætti portúgalski þjálfarinn við áður en hann skálaði í kampavín við blaðamenn.

Veðbankar voru ekki lengi að taka við sér og aðeins tveimur mínútum eftir að flautað hafði verið til leiksloka sendi breski veðbankinn William Hill frá sér tilkynningu þar sem kom fram að Chelsea væri talið langlíklegastir til að vinna titilinn á næsta ári. Hill metur möguleika Chelsea vera 10 á móti 11 en þar á eftir koma Arsenal og Manchester United, bæði með 4 á móti 11.

Lampard, sem af mörgum er talinn eiga hvað mestan þátt í velgengni Chelsea í ár, átti erfitt með að hemja tilfinningar sínar í leikslok. „Loksins, loksins er titillinn kominn í hús. Við eigum þetta skilið, stuðningsmennirnir eiga þetta skilið. Þeir hafa verið stórkostlegir í allan vetur. Eftir vonbrigðin gegn Liverpool á heimavelli í vikunni töldum við að besta leiðin til að bæta þeim upp frammistöðuna þar væri að sigra hér í Bolton. Við gátum það og nú er titilinn okkar. Nú ætlum við að halda áfram og vinna Liverpool á þriðjudag,“ sagði Lampard, sem greinilega er ekki enn orðinn saddur.

Fyrirliði Chelsea og leikmaður ársins í Englandi, John Terry, sagði tilfinninguna vera þá bestu sem hann hefði nokkru sinni upplifað. „Við erum búnir að bíða svo lengi eftir þessum áfanga og nú loksins höfum við náð honum. Þetta er ótrúlegt, miklu betra en ég átti von á,“ sagði Terry. Spurður hversu mikinn þátt Jose Mourinho ætti í titlinum sagði Terry hann vera stóran. „Hann er frábær og hefur gefið þessu félagi ótrúlega mikið.“

Mourinho segir að margir samverkandi þættir hafi leitt til þeirrar velgengni sem Chelsea hefur notið á leiktíðinni. „Hugarfarið og þráin sem allir þeir sem að félaginu koma búa yfir hefur mest að segja. Við berjumst saman, við vinnum saman og við grátum saman. Og í dag fögnum við saman,“ sagði Mourinho.

vignir@frettabladid.is

> **Við berjumst saman, við vinnum saman og við grátum saman. Í dag fögnum við saman.**



**BESTIR** Þó að leikmenn Chelsea hafi ekki fengið bikarinn afhentan í gær leyfðu þeir sér að fagna á Reebok-vellinum í Bolton í góða stund. Hér brosir Eiður Smára Guðjohnsen til stjóra síns Jose Mourinho eftir að titilinn var í höfn. MYND: NORDIC PHOTO/GETTY IMAGES


GARÐABÆR
www.gardabaer.is

19. júní sjóður

**19. júní sjóður um kvennahlaup ÍSÍ í Garðabæ auglýsir til umsóknar styrki til að efla og styrkja þátttöku kvenna í íþróttum. Sjóðurinn er stofnaður að tilstuðlan íþrótta- og tómstundaráðs Garðabæjar og framkvæmdanefndar um kvennahlaup í Garðabæ.**
Veittir verða styrkir til verkefn sem miða að því að styrkja og efla íþróttir kvenna. Stjórn sjóðsins áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum ef þær, að mati stjórnar, uppfylla ekki framangerint markmið.

Í skriflegri umsókn skal koma fram nákvæm lýsing á verkefni og hvernig umsækjandi sér fyrir sér að verkefnið nýtist sem hvatning til eflingar íþróttum kvenna.

Umsóknum skal skila til íþróttafultrúa á rafrænu formi **Gunnarer@gardabaer.is** eða í Íþróttamiðstöðina Ásgarð, 210 Garðabæ fyrir 17. maí 2005. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð og leiðbeiningar á heimasíðu Garðabæjar. Ráðgert er að úthluta úr sjóðnum 11. júní 2005. Nánari upplýsingar gefur Gunnar Örn Erlingsson, íþróttafulltrúi Garðabæjar, síma 565-8044.

*Stjórn 19. júní sjóðs*

Fræðslu- og menningarsvið


Einn efnilegasti knattspyrnumaður heims:

# Tók Manchester Utd. fram yfir Chelsea



**JOHN OBI MIKEL** Þykir sóknarmaður af guðs náð.

**FÓTBOLTI** Þrátt fyrir að Chelsea sé óumdeilanlega með sterkasta liðið í enskri knattspyrnu í dag þurfti liðið í gær að lúta í lægra haldi fyrir erkifjendunum í Manchester United í slagnum um þjónustu eins eftirsóttasta tánings veraldar, hins nígeríska John Obi Mikel sem er til mála hjá Lyn í Noregi.

Mikel, sem lék sinn fyrsta leik fyrir Lyn í síðustu viku, skrifaði undir fjögurra ára samning við Man. Utd. og mun hann halda til félagsins að loknu tímabilinu í Noregi, í janúar árið 2006.

„Ég er sjálfur hissa á að ég hafi valið Man. Utd. fram yfir Chelsea,“ sagði Mikel, sem er sóknarmaður, á blaðamannafundi í gær, en meginástæða valsins er sögð vera sú að hann taldi sig eiga meiri möguleika á að komast í liðið hjá United í framtíðinni. „Ég er mjög ánægður með að hafa loksins bundið enda á allar vangaveltur um framtíð mína. Nú get ég loksins farið að einbeita mér að því að spila fótbolta. Það er frábært að fá tækifæri hjá jafn stóru félagi og Man. Utd. Það eru ekki margir á mínum aldri sem fá svona tækifæri,“ bætti Mikel við.

Það var í fyrra sem Mikel fór til reynslu hjá ensku stórliðunum og var hann ekki lengi að vekja hrifningu. Jose Mourinho lýsti Mikel sem „gulli“ eftir að hafa séð til hans fyrst og var hann að sögn mjög viss um að Mikel myndi velja Chelsea. Verður hann að láta sér enska meistaratitilinn nægja því að í slagnum um Mikel var það Alex Ferguson sem bar sigur úr býtum.

-vig

Fjölmargir leikir voru á dagskrá í ensku úrvalsdeildinni í gær:

# Ekkert gengur hjá Liverpool



STEVEN GERRARD Skoraði stórkostlegt mark í gær gegn Middlesbrough og á þessari mynd fagnar hann því. Því miður náði Liverpool ekki að fylgja eftir með öðru marki.

**FÓTBOLTI** Það á ekki af Liverpool að ganga í ensku úrvalsdeildinni og í gær kastaði liðið svo gott sem frá sér möguleikanum á fjórða sæti deildarinnar með því að ná aðeins jafntefli gegn Middlesbrough á heimavelli, 1-1.

Liverpool byrjaði leikinn skelfilega og á 4. mínútu skoraði Szilard Nemeth eftir hörmulegan varnarleik frá Mauricio Pellegrino, sem heldur Sami Hyypiä út úr liðinu þrátt fyrir skelfilega frammistöðu hverja vikuna á eftir annarri. Liðið tók sig á í síðari hálfleik og uppskar eitt af mörkum ársins þegar Steven Gerrard þandi netið en þegar yfir lauk höfðu leikmenn Liverpool ekki náð að finna fleiri glufur á sterkri vörn gestanna.

Rafael Benitez, stjóri Liverpool, var öskureiður í leikslok. „Við spiluðum af eðlilegri getu í 20 mínútur í síðari hálfleik. Annars var þetta skítabolti allan leikinn og við að eyða tíma með því að tefja, gefa aukaspyrnur og ná okkur í spjöld. Þetta var ömurlegt,“ sagði Benitez eftir leikinn en hann þarf að rífa sína menn upp úr öldudalnum og það fljótt, því á þriðjudag fer fram síðari leikurinn gegn Chelsea í Meistaradeildinni.

„Ég get lofað því að þar verður allt önnur frammistaða á boðstólum. Við erum alltaf svona lélegir í deildinni eftir að hafa keppt í Meistaradeildinni vikuna áður og það er nokkuð sem verður að breytast í framtíðinni,“ bætti Benitez við.

Þó að Chelsea hafi tryggt sér sjálfan meistaratitilinn er enn með öllu óljóst hvað lið munu falla en Southampton komst upp úr fallsæti með frábærum sigri á Norwich í spennuþrungnum leik. Harry Redknapp, stjóri Southampton, tók áhættu undir lokin með því að setja framherjann Henri Camara inn á og átti það eftir að borga sig – Senegalinn skoraði sigurmarkið þremur mínútum fyrir leikslok og gaf Dýrðlingunum þrjú dýrmæt stig sem gætu farið langt með að bjarga liðinu frá falli, enn eitt árið.

„Þetta var spurning um heppni en ekki klæki,“ sagði Redknapp eftir leikinn. „Staðan var jöfn og við þurftum að sigra. Hvað átti ég að gera annað? Auðvitað set ég annan framherja inn á til að reyna að vinna leikinn. Og það heppnaðist.“

-vig

*Í tilefni af fyrirtækjakeppninni Hjólað í vinnuna 2.-13. maí*

# Hjólalestin

Heilsusamleg og umhverfisvæn

## Fimmtudaginn, 5. maí

**Nauthólsvík – Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn**

**Hjólað til Nauthólsvíkur frá eftirtöldum stöðum.**
**Lagt af stað kl. 12.00.**

**Frá Spönginni** - viðkoma á Gullnesti/Olís kl. 12:30
**Frá Smáratorg** - viðkoma við Sundlaug Kópavogs kl. 12:30
**Frá Mjódd** til Nauthólsvíkur

***Klukkan 13.00 leggur hjólalestin af stað í fylgd vetnisstrætó úr Nauthólsvík***

**Leiðin Nauthólsvík - Húsdýragarður**
Nauthólsvík – Suðurgata – Aðalstræti – Grófin – Geirsgata – Kalkofnsvegur – Sæbraut – Kringlumýrarbraut –Sundlaugarvegur – Reykjavegur - Húsdýragarður

**Dagskrá í Fjölskyldu- og húsdýragarði kl. 14**

Stutt og hressileg ávörp lestarstjóra

**Lína langsokkur** kíkir við og sprellar og dregur í happadrætti um glæsileg hjólreiðaverðlaun frá Húsasmiðjunni.

Landsbjörg verður með ráðleggingar varðandi öryggisatriði í umferðinni.

*Ókeypis ferðir með vetnisstrætó úr Húsdýragarðinum kl. 15:30 í Nauthólsvík, Spöngina, Mjódd og á Smáratorg.*

*Allir þeir sem mæta á hjóli með hjálm í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn fá ókeypis aðgang og happdrættismiða.*

***Allir velkomnir!***

Strætó · FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN · HÚSASMIÐJAN · Ólympíufjölskyldan · ÍSLANDSBANKI · SJÓVÁ · ICELANDAIR · VISA · LHM · LÝÐHEILSUSTÖÐ · Ísland á iði Hreyfa sig!

## KAUPTHING MANAGER SELECTION

Société d'Investissement à Capital Variable
12, rue Guillaume Schneider, L-2522 Luxembourg
Companies Registrar Luxembourg No B 72.942

### NOTICE TO SHAREHOLDERS

*******************

The board of directors of KAUPTHING MANAGER SELECTION (the "Fund") has decided to amend the existing Prospectus of the Fund in order to reflect the following changes:

- Termination of the Investment Advisory Agreement as well as the Distribution Agreement with Kaupthing Bunadarbanki hf. with effect as of May 31st, 2005;
- Appointment of Kaupthing Bank Oyj, having its registered office at Pohjoisesplanadi 37 A, 00100 Helsinki, as investment manager with effect as of May 31st, 2005 for each compartment of the Fund, with the duty, on a daily basis and subject to the overall control and responsibility of the Board of Directors of the Fund, to purchase and sell securities and otherwise to manage the portfolio of the compartment concerned;
- Appointment of Kaupthing Bank Oyj, having its registered office at Pohjoisesplanadi 37 A, 00100 Helsinki, as Principal Distributor with effect as of May 31st, 2005 with the duty to market and promote the shares of the Fund;
- Amendment of the fee structure of the Fund to allow fees due to the custodian and central administrator of the Fund to be charged directly to the Fund in addition to the fees due to the investment manager. The custodian and central administrator of the Fund will be entitled to receive out of the assets of each compartment a fee of 0.06% and 0.12% with a minimum of EUR 18,200 and a maximum of EUR 38,000 p.a. per compartment with one active share class and a minimum of EUR 26,400 and a maximum of EUR 52,800 p.a. per compartment with two active share classes respectively, calculated daily on the compartment's net assets and which will be paid on a monthly basis; in addition, the Custodian will also be entitled to receive transaction fees;
- Possibility for the Fund to issue, redeem and convert fractions of shares to three decimal places (rather than only two decimal places);
- Amendment of the period of time within which payments in relation to the issue of shares must be received by the Fund from four business days to three business days following the valuation date. All payments to be made by the Fund will remain due within five business days following the valuation date;
- Change of the reference currency of Kaupthing Manager Selection – Europe from USD to EUR.
- Amendment of the publication rules in such way that announcements of changes as well as the convening of general meetings of shareholders will be published in accordance with Luxembourg laws and in such newspaper(s) as determined from time to time by the Board of Directors.

The above changes shall be reflected in an updated version of the Prospectus, dated May 2005, available at the registered office of the Fund.

**Shareholders who do not agree with the above changes may have all or part of their Shares redeemed, without any charges, during a period beginning on the date of this publication up to May 31st, 2005, at the relevant Net Asset Value per Share.**

Luxembourg, April 27th 2005

The Board of Directors

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > BJÖRN DÆHLIE

# ÍSLAND ER DÁSAMLEGT LAND

**Að æfa tæpar 1.100 klukkustundir á ári og brenna allt að 9.000 hitaeiningum dag hljómar í fyrstu eins fjarri raunveruleikanum og mögulegt er. Þetta er engu að síður það sem besti skíðagöngumaður allra tíma, Björn Dæhlie, gerði á sínum gullaldarárum. Fréttablaðið hitti Dæhlie í vikunni og ræddi við hann um fortíðina og framtíð, Ísland og afreksmenn.**



**BJÖRN DÆHLIE** Er afskaplega hógvær og lítillátur í framkomu og lítur alls ekki stórt á sjálfan sig eins og miklir afreksmenn eiga gjarnan til. Á næsta ári verður hann þremur íslenskum skíðamönnum innan handar og ætlar hann eftir fremsta megni að reyna að hjálpa þeim að komast á Vetrarólympíuleikana í Tórínó á næsta ári.

Umrædd gullaldarár Dæhlie voru á tímabilinu 1991-1999. Þá vann hann til 14 verðlauna á þremur Ólympíuleikum, þar af átta gullverðlaun, auk þess að vinna fjölda heims- og Evrópumeistaratitla. Að öllu samanlögðu er verðlaunaafrakstur Dæhlie á ferlinum nokkuð sem fáir, ef nokkrir, aðrir afreksmenn geta státað af.

Í dag hefur hann dregið sig úr sviðsljósinu og frá því að hann hætti keppni um aldamótin hefur Dæhlie skrifað bækur, haldið fyrirlestra og starfað í sjónvarpi. Þá stofnaði hann sitt eigið byggingafyrirtæki sem og fatahönnunarfyrirtæki sem vinnur nú hörðum höndum við að búa til skíðalínu sem nýjar kynslóðir munu koma til með að klæðast á Ólympíuleikum næstu ára.

> **Þetta hljómar eins og bilun en þetta er það sem þarf til að komast í hóp þeirra bestu.**

Þá æfir hann „ekki nema“ fimm sinnum í viku að eigin sögn og fer mestur tími hans í að sinna konu sinni og tveimur börnum.

„Eftir að ég kynntist fjölskyldulífinu fengu skíðin að fara á hilluna. Ég reyni að eyða sem mestum tíma með fjölskyldunni minni. Hún er það mikilvægasta í lífinu,“ segir þessi dáðasti íþróttamaður Noregs fyrr og síðar og sá sem oft hefur verið nefndur boðberi þessarar skíðaíþróttar á síðari árum.

Í rúm tíu ár helgaði Dæhlie sig skíðagöngunni, einni af alerfiðustu íþróttagreinum heims, þar sem eina leiðin til árangurs er æfing, æfing og aftur æfing. Henni sinnti Dæhlie með svo þrotlausum hætti að erfitt er að gera sér í hugarlund.

Þegar hann var upp á sitt allra besta æfði Dæhlie hátt í fimm klukkustundir á dag, þar sem mestur tíminn fór í að hlaupa. Hann hljóp tugi kílómetra á degi hverjum þar sem dagleg brennsla var um 9.000 hitaeiningar að meðaltali – fjórfaldur ráðlagður dagskammtur fyrir meðalmann. Það segir sig sjálft að til að brenna þvílíku magni af hitaeiningum þarf að borða ansi mikið og segir Dæhlie að sykur sé besti vinur skíðagöngumannsins. „Þegar mest var fór sólarhringurinn að langmestu leyti í þrjá einfalda hluti; æfa, borða og sofa,“ segir hann.

Súrefnisinntaka er hlutur sem skíðagöngumenn verða að hafa í lagi og til að auka hana er einfaldasta ráðið að æfa sem mest. Til að undirstrika hversu góðu formi Dæhlie var í má geta þess að aðeins einn maður í sögunni hefur mælst með meiri súrefnisinntöku en hann – spænski hjólreiðagarpurinn Miguel Indurain. Súrefnisinntaka Dæhlie mældist 95 en sá spænski var einu stigi hærri. Til samanburðar má nefna að það þykir afburðagott þegar knattspyrnumaður mælist með súrefnisinntöku upp á 65-70.

„Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta hljómar eins og bilun þegar svona er að orði komist. En þetta er það sem þarf til að komast í hóp þeirra bestu,“ segir Dæhlie.

### Eiður er sönnun

Nú hefur Dæhlie tekið að sér að halda utan um hóp tólf skíðamanna af Norðurlöndunum sem eiga það sameiginlegt að hafa verið valdir í svokallaðan hóp vonarstjarna VISA. Þrír íslenskir skíðamenn eru í hópnum, þau Kristján Uni Óskarsson, Dagný Linda Kristjánsdóttir og Elsa Guðrún Jónsdóttir, og er markmiðið að komast á Vetrarólympíuleikana sem haldnir verða á næsta ári í Tórínó á Ítalíu. Það var vegna sinnar miklu reynslu sem Dæhlie var beðinn um að vera þessum hópi innan handar og það var eftir að hann hafði sett sig í spor hinna ungu skíðamanna sem hann ákvað að slá til.

„Ég hefði ekki slegið hendinni á móti slíkri hjálp þegar ég var tvítugur. Svona stuðningur eins og VISA er að sýna er ekkert minna en ómetanlegur og hjálpar Íslendingum til að komast á stærsta íþróttaviðburð heims,“ segir Dæhlie og á þar við Ólympíuleikana.

„Mitt hlutverk er að miðla til þeirra því sem ég hef lært á mínum ferli og gefa þeim ráð um allt milli himins og jarðar – tækni, undirbúning, keppni, æfingar, fjölmiðla og einfaldlega lífsstílinn sem íþróttamaður,“ segir Dæhlie, sem þannig leggur sitt af mörkum til skíðaíþróttarinnar.

Þrátt fyrir að hafa margoft verið beðinn um það hefur Dæhlie ekki tekið að sér þjálfun skíðagöngumanna. Fjölskylda hans og fyrirtækin tvö eiga hug hans allan auk þess sem hann sinnir áhugamálum sínum af miklum móð. Til að sinna tveimur þeirra, skotveiði og fiskveiði, hefur Dæhlie í tvígang lagt leið sína til Íslands.

„Ísland er dásamlegt land og það var æðislegt að veiða þar. Ég á alveg örugglega eftir að koma aftur.“

Dæhlie segist lítið þekkja til íslenskra íþróttamanna fyrir utan skíðamennina þrjá. Einn kemur

> **Eiður Smári er frábær leikmaður og einn af þeim bestu í enska boltanum.**

þó fljótlega upp í hugann. „Eiður Smári Guðjohnsen. Frábær leikmaður og einn af þeim bestu í enska boltanum,“ segir Dæhlie, sem er mikill áhugamaður um fótbolta og þá sérstaklega þann enska.

„Það að Eiður Smári skuli vera lykilmaður í stærsta knattspyrnuliði heims finnst mér aðdáunarvert. Að Ísland, 300 þúsund manna eyja í Atlantshafinu, skuli eiga slíka afreksmenn sannfærir mig enn frekar um að fleiri íslenskir íþróttamenn geti náð jafn langt, eins og til dæmis skíðamennirnir ungu,“ segir Dæhlie og bendir á íslensku krakkana í afrekshópnum sem eiga, að undanskildum Kristjáni Una, enn eftir að ná ÓL-lágmörkunum. „Ég hef fulla trú á að þau geti komist á ÓL og gert góða hluti þar.“



**SÁ BESTI** Dæhlie var nánast ósigrandi í skíðagöngunni á tíunda áratugnum og hefur hann unnið til fleiri verðlauna á vetrarólympíuleikum en nokkur annar í sögunni.

vignir@frettabladid.is

Við bjóðum
ÓDÝRT
Stálhillur
en gott

Stálhillur í fyrirtæki og heimili
Stærð:
D: 40 cm
B: 100 cm
H: 200 cm
5 hillur
STERKAR
kr. 9.786,-
Næsta bil
kr. 6.325,-
1855 / TAKTÍK nr.41 A
UMBOÐS- OG HEILDVERSLUN
Straumur
HÖFÐABAKKI 9 112 REYKJAVÍK
SÍMI: 544 5330 FAX: 544 5335
www.straumur.is

Úrslitin ráðin í þýsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu:

## Bayern varð meistari

**FÓTBOLTI** Bayern München tryggði sér í gær þýska meistaratitilinn í fótbolta í 18. skiptið með 4-0 stórsigri á Kaiserslautern á útivelli. Þótt enn séu þrjár umferðir enn óleiknar í Þýskalandi voru Bæjarar krýndir meistarar því liðið náði með sigrinum í gær 11 stiga forskoti á toppnum og því ómögulegt fyrir önnur lið að ná því að stigum. Hollenski framherjinn Roy Maakay skoraði þrennu fyrir Bayern í gær en áður hafði Michael Ballack komið sínum mönnum yfir.

Felix Magath, stjóri Bayern, sagði eftir leikinn að sínir menn ættu titilinn fyllilega skilinn. „Við höfum verið besta liðið síðustu tíu mánuði og það hefði verið rán hefði einhver tekið af okkur þennan bikar,“ sagði Magath og Ballack tók í sama streng. „Við höfum sannað að við erum með langbesta liðið. Í kvöld ætlum við að leyfa okkur að fagna þeirri staðfestingu,“ sagði Ballack með kampavínsflöskuna í hendi.



**SILFURSKJÖLDURINN** Leikmenn Bayern stigu stríðsdans í fagnaðarlátunum eftir leikinn í gær.

# LIÐIÐ MITT > JÓN ARNÓR STEFÁNSSON SETUR SAMAN DRAUMALIÐIÐ SITT Í NBA-DEILDINNI



## Kevin Garnett á varamannabekknum

**LEIKSTJÓRNANDI - STEVE NASH** Nasharinn er besti leikstjórnandinn í deildinni í dag. Er mjög skæður sóknarmaður sem finnur alltaf opna manninn og er erfiður við að eiga.

**SKOTBAKVÖRÐUR - KOBE BRYANT** Kobe er mikill íþróttamaður og enginn efast um hæfileika hans þrátt fyrir vandræði utan vallar. Getur skorað að vild.

**LÍTILL FRAMHERJI - TRACY MCGRADY** McGrady getur klárað leiki upp á eigin spýtur og er, rétt eins og Kobe, mikill sýningargripur. Hann er með troðslurnar og allan pakkann og það er alltaf unun að horfa á hann spila körfubolta.

**STÓR FRAMHERJI - DIRK NOWITZKI** Dirk er hrikaleg byssa. Hann mætti kannski bæta sig varnarlega séð en hann er engu að síður besti Evrópumaðurinn í NBA í dag.

**MIÐHERJI - SHAQUILLE O'NEAL** Shaq er tröllið sem enginn ræður við og klárlega besti miðherji deildarinnar í dag.

**SJÖTTI MAÐUR - KEVIN GARNETT** Það er spurning hvort Garnett yrði sáttur að koma af bekknum? En hann gefur sig allan í leikinn frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu og er pottþéttur í því sem hann gerir.




*„Þetta lið yrði besta lið allra tíma í NBA-deildinni og það yrði skandall ef það færi ekki taplaust í gegnum heilt leiktímabil."*

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

28 29 30 **1** 2 3 4

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- ☐ 17.00 **ÍA** og **Þróttur** mætast í Egilshöllinni í undanúrslitum deildabikars karla í fótbolta.
- ☐ 19.00 **KR** og **Breiðablik** mætast í Egilshöllinni í undanúrslitum deildabikars karla í fótbolta.
- ☐ 17.00 **Valaur** og **ÍBV** mætast á Stjörnuvelli í undanúrslitum deildabikars kvenna í fótbolta.

### SJÓNVARP

- ☐ 09.30 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Útsending frá leik **Ciudad Real** og **Barcelona** í meistaradeildinni í handbolta frá því í gær.
- ☐ 11.00 **Bandaríska mótaröðin í golfi** á Sýn. Mánaðarlegur þáttur um bandarísku mótaröðina í golfi.
- ☐ 11.50 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- ☐ 11.55 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Tottenham** og **Aston Villa** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- ☐ 12.20 **Meistaradeildin í fótbolta** á Sýn. Fréttaþáttur um Meistaradeildina í fótbolta.
- ☐ 12.50 **Ítalski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Juventus** og **Bologna** í ítölsku úrvalsdeildinni í fótbolta.



- ☐ 14.50 **NBA-boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Washington Wizards** og **Chicago Bulls** í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta.
- ☐ 15.00 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Charlton** og **Manchester United** í ensku úrvalsdeildinni í fótbolta.



- ☐ 16.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Albacete** í spænsku úrvalsdeildinni í fótbolta.
- ☐ 19.00 **Inside the US PGA Tour 2005** á Sýn.
- ☐ 19.30 **NBA-boltinn** á Sýn. Bein útsending frá fjórða leik **New Jersey** og **Miami** í úrslitakeppni NBA-deildarinnar í körfubolta.
- ☐ 22.00 **US PGA Zürich Classic** á Sýn. Mótið er liður í bandarísku mótaröðinni í golfi.
- ☐ 22.00 **Helgarsportið** á RÚV. Farið verður yfir íþróttaviðburði helgarinnar.
- ☐ 01.00 **Ítalski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Juventus** og **Bologna** frá því fyrr um daginn.

# Tveir hörkuleikir í Egilshöllinni

**Fréttablaðið fékk Leif Garðarsson til að spá í undanúrslitaleiki deildabikars karla í knattspyrnu sem fara fram í dag í Egilshöllinni. Skaginn mætir Þrótti og Breiðablik spilar við KR.**

**FÓTBOLTI** Undanúrslit deildabikars karla í knattspyrnu fara fram í Egilshöllinni í dag. ÍA og Þróttur mætast klukkan 17.00 og tveimur tímum síðar hefst leikur KR og Breiðabliks.

1. deildar lið Breiðabliks kom mjög á óvart með því að slá út Íslands- og deildabikarmeistara FH-inga í vítaspyrnukeppni í átta liða úrslitunum en þau fjögur lið sem komust í undanúrslitin eru einmitt tvö efstu liðin úr hvorum undanriðli.

Fréttablaðið heyrði í Leifi Garðarssyni, aðstoðarþjálfara FH-liðsins, og fékk hann til þess að spá í leiki dagsins.

„Skagamenn hafa misst nokkra lykilmenn frá því í fyrra en þeir eru alltaf að fá inn unga og efnilega leikmenn sem hlaupa í skörðin. Skagamenn voru með frábæran 2. flokk í fyrra sem við í FH töpuðum sem dæmi fyrir í úrslitaleik á Íslandsmóti undir 23 ára liða. Það er alveg ljóst að þar eru strákar sem geta tekið við keflinum í meistaraflokksliðinu," segir Leifur um breytingar á Skagaliðinu.

„Þróttararnir eru eins og öll lið sem Ásgeir er með, að reyna að spila fótbolta þó að þeir kannski svæfi svolítið andstæðinginn með rólegu spili aftarlega á vellinum. Miðað við það sem ég hef séð til Valsmanna kom það mér svolítið á óvart að Þróttarar skyldu vinna þá í átta liða úrslitunum. Það sýnir að þeir hafa eitthvað til brunns að bera. Ég held að hvorugt þessara liða sem eru að koma upp, Þróttur og Valur, standi hinum átta liðunum svo langt að baki. Ég held að þetta verði mjög jafn leikur en kannski maður segi að hefðin sigri og Skaginn fari áfram," segir Leifur.

Leifur ber taugar til síns gamla félags en hefur einnig hrifist af liði Breiðabliks í vetur. Bjarni Jóhannesson og lærisveinar hans slógu FH-ingana einmitt út úr keppni í átta liða úrslitunum og segir Leifur það hafa verið sanngjörn úrslit.

„Breiðablik var mun betri aðilinn í fyrri hálfleik í okkar leik. Blikarnir voru viljugir, vinnusamir og duglegir og það er oft það sem skiptir höfuðmáli í þessu. Ég vona fyrir Bjarna hönd að þeim gangi vel í sumar. Þeir mæta þarna mörgum af mínum gömlu lærisveinum í KR sem hafa verið að stíga sín fyrstu skref í meistaraflokki. Auðvitað vill maður sínum afkvæmum vel," segir Leifur, sem þjálfaði yngri flokka hjá KR fyrir nokkrum árum áður en hann hélt í Hafnarfjörðinn.

„Það hefur kannski verið beðið eftir því að Blikarnir gerðu eitthvað á sig í þessum undirbúningsleikjum en ef þeir mæta með sama dugnað og kraft og þeir mættu með í fyrri hálfleik á móti okkur geta þeir strítt KR-ingum.

Ég get því alveg séð fyrir mér tvo hörkuleiki þó að maður hallist þó að því að Akranes og KR spili úrslitaleikinn. Þetta verður örugglega fín skemmtun og ég er viss um að menn hafa ekkert betra að gera seinnipartinn en að fara á þessa leiki," segir Leifur að lokum og það er alveg óhætt að taka undir orð hans.

ooj@frettabladid.is



**SPÁÐ Í SPILIN** Leifur Garðarsson, aðstoðarþjálfari FH-liðsins, á von á tveimur jöfnum leikjum í undanúrslitum deildabikarsins í dag.

**EINAR LOGI VIGNISSON: DÓPIÐ Á ÍTALÍU**



# *Landsliðsfyrirliði í læknisleik*

Alltaf hefur setið í mér setningin úr Drugstore Cowboy, raunsæju eiturlyfjadrama Gus Van Sant, þegar höfuðpersónan leikin af Matt Dillon segir um karakter William S. Burroughs að hann hafi skotið minnst milljón dollara virði af heróíni í handlegginn á sér um ævina. Skelfilegt er að hugsa til þess hvað fólk sem ánetjast eitrinu þarf að leggja á sig til þess að fjármagna neysluna og verður áhrifameira þegar hugsað er til þess að óskýr mörk eru á milli persónunnar sem rithöfundurinn Burroughs leikur í myndinni og hans sjálfs en þessi konungur ofskynjunarbókmenntanna barðist alla ævi við gríðarlega fíkn og eyddi lunganum af tekjum sínum í eitur af ýmsum sortum.



Ofangreindar hugleiðingar um fjármögnunarkostnað fíknarinnar komu upp í kolli mínum í vikunni þegar ég las langa úttekt í ítölsku sportblaði um áætlaðan lyfjakostnað ítölsku knattspyrnuliðanna síðustu árin. Tölurnar eru svo háar að mann grunaði að ítalskir reiknuðu ennþá í lírum en ekki evrum. Sláandi var hversu nákvæmar og ábyggilegar niðurstöðurnar eru, meðalliðið fer með jafn mikið fé í lyfjakaup og læknar á meðalheilsugæslustöð þar í landi skrifa út sínum sjúklingum til handa á einu ári. Innan við þrjátíu fullfrískir karlmenn þurfa sumsé jafnmikið af hinum og þessum lyfjum að halda og nokkur þúsund venjulegra borgara!

### Leggur settur upp í Moskvu

Víst er að þessir drengir fá ekki ódýrustu sortirnar og ekki spáð í ríkisniðurgreiðslur þegar læknar liðanna leggjast í skottulækningar sínar í leitinni að undrakokkteilnum. Nánast vísindaskáldskaparbragur á listanum yfir lyfin, ekki einungis sterar og pepperar í hávegum heldur úrval úr sérlyfjaskránni með áherslu á gigtarlyf, þunglyndislyf, lyf gegn vöðvarýrnun og hjartalyf. Síðastnefndi lyfjaflokkurinn hefur fengið mikla umfjöllun eftir að ítalska ríkissjónvarpið sýndi á fimmtudagskvöldið myndskeið þar sem Fabio Cannavaro, leikmaður Juventus og landsliðsfyrirliði Ítala, sést fá lyfið Neoton gefið í æð daginn fyrir úrslitaleikinn í Evrópukeppni félagsliða 1999 en Cannavaro lék þá með Parma sem mætti Marseille í Moskvu og sigraði 3-0.

Neoton er lyf sem jafnan er notað þegar hjartaaðgerðir eru framkvæmdar en læknar Parma virðast hafa gert sér grein fyrir einhverjum gagnlegum áhrifum fyrir leikmennina eða hreinlega treyst á nafnið sem er dregið af því sem heitir á máli líffræðinnar að viðhalda einhverjum einkennum æskuskeiðs á fullorðinsaldri. Myndskeið þetta mun hafa verið tekið á upptökuvél Cannavaros sjálfs og sýnir leikmenn Parma skríkja og skemmta sér í læknisleik þar sem aðalsportið var að setja upp legg fyrir fyrirliðann, sem síðan nýtur lyfjagjafarinnar og fer með gamanmál á meðan. Einhvern veginn rataði þessi kostulega upptaka í hendur manna sem sáu ástæðu til þess að koma spólunni til ríkissjónvarpsins. Lögfræðingar Cannavaros reyndu án árangurs að fá birtinguna stöðvaða en hafa haldið uppi miklum vörnum enda getur málið skaðað ímynd hans mjög. Þeir hafa bent á að atriðið sé algjörlega slitið úr samhengi og lyfið sé auk þess ekki á bannlista alþjóða knattspyrnusambandsins og því ekkert óeðlilegt né ólöglegt á ferðinni.

### Löglegt en siðlaust

Knattpyrnusambandið stendur með sínum manni og mun Cannavaro halda fyrirliðabandinu. „Það var ekki uppörvandi að sjá leikmann fá lyf í æð en Cannavaro hefur alltaf leikið af lífi og sál fyrir landsliðið og mun verða fyrirliði áfram," sagði forseti knattpyrnusambandsins, Franco Carraro, en bætti því við að þörf væri á skýrari lagasetningu í alþjóðaíþróttum um hvað væri talið viðeigandi.

„Það að sjá fullkomlega heilbrigða íþróttamenn taka inn lyf fær mann til að staðnæmast. Við þurfum nýja löggjöf sem tryggir að ekki séu svona margar holur í kerfinu. Ekki síður þarf að huga að siðferðishliðinni." sagði Carraro, sem hefur þurft að glíma við stöðug lyfjahneyksli síðustu árin, einkum í kringum málaferlin yfir læknum Juventus sem fengu nýverið heldur létta dóma eftir löng réttarhöld. Leikmennirnir í því máli sluppu allir enda málið vandræðalegt fyrir alla aðila og miðað við þau bönn sem menn hafa hlotið undanfarin ár verður að efast um raunverulegan vilja knattspyrnuyfirvalda til að taka á vandanum. Einu málin sem er tekið á af festu eru þau sem lúta að hefðbundnum eiturlyfjum á borð við kókaín.

Virðist augunum lokað fyrir því að glundurkokkteilar skottulæknanna geta reynst leikmönnum enn hættulegri en samkvæmisdópið.

**LEIKIR GÆRDAGSINS**

*DHL-deild karla í handbolta fyrsti úrslitaleikur*

| HAUKAR–ÍBV | 31–30 (15–14) |
|---|---|

**Mörk Hauka**: Vignir Svavarsson 6 (6 skot), Þórir Ólafsson 6 (8/1), Jón Karl Björnsson 6/2 (11/2), Andri Stefan 6 (12, 7 stoðsendingar), Halldór Ingólfsson 4 (7, 4 stoðsendingar), Ásgeir Örn Hallgrímsson 3 (6, 5 stoðsendingar).
**Varin skot**: Birkir Ívar Guðmundsson 20/1 (af 47/3, 43%), Jónas Stefánsson 3 (af 6, 50%).
**Mörk ÍBV**: Tite Kalandadze 10 (17, allt langskot), Svavar Vignisson 7 (9, 4 mörk á fyrstu 6 mínútum leiksins), Robert Bognar 5 (6), Zoltan Belányi 3/1 (4/1), Samúel Ívar Árnason 3/1 (7/2), Sigurður Ari Stefánsson 2 (8, 8 stoðsendingar þar af 6 inn á línu).
**Varin skot**: Roland Valur Eradze 11/1 (35/3, 31%, varði 7 af fyrstu 14 skotum Hauka), Jóhann Ingi Guðmundsson 5 (af 12, 42%).

*Deildabikar kvenna*

| BREIÐABLIK–KR | 2–2 (3–5 í vítak.) |
|---|---|

**Mörk Hauka**: VignÓlína Guðbjörg Viðarsdóttir (60.), Lára Hafliðadóttir (112.) – Ásgerður Ingibergsdóttir (26.), Hrefna Huld Jóhannesdóttir (115.). **Petra Fanney Bragadóttir**, markvörður KR varði eina af vítaspyrnum Blika á sama tíma og KR nýtti allar fimm vítaspyrnur sínar. KR mætir annaðhvort Val eða ÍBV í úrslitaleiknum.

*Enska 1. deildin*

| BURNLEY–PLYMOUTH | 2–0 |
|---|---|

**Bjarni Guðjónsson** sat allan leikinn á varamannabekk Plymouth.

| | |
|---|---|
| COVENTRY–DERBY | 6–2 |
| GILLINGHAM–CARDIFF | 1–1 |
| IPSWICH–CREWE | 5–1 |
| PRESTON–WIGAN | 1–1 |
| QPR–NOTTINGHAM FOREST | 2–1 |
| READING–WOLVES | 1–2 |

**Ívar Ingimarsson** hóf leikinn á bekknum fyrir Reading en kom inn á á 62. mínútu.

| | |
|---|---|
| ROTHERDAM–BRIGHTON | 0–1 |
| SHEFFIELD UTD–MILLWALL | 0–1 |
| STOKE–WATFORD | 0–1 |

**Heiðar Helguson** skoraði mark Watford á 51. mínútu en **Brynjar Björn Gunnarsson** lék ekki með vegna meiðsla. **Þórður Guðjónsson** var ekki í leikmannahópi Stoke.

*Þýska Bundeslígan*

| M´GLADBACH–STUTTGART | 2–0 |
|---|---|

1–0 Oliver Neuville (16.), 2–0 Vaclav Sverkos (24.).

| FREIBURG–B. DORTMUND | 2–2 |
|---|---|

1–0 Wilfried Sanou (11.), 1–1 Ewerthon (37.), 1–2 Jan Koller (40.), 2–2 Ismail Coulibaly (83.).

| HANSA ROSTOCK–H. BERLIN | 2–1 |
|---|---|

1–0 Tim Sebastian (45.), 2–0 Jari Litmanen (71.), 2–1 Yildray Basturk (74.).

| KAISERSLAUTERN–B. MÜNCHEN | 0–4 |
|---|---|

0–1 Michael Ballack (19.), 0–2 Roy Makaay (35.), 0–3 Roy Makaay (48.), 0–4 Roy Makaay (67.).

| SCHALKE–B. LEVERKUSEN | 3–3 |
|---|---|

0–1 Paul Frier (23.), 1–1 Lincoln (30.), 2–1 Lincoln (37.), 3–1 Ebbe Sand (41.), 3–2 Dimitar Berbatov (56.), 3–3 Andrej Voronin (64.).

| BOCHUM–MAINZ | 2–6 |
|---|---|

0–1 Benjamin Auer (6.), 1–1 Vratislav Lokvenc (26.), 1–2 Michael Thurk (60.), 1–3 Fabian Gerber (65.), 1–4 Antonio Da Silva (68.), 1–5 Benjamin Weigelt (77.), 1–6 Conor Casey (84.), 2–6 Tommy Bechmann (87.).

| W. BREMEN–A. BIELEFELD | 3–0 |
|---|---|

1–0 Ludovic Magnin (43.), 2–0 Tim Borowski (53.), 3–0 Miroslav Klose (79.).

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| B. MÜNCHEN | 31 | 21 | 5 | 5 | 62–27 | 68 |
| **SCHALKE** | **31** | **18** | **3** | **10** | **50–42** | **57** |
| STUTTGART | 31 | 16 | 7 | 8 | 52–35 | 55 |
| **W.BREMEN** | **31** | **16** | **5** | **10** | **62–34** | **53** |
| H.BERLIN | 31 | 14 | 11 | 6 | 56–30 | 53 |

# Haukasigur með minnsta mun

## Haukar unnu fyrsta úrslitaleikinn gegn ÍBV í handbolta karla með minnsta mögulega mun, 31-30, og það stefnir í jafnt og spennandi úrslitaeinvígi sem fer næst til Eyja á þriðjudaginn.

**HANDBOLTI** Haukar unnu fyrsta úrslitaleikinn gegn ÍBV með minnsta mun, 31-30, í DHL-deild karla í handbolta en hann fór fram á Ásvöllum í gær. Haukar eru því enn taplausir í úrslitakeppninni í ár en fara næst til Eyja þar sem heimamenn hafa unnið alla fjóra leiki sína í úrslitakepppninni í ár.

ÍBV byrjaði betur og náði mest þriggja marka forskoti, 7-10, í fyrri hálfleik en Haukar komust yfir fyrir hlé, ekki síst þökk sé góðri markvörslu Birkis Ívars Guðmundssonar á lokamínútum hálfleiksins en hann varði þá úr þremur dauðafærum og einu víti. Haukar héldu frumkvæðinu síðan út leikinn en það var Jónas Stefánsson varamarkvörður sem gulltryggði sigurinn með því að verja þrumuskot Tite Kalandaze sjö sekúndum fyrir leikslok. Tite var annars nánast óstöðvandi með tíu glæsileg mörk úr langskotum en Eyjaliðið sárvantaði framlag frá fleirum og Roland varði aðeins 1 af 10 skotum í seinni hálfleik áður en honum var skipt út af. Haukaliðið náði að vinna leikinn þrátt fyrir að stjörnuleikmaður þess, Ásgeir Örn Hallgrímsson, næði sér ekki á strik. Vignir Svavarsson stígur ekki feilspor þessa dagganna og það var ótrúlegt að fylgjast með fyrirliða Hauka leiða sína menn til sigurs.

### Við vorum ekki sannfærandi

„Nú erum við að spila um dolluna, þessa sem við höfum verið að æfa fyrir, og þá er ekkert gefið eftir. Sóknin og vörnin voru bæði ágæt en mér fannst við ósannfærandi á báðum sviðum. Þeir eru alltaf í hælunum á okkur allan leikinn og við náum aldrei að slá þá í burtu. Ég bíð spenntur eftir öðrum leiknum í Eyjum og vonandi mætir fullt af fólki og býr til mikla stemmningu. Það verður erfitt, þeir unnu fyrstu tvo leikina á móti okkur í vetur og áttu alveg jafn mikið skilið að vinna þennan leik. Þetta var sigur en ekki sannfærandi sigur,“ sagði Vignir í leikslok.

### Brennan er búin

Erlingur Richardsson, þjálfari ÍBV, sá björtu hliðarnar þrátt fyrir tap. „Þetta var skemmtileg viðureign og þá sérstaklega seinni hluta leiksins. Þetta er rosalega gaman og þótt við séum hundfúlir með það að tapa þessum leik ætlum við að skemmta okkur í þessum úrslitaleikjum og nú er bara að halda áfram. Ég er ósáttur með að við erum bara að fá svona 50% út úr mannskapnum og það eru fjórir leikmenn í liðinu sem ekki ná sér á strik. Við eigum helling inni, við setjumst bara niður á morgun og skoðum þetta. Það má segja að brennan sé búin á þjóðhátíðinni, nú ætlum við að bjóða upp á aðra dagskrá. Þetta eru jöfn lið og ég býst bara við áframhaldandi skemmtun,“ sagði Erlingur eftir leikinn.

### Mjög jöfn lið

Andri Stefan og Halldór Ingólfsson þurftu að taka af skarið þegar Ásgeir Örn Hallgrímsson var klipptur út á hægri vængnum. „Við vorum kannski svolítið taugaspenntir enda rosalega mikið undir í fyrsta leik. Við vorum ekki að spila illa en þetta eru tvö mjög góð og jöfn lið og ég held að allir þessir leikir eigi eftir að vera svona spennandi. Við eigum alveg að geta leyst sóknarleikinn en ég hef mestar áhyggjur af því hvað við komum til með að gera í vörninni. Við töpuðum stórt í Eyjum í vetur, það verður örugglega fullt hús enda fyrsti úrslitaleikurinn hjá þeim þannig ég býst ekki við öðru en rosa partíi þar. Við erum komnir 1-0 yfir. Ég er kannski ekki jafnpottþéttur á að við vinnum þetta í þremur leikjum eins og í fyrra en við ætlum að reyna það,“ sagði Andri Stefan eftir leik.

ooj@frettabladid.is



**ANDRI GÓÐUR Í SEINNI HÁLFLEIK** Andri Stefan tók af skarið í seinni hállfeik og kom þá að átta mörkum, skoraði þrjú sjálfur og átti að auki fimm stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.



**ÞRJÚ MÖRK** Ólafur Stefánsson skoraði 3 mörk fyrir Ciudad Real í gær.

Fyrri úrslitaleikirnir í Evrópukeppnunum í handbolta fóru fram í gær:

# Barcelona með yfirhöndina gegn Ciudad

**HANDBOLTI** Barcelona hefur vænlega stöðu fyrir síðari leikinn í úrsliteinvígi Meistarakeppni Evrópu í handbolta gegn Ólafi Stefánssyni og félögum í Ciudad Real eftir aðeins eins marks tap í Madríd í gær.

Lokatölur urðu 28-27 í frábærum handboltaleik en síðari leikurinn fer fram í Barcelona að viku liðinni. Heimavöllur liðsins er gríðarlega öflugur og tapar liðið venjulega ekki þar jafnvel þó að andstæðingarnir séu firnasterkt lið á borð við Ciudad. Hins vegar ber að geta að Ciudad vann Barcelona á útivelli í spænsku deildinni um síðustu helgi með tveimur mörkum og það er ekkert sem mælir gegn því að liðið geti endurtekið leikinn.

Ólafur Stefánsson hefur oft leikið betur með Ciudad en í gær, en hann skoraði þrjú mörk og þar af kom eitt þeirra úr víti. Hussein Zagi var markahæstur Ciudad með fimm mörk en hjá Barcelona var spænski landsliðsmaðurinn Iker Romero atkvæðamestur með sjö mörk.

Þá var einnig leikið í úrslitum EHF-keppninnar í handbolta þar sem Íslendingaliðin Magdeburg og Essen áttust við. Það er skemmst frá því að segja að Magdeburg, undir stjórn Alfreðs Gíslasonar, vann öruggan átta marka sigur, 30-22, á heimavelli sínum og þarf mikið að gerast til að liðið missi niður þetta forskot í síðari leiknum sem fram fer í Essen um næstu helgi.

Sigfús Sigurðsson skoraði tvö mörk fyrir Magdeburg en hann lék að mestu aðeins í vörninni. Arnór Atlason komst ekki á blað en markahæstur var Karol Bielecki með 10 mörk. Guðjón Valur Sigurðsson átti ágætis dag fyrir Essen og skoraði fjögur mörk. ■


**Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs**

| Flokkur | Innlausnartímabil | Greiðslumiði nafnverð | Innlausnarverð* |
|---|---|---|---|
| 1995 1.fl. B 10 ár | 2.5.2005 | kr. 50.000 | kr. 69.500 |
| 1995 1.fl. B 10 ár | 2.5.2005 | kr. 100.000 | kr. 139.001 |
| 1995 1.fl. B 10 ár | 2.5.2005 | kr. 1.000.000 | kr. 1.390.006 |

* Innlausnarverð er höfuðstóll og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram hjá Lánasýslu ríkisins, Borgartúni 21, 2. hæð, hjá Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1 Reykjavík, og bönkum og sparisjóðum um land allt.

Reykjavík, 29. apríl 2005

LÁNASÝSLA RÍKISINS

SEÐLABANKI ÍSLANDS

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA


Diego Armando Maradona að léttast:

# Boca Juniors vill fá Maradona sem þjálfara

**FÓTBOLTI** Knattspyrnugoðsögninni Diego Maradona hefur verið boðin staða yfirþjálfara unglinga hjá sínu fyrrum liði, Boca Juniors í Argentínu. Þetta staðfesti forseti félagsins, Mauricio Macri, á blaðamannafundi í gær, en bætti við að Maradona ætti enn eftir að gefa svar við starfstilboðinu.

Það nýjasta sem er að frétta af Maradona er að nú hefur hann misst rúmlega 30 kíló síðan hann fór í magaaðgerð fyrir nokkrum vikum. Að sögn vina Argentínumannsins eru allir ólmir í að hjálpa honum að komast á rétt ról og er það að bjóða honum atvinnu hluti af því. Maradona er talinn dýrðlingur hjá Boca Juniors eftir að hafa alist upp hjá félaginu áður en hann sannaði sig sem besti knattspyrnumaður allra tíma. Þykir nafn hans líklegt til að trekkja til Boca efnilegustu knattspyrnumenn Argentínu. ■



**DIEGO MARADONA** Var orðinn lífshættulega feitur á tímabili.

## ÚR SPORTINU

**Alan Curbishley**, knattspyrnustjóri Charlton, hefur tilkynnt miklar breytingar á leikmannahópi liðsins fyrir næsta tímabil og kveðst hann afar ósáttur við framgöngu sinna manna á síðustu vikum. **Charlton** hefur aðeins unnið einn leik í síðustu 11 leikjum og segir Curbishley að þetta sé versti kaflinn á hans þjálfaraferli hjá Charlton. „Ég hef verið hér í fjórtán ár og þetta er verra en þegar við féllum. Það hefur verið kvalafullt að horfa upp á þetta. Það er ljóst að við munum reyna að bæta okkur á öllum vígstöðvum fyrir næsta ár og ég hef verið að leita að leikmönnum í allar stöður á vellinum,“ sagði **Curbishley**.



**Fernando Hierro**, hinn spænski varnarmaður Bolton og fyrrverandi leikmaður **Real Madrid**, segir að **Chelsea** geti ekki borið sig saman við lið Real og að **Jose Mourinho** og félaga vanti enn töluvert upp á að ná Real að gæðum. „Í fyrra var Real valið besta lið aldarinnar. Það eru nægilega góð rök til að sýna að Chelsea á enn nokkuð langt í land. Félagið er á réttri leið og með snjallan framkvæmdastjóra. En fyrir mér er þetta ekki spurning, Real er betra,“ segir **Hierro**.



**Phoenix Suns** virðist óstöðvandi í NBA-boltanum þessa dagana og í fyrrinótt komst liðið í 3-0 í einvígi sínu við **Memphis**. Phoenix sigraði með tuttugu stigum, 110-90, í Memphis, og réðu heimamenn ekkert við **Amare Stoudemire**, miðherja gestanna, sem skoraði 30 stig í leiknum. „Hann er einfaldlega of grimmur fyrir mína menn. Við höfum engan til að stöðva hann,“ sagði **Bonzi Wells**, bakvörður Memphis, eftir leikinn.



**Enn er óvíst hvort Juan Pablo Montoya** keppi fyrir McLaren í Barcelona-kappakstrinum næstu helgi vegna axlarmeiðslanna sem hann hlaut fyrir nokkrum vikum. Montoya sjálfur þráir ekkert heitara en að aka en vitað er að læknar **McLaren-liðsins** munu enga áhættu taka. „Það er ekki víst að ég verði í nógu góðu formi því að vöðvar í öxlinni hafa rýrnað. Ákvörðun um málið verður tekin í miðri viku,“ segir **Montoya**. Fari svo að Kólumbíumaðurinn verði fjarverandi er líklegast að **Alexander Wurz** komi í hans stað.



**Rio Ferdinand**, leikmaður **Man. Utd.**, kom fram í breskum fjölmiðlum í gær til að útkljá endanlega þær vangaveltur sem komið hafa upp að undanförnu um framtíð hans hjá félaginu. **Ferdinand** segist hvergi annars staðar vilja vera en hjá **Man. Utd.** og að hann hafi aldrei haldið öðru fram. Hann segir ástæðuna fyrir því að hann hafi ekki enn skrifað undir nýjan samning vera þá að umboðsmaður hans sé erlendis. „Þetta tekur sinn tíma en um leið og samningur sem hentar báðum aðilum er á borðinu mun ég skrifa undir hann,“ segir **Ferdinand**.



**Spænski miðjumaðurinn hjá Barcelona, Xavi**, ætlar ekki að ræða framtíð sína fyrr en að tímabilinu lokinu en hann hefur verið sterklega orðaður við **Chelsea** að undanförnu. Vitað er að **Jose Mourinho** er mikill aðdáandi spænska leikstjórnandans og vill hann til sín ef **Steven Gerrard** ákveður að vera áfram hjá Liverpool. „Ég hef hug á því að klára feril minn hjá Barcelona en sumarið er tíminn til að líta í kringum sig. Nú vill ég aðeins hjálpa Barcelona að verða spænskur meistari,“ segir **Xavi**.



# Ég stefndi alltaf að þessu

*Jón Arnór Stefánsson er enn í skýjunum eftir að hafa orðið Evrópumeistari með liði sínu Dynamo St. Petersburg á fimmtudaginn. Hann segir að með sigrinum hafi langþráð markmið nást.*

**KÖRFUBOLTI** „Tilfinningin er yndisleg. Að vinna Evróputitil er nokkuð sem allir íþróttamenn í Evrópu stefna að og það er ótrúlegt að sá draumur hafi ræst hjá mér. Alveg frábært,“ sagði Jón Arnór Stefánsson, sem á fimmtudaginn varð fyrsti Íslendingurinn til að verða Evrópumeistari í körfubolta. Þrátt fyrir að tveir dagar væru liðnir frá því að Jón Arnór og félagar í Dynamo St. Petersburg tryggðu sér titilinn var okkar maður ennþá í skýjunum þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Jón Arnór segir að sigur í keppninni hafi verið markmið Dynamo frá því fyrir tímabilið.

„Þetta var alltaf takmark liðsins og einnig mitt persónulega takmark. Við vissum að þetta væri okkar keppni því í henni getum við stillt upp okkar allra sterkasta liði og spilað nákvæmlega eins og við viljum,“ segir Jón Arnór en í rússnesku deildakeppninni er liðum skylt að vera ávallt með tvo heimamenn inni á vellinum og því fá hinir mörgu öflugu erlendu leikmenn Dynamo ekki að spila eins mikið og ef allt væri eðlilegt. Í Evrópukeppninni eru hins vegar engar takmarkanir og þegar allur leikmannahópur Dynamo fær að njóta sín standast fáir liðinu snúning.

Jón segir að allt hafi orðið vitlaust eftir að titillinn var í höfn. „Þetta var alvöru. Þjálfararnir og stjórnarmennirnir misstu sig alveg í sigurvímunni, hlupu inn á völlinn til að samfagna leikmönnunum og það voru mikil læti. Þetta var alveg æðislegt,“ segir Jón Arnór, sem kveðst ekki hafa verið nægilega sáttur með sinn leik.

„Þetta var ekki alveg minn dagur. Ég var ekki að hitta vel en var staðráðinn í að láta það ekki á mig fá. Ég spilaði mína vörn og barðist og hugsaði bara um að hjálpa liðinu að vinna leikinn,“ segir Jón Arnór en hann skoraði níu stig á þeim 29 mínútum sem hann spilaði í leiknum og hitti úr þremur af 12 skotum sínum í leiknum.

Aðspurður um spennustigið hjá sjálfum sér sagðist Jón hafa beðið eftir leikjunum í marga daga. „Alveg frá því að við tryggðum okkur sæti í undanúrslitum hef ég verið nánast eins og lítill krakki. Ég var búinn að bíða spenntur eftir þessari helgi og auðvitað var maður með smá hnút í maganum. En þannig á það líka að vera. Ef þessi hnútur fer getur maður alveg eins hætt í körfubolta,“ sagði Jón.

Bróðir Jóns Arnórs, handboltamaðurinn Ólafur Stefánsson, er einnig kominn í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu í handbolta og það gæti því vel farið svo að fjölskyldan muni hafa tvo Evrópumeistara á sínum snærum næsta árið. „Já, hann verður að vinna. Hann má ekki vera minni maður en ég,“ segir Jón Arnór og hlær. „Nei, en að öllu gríni slepptu þá vona ég innilega að hann vinni titilinn líka. Hann á það skilið.“

vignir@frettabladid.is



DYNAMO ST. PETERSBURG Leikmenn Dynamo fögnuðu ákaft eftir að Evrópumeistaratitillinn var í höfn. Jón Arnór þriðji frá hægri í efri röð.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslensku ungmennaliðin í körfubolta á leið á Norðurlandamót í næstu viku:

# 18 ára landsliðið vann A-landsliðið

**KÖRFUBOLTI** Fjögur íslensk unglingalandslið eru á leið á Norðurlandamót unglinga í körfubolta í næstu viku og hafa liðin fjögur verið að leggja lokahönd á undirbúning sinn. Meðal þessa hafa verið æfingaleikir og 18 ára landslið kvenna gerði sér þannig lítið fyrir og vann A-landsliðið í æfingaleik í Keflavík í gær, 68-64.

Reyndar eru nokkrir af leikmönnum 18 ára landsliðsins þegar búnir að vinna sér sæti í A-liðinu en að öðru leyti var þarna samankomið A-landslið kvenna sem er á leiðinni á Smáþjóðaleikana um næstu mánaðamót.

18 ára landsliðið hafði forystuna stærsta hluta leiksins og náði meðal annars 12 stiga forskoti í lok fyrri hálfleiks en staðan í hálfleik var 33-40 fyrir 18 ára liðið.

A-landsliðið tók sig á í seinni hálfleik og komst meðal annars yfir í 47-46 en þá svöruðu ungu stelpurnar með 12 stigum í röð og unnu að lokum fjögurra stiga sigur eftir spennandi lokamínútur.

Helena Sverrisdóttir átti mjög góðan leik hjá 18 ára liðinu, skoraði 29 stig, tók 13 fráköst og gaf 6 stoðsendingar, Pálína Gunnlaugsdóttir skoraði 13 stig og Bryndís Guðmundsdóttir var með 10 stig, 6 fráköst og 4 stoðsendingar.

Hjá A-liðinu voru þær Signý Hermannsdóttir og Birna Valgarðsdóttir með 14 stig hvor og Hildur Sigurðardóttir skoraði 13 stig. Signý tók auk þess 11 fráköst og Hildur var með 10 fráköst (6 í sókn) og 4 stoðsendingar.

18 ára landsliðið er að stórum hluta skipað stúlkum sem urðu Norðurlandameistarar með 16 ára landsliðinu á síðasta ári en þjálfari þess er Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka og þjálfari ársins í 1. deild kvenna á síðasta tímabili.

ooj@frettabladid.is



UNNU A-LANDSLIÐIÐ Stelpurnar í 18 ára landsliðinu gerðu sér lítið fyrir og unnu A-landsliðið í æfingaleik í gær.

## ÚR SPORTINU

**Framherjinn Mateja Kezman** vill komast burtu frá **Chelsea** eftir tímabilið ef fyrirséð er að hann fái ekki meiri tækifæri en hann hefur fengið í ár. Þetta staðfesti hann við fjölmiðla í gær. „Ég er ekki tilbúinn að verma varamannabekkinn enn eitt árið og mun ræða við eigandann, **Roman Abramovich**, um framhaldið,“ sagði Kezman og bætti við að hann vissi að **PSV**, liðið sem hann var hjá áður en hann var keyptur til **Chelsea**, myndi ávallt bjóða hann velkominn aftur.



**Birgir Leifur Hafþórsson**, kylfingur úr GKG, lék á fjórum höggum yfir pari í gær á Áskorendamóti á Spáni og er samtals sex höggum yfir pari. Hann fékk fjóra skolla á síðari 9 holum vallarins eftir að hafa leiki fyrstu níu holurnar á pari.

**Skautafélag Akureyrar** varð á föstudag Íslandsmeistari í íshokkí karla en þá sigraði liðið erkifjendur sína úr **Skautafélagi Reykjavíkur** 7-1 í fjórðu úrslitaviðureign liðanna. Reykvíkingar komu nokkuð á óvart með sigri í fyrsta leik rimmunar en Akureyringar svöruðu með sigri í þeim 3 næstu og tryggðu sér titilinn.

Arjen Robben var ekki í hópnum gegn Bolton í gær:

# Robben kominn í kuldann?

**FÓTBOLTI** Breskir fjölmiðlar greindu í gær frá því að Arjen Robben og Jose Mourinho hjá Chelsea hefði lent saman fyrir helgi vegna þess að sá fyrrnefndi neitaði að spila frá fyrstu mínútu í leiknum gegn Liverpool í Meistaradeildinni í síðustu viku. Robben er nýbúinn að ná sér eftir að hafa verið meiddur nánast samfellt í rúma þrjá mánuði og vill að sögn ekki eiga á hættu að meiðslin taki sig upp.

Samkvæmt fréttum frá Bretlandi eru það ekki síður leikmenn Chelsea sem eru ósáttir við framkomu Robben og vakti það athygli að hann var ekki í leikmannahópnum gegn Bolton í gær. Hvorki Mourinho né aðrir forráðamenn Chelsea fengust til að tjá sig um málið eftir leikinn í gær en ekki ber að útiloka þann möguleika að Robben hafi einfaldlega verið hvíldur í gær fyrir síðari leikinn gegn Liverpool á þriðjudaginn.

Írski vængmaðurinn Damien Duff náði ekki að standast læknisskoðun fyrir leikinn gegn Liverpool í síðustu viku og bjuggust flestir við því að Robben kæmi inn í byrjunarliðið beint í hans stað á vinstri vængnum. Því kom það talsvert á óvart að sjá Eið Smára Guðjohnsen í þeirri stöðu. Talsmaður Chelsea vísaði orðrómunum á bug fyrir leikinn gegn Bolton í gær og sagði hann samband Mourinho og Robben vera frábært. „Fregnir um að ósætti hafi komið upp fyrir leikinn gegn Liverpool eru ósannar,“ bætti talsmaðurinn við í gær. ■

Valið í stjörnuleik:

# Enginn Íslendingur

**HANDBOLTI** Enginn íslenskur handknattleiksmaður var valinn í 20 manna úrvalslið þýsku úrvalsdeildarinnar, sem mætir þýska landsliðinu í stjörnuleik þann 31. maí. Fyrir fram var talið að Guðjón Valur Sigurðsson ætti ágætis möguleika á að komast í liðið en hinir feikiöflugu hornamenn Stefan Kretzschmar úr Magdeburg og Lars Christiansen úr Flensburg voru teknir fram yfir Guðjón Val. Flensburg á flesta leikmenn í liðinu, fjóra talsins, en þar á eftir koma Kiel og Nordhorn með þrjá leikmenn hvort. ■

**STJÖRNULIÐIÐSHÓPURINN:**

| | |
|---|---|
| **Leikmenn:** | |
| **Zoran Djordjic** | **Wallau** |
| Peter Gentzel | Nordhorn |
| **Stefan Kretzschmar** | **Magdeburg** |
| Lars Christiansen | Flensburg |
| **Goran Sprem** | **N-Lübbecke** |
| Christian Schwarzer | Lemgo |
| **Klaus-Dieter Petersen** | **Kiel** |
| Andrei Klimovets | Flensburg |
| **Sören Stryger** | **Flensburg** |
| Jan Filip | Nordhorn |
| **Johan Pettersson** | **Kiel** |
| Blazenko Lackovic | Flensburg |
| **Bruno Souza** | **Göppingen** |
| W. Lochmann | Großwallstadt |
| **Nebojsa Golic** | **Wetzlar** |
| Igor Lavrov | Wallau |
| **Ljubomir Vranjes** | **Nordhorn** |
| Renato Vugrinec | Magdeburg |
| **Roman Pungartnik** | **Kiel** |
| Kyung-Shin Yoon | Gummersbach |
| **Þjálfarar:** | |
| **Noka Serdarusic** | **Kiel** |
| Ola Lindgren | Nordhorn |




# STUÐ MILLI STRÍÐA | Gáfumannaspjall

**KRISTJÁNI HJÁLMARSSYNI** FINNST FYLGISMENN BÍSNESSMANNA LEIÐINLEGIR



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Áður fyrr var til lítill og þröngur hópur manna sem var kallaður gáfumannahópur. Þessi hópur samanstóð af lærðum mönnum sem vissu oft meira en aðrir. Þeir ræddu sín á milli um lífsins gagn og nauðsynjar á máli sem fáir aðrir skildu. Sá gáfaðasti í hópnum var gjarnan kallaður gáfnaljós. Í kringum gáfumannahópinn safnaðist svo annar hópur sem dáðist að gáfumönnunum og lofaði þá í hvívetna.

Nú er sprottin fram ný kynslóð manna. Mennirnir í þessum hópi eru oftast kallaðir viðskiptamenn eða bisnessmenn. Þeir ræða sín á milli á máli sem fáir aðrir skilja. Sá sem er mesti bisnessmaðurinn í hópnum er gjarnan sagður hafa viðskiptavit. Í kringum bisnessmennina hefur svo safnast saman nokkuð stór hópur sem dáist að þeim og lofar bisnessinn í hvívetna.

Gömlu gáfumennin og nýju bisnessmennirnir eiga ekki margt sameiginlegt ef undan er skilið hið óskiljanlega tungumál. Gáfumennin þóttu frumleg í hugsun og boðuðu nýjungar á meðan bisnessmennirnir boða lítið annað en hagnað og yfirtöku ár eftir ár.

Sömu sögu er ekki að segja af fylgismönnum gáfumannnanna og bisnessmannanna. Báðar fylkingar hafa fylgt sínum jafnvel þótt menn skilji ekki orð af því sem fram fer.

Þó er eitt sem báðir hóparnir eiga sameiginlegt. Það er að láta aðdáun sína blinda sig fyrir gagnrýnni hugsun, sem er hverjum manni nauðsynleg, og verða því afskaplega leiðinlegir í viðræðu. Og þótt fylgismenn gáfumannanna hafi þótt leiðinlegir voru þeir þó bara hátíð miðað við fylgisveina bisnessmannanna, sem gera lítið annað en að telja peninga annarra, þylja upp nöfn á fyrirtækjum og lýsa því á nákvæman hátt hver á í hverjum. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## PÚ OG PA

Eftir SÖB



■ MYNDLIST

# Tindátar á Akureyri

Steingrímur Eyfjörð myndlistarmaður opnar í dag sýningu í sýningarrýminu Kunstraum Wohnraum á Akureyri. Þar sýnir hann teikningar af tindátum og stóra kúlu á gólfinu.

Hann segir fyrirmyndir teikninganna vera tindáta sem voru í umferð hjá kynslóð sem er fædd á árunum 1945 til 1975.

„Flestir sem sjá þessar myndir þekkja þessi form aftur, bæði smáatriðin og sérstaklega stellingarnar sem segja kannski meira en nokkur orð. Sumir komu bognir úr verksmiðjunni og aðrir urðu fljótt nagaðir á endunum.“

Steingrímur Eyfjörð hefur verið iðinn við sýningar og hann er einn þeirra myndlistarmanna sem tilnefndir eru til Carnegie-verðlaunanna í ár.

Sýningin í Kunstraum Wohnraum stendur til 29. júlí og eru allir velkomnir. ■



**EINN AF TINDÁTUM STEINGRÍMS**
Steingrímur Eyfjörð opnar sýningu á Akureyri í dag.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

28 29 30 **1** 2 3 4

**Sunnudagur**

### ■ KVIKMYNDIR

☐ 20.00 Síðasta **Hvíldardagskvöldið** á Grandrokk fyrir sumarfrí verður helgað meistara **Tom Waits**.

### ■ TÓNLEIKAR

☐ 17.00 **Dómkirkjukór Gautaborgar** syngur á tónleikum í Langholtskirkju.

☐ 20.00 **Karlakór Keflavíkur** heldur sína árlegu vortónleika í Seltjarnarneskirkju. Einsöngvarar eru **Steinn Erlingsson** bariton og **Davíð Ólafsson** bassi. Undirleik annast **Sigurður Marteinsson** á píanó, en stjórnandi er **Guðlaugur Viktorsson**.

### ■ OPNANIR

☐ 11.00 **Steingrímur Eyfjörð** opnar sýningu í Kunstraum Wohnraum í Ásabyggð 2 á Akureyri. Á sýningunni gefur að líta teikningar af tindátum og stóra kúlu á gólfinu.

### ■ FUNDIR

☐ 13.00 Málþing um **Jónas Jónsson frá Hriflu** verður haldið á Bifröst í tilefni af því að 120 ár eru liðin frá fæðingu hans.

### ■ SAMKOMUR

☐ 20.00 **Kvöldvaka** verður í Selfosskirkju. Á dagskrá verður **Samkór Selfoss**, nemendur úr Tónlistarskóla Árnesinga, fjöldasöngur, einsöngur og margt fleira.

### ■ FÉLAGSLÍF

☐ 14.00 **ABC barnahjálp** verður með árlega 1. maí kaffisölu í safnaðarheimili Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66.


**Leikfélag Mosfellssveitar**

**Ævintýrabókin**
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

8. sýning Sunnud. 01.maí kl. 14:00
9. sýning Sunnud. 08.maí kl. 14:00

**Síðustu sýningar**

*Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrum. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Öskubuska,Stígvélaði kötturinn og fl.*

**Miðasala í síma 5 66 77 88**
**Miðaverð kr. 1500,-**



**Apótekarinn** eftir Haydn
**Óperustúdíó Íslensku óperunnar og Listaháskóla Íslands**

1. maí kl. 20 - 2. sýn - 3. maí kl. 20 - 3. sýn
8. maí kl. 20 - 4. sýn - 10. maí kl. 20 - 5. sýn - **Lokasýning**
**Ath. Aðgangur ókeypis**

**Vínarferð Vinafélags Íslensku óperunnar**
Örfá sæti laus - Skráning í síma: 562-1077
Nánari upplýsingar á Óperuvefnum

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200** | ÍSLENSKA ÓPERAN
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400



| **Tenórinn** | *Tangókvöld* |
|---|---|
| **ALLRA SÍÐASTA SÝNING**<br>Laugardaginn<br>7. maí kl. 20.00<br>IÐNÓ *Miðasala í síma 562 9700* *www.idno.is* | **Þriðjudaginn**<br>**3. maí kl. 20.00**<br>*Tjarnarbakkinn* restaurant |



**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

***STÓRA SVIÐ***

**DRAUMLEIKUR**
*e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHÍ.*
Fö 6/5 kl 20
Fö 20/5 kl 20
Fö 27/5 kl 20
***Síðustu sýningar***

**HÍBÝLI VINDANNA**
*leikgerð Bjarna Jónssonar eftir Vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar*
Su 8/5 kl 20, Fö 13/5 kl 20
Su 22/5 kl 20, Fi 26/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**HÉRI HÉRASON**
*e. Coline Serreau*
Lau 7/5 kl 20, Lau 21/5 kl 20
- ***Síðustu sýningar***

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
*Í samstarfi við Á þakinu*
Í dag kl 14 - **UPPSELT**
Í dag kl 17 - **UPPSELT**, Fi 5/5 kl 14 - **UPPS.,**
Lau 7/5 kl 14, Su 8/5 kl 14 - **UPPSELT,**
Lau 14/5 kl 14, Su 22/5 kl 14

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna**
- gildir ekki á barnasýningar

***NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRIÐJA HÆÐIN***

**TERRORISMI**
*e. Presnyakov bræður*
Fi 5/5 kl 20, Fi 12/5 kl 20.

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
*Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.*
Í kvöld kl 20 - **UPPS.,**
Mi 4/5 kl 20 - **UPPS.,** Fi 5/5 kl 20
Fö 6/5 kl 20 - **UPPS.,** Lau 7/6 kl 20 - **UPPS.,**
Su 8/5 kl 20, Fi 12/5 kl 20 - **UPPS.,**
Fö 13/5 kl 20 - **UPPS.,** Lau 14/5 kl 20

**SVIK**
*eftir Harold Pinter*
*Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA*
Fi 12/5 kl 20 - ***Aukasýning***

**RIÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ**
*e. Önnu Reynolds.*
*Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.*
Fö 6/5 kl 20, Lau 7/5 kl 20

DANSLEIKHÚSIÐ

**AUGNABLIKIÐ FANGAÐ**
*fjögur tímabundin dansverk*
Í kvöld kl 19:09 ***Síðasta sýning***

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
**Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is • Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:**
**10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga**
**12-20 laugardaga og sunnudaga**






Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18 pantanir í síma 551 4700 www.avaxtakarfan.is

| | | |
|---|---|---|
| Sunnudagur | 1. Maí | kl: 13:30 |
| Aukasýning | 1. Maí | kl: 16:30 |
| Fimmtudagur | 5. Maí | kl: 14:00 |
| Sunnudagur | 8. Maí | kl: 13:30 |



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**
**SPRELLFJÖRUG FJÖLSKYLDUSÝNING!**

■ **Stóra sviðið kl. 20.00**

**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR** - *Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.*
Í dag sun. 1/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, mán 2/5. kl. 13:00 **uppselt**, sun. 8/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, lau. 28/5 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**.

**DÍNAMÍT** - *Birgir Sigurðsson*
3. sýn. í kvöld sun. 1/5 **örfá sæti laus**, 4. sýn. fim. 5/5 **örfá sæti laus**, 5. sýn. fös. 6/5 **örfá sæti laus**, 6. sýn. mið. 11/5 **örfá sæti laus**, 7. sýn. lau. 21/5 **nokkur sæti laus**, 8. sýn. fim. 26/5 **nokkur sæti laus**.

**EDITH PIAF** - *Sigurður Pálsson*
Lau. 7/5 **uppselt**, fim. 12/5 **uppselt**, fös. 13/5 **uppselt**, fös. 20/5 **örfá sæti laus**, sun. 22/5 **nokkur sæti laus**. **Sýningum fer fækkandi í vor.**

**MÝRARLJÓS** - *Marina Carr*
Sun. 8/5 **uppselt**. **Síðasta sýning. Aukasýning fim. 19/5.**

■ **Smíðaverkstæðið kl. 20.00**

**GRJÓTHARÐIR** - *Hávar Sigurjónsson*
Í kvöld sun. 1/5 **örfá sæti laus**. **Síðasta sýning. Aukasýning fim. 5/5.**
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ **Litla sviðið kl. 20.00**

**KODDAMAÐURINN** - *Martin McDonagh*
Í kvöld sun. 1/5 **nokkur sæti laus**, fim. 5/5 **örfá sæti laus**, fös. 6/5 **örfá sæti laus**, mið. 11/5 **nokkur sæti laus**, lau. 28/5 **uppselt**. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin! Sýningin hentar ekki viðkvæmu fólki og börnum.

Miðasölusími: **551 1200** Netfang: **midasala@leikhusid.is** Veffang: **www.leikhusid.is**
Þriðjudaginn **3. maí** og miðvikudaginn **4. maí** verður miðasalan opin **frá kl. 16-18.**
Hægt er að senda miðapantanir á netfangið **midasala@leikhusid.is**
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**






Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Dagskráin fer fram í miðborg Reykjavíkur og stendur hún frá morgni til kvölds. Gert er ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum. Þjóðhátíðarnefnd hefur sérstakan áhuga á að efna til samstarfs um uppákomur, skemmtanir og viðburði við fyrirtæki í miðborginni, t.d. kaffi- og veitingahús.

Umsóknum á að skila í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík, á eyðublöðum sem þar fást. Eyðublöðin má einnig sækja á vefinn www.17juni.is og senda rafrænt á netfangið 17juni@hitthusid.is

**Ath. Umsóknarfrestur rennur út föstudaginn 6. maí**

HITT HÚSIÐ
Sími: 520 4600
17juni@hitthusid.is
www.17juni.is



**VÍNARBORG - KRISTINN SIGMUNDSSON**
**NOKKUR SÆTI LAUS VEGNA FORFALLA**
**Vinafélag Íslensku óperunnar stendur fyrir ferð í Óperuna í Vínarborg 2. – 6. júní nk.**



Kristinn Sigmundsson, bassi, syngur hlutverk Mustafà í *Ítölsku stúlkunni í Alsír.*
Gist verður á fjögurra stjörnu hóteli í miðborg Vínar.
Eftir sýninguna gefst hópnum tækifæri að hitta Kristin Sigmundsson á nærliggjandi veitingastað.

Upplýsingar og skráning er hjá **Eddu Jónasdóttur**, starfsmanni markaðssviðs Íslensku óperunnar, símar **562-1077** og **848-3890**. Einnig er hægt að senda tölvupóst á **edda@opera.is.**

**Upplýsingar um ferðina á www.opera.is undir Vinafélagið**

Vinafélag Íslensku óperunnar
















■ FÓLK

# Angelina pantar myndatöku

Þegar virkilega frægt fólk vill fá að vera í friði tekst því oftast vel upp. Það stingur upp kollinum þegar það þarf þess. Því velta menn nú fyrir sér hvers vegna jafn frægt fólk og Brad Pitt og Angelina Jolie lét taka sig svona í bólinu þegar ljósmyndari náði af þeim mynd á ströndinni í Kenía. Voru þau eins og ein stór fjölskylda þar sem Pitt hjálpaði ættleiddum syni Jolie að búa til sandkassa.



**PITT OG JOLIE** Myndin umdeilda er nú talin hafa verið pöntuð af Angelinu Jolie sem vildi með henni sýna að hún og Brad Pitt væru par.

Blaðið Female First segir augljóst að Angelina Jolie hafi viljað sýna heiminum að hún og Brad Pitt séu par. Þetta hafi hún ekki viljað gera fyrr en skilnaður hans og Jennifer Aniston hafi komist í réttan farveg.

Heimildarmaður sagði við The Daily Mirror að Pitt og Jolie væru ábyggilega orðin dauðþreytt á því að þurfa að svara spurningum um einkalíf sitt. „Þegar þú „lætur" taka svona mynd ertu búinn að svara öllum vangaveltum."

Baráttan um myndirnar var mjög hatrömm en US Weekly Magazine hefur tryggt sér einkaréttinn af þeim. Blaðið Star sætti sig ekki við þetta og birti myndir af þeim á forsíðunni. Það lét reyndar fylgja með, í smáu letri fyrir neðan, að myndirnar væru falsaðar. Pitt hafi í raun verið í Karíbahafinu en Angelina á ströndinni í Virginia.

Sögunni endalausu virðist því loks vera lokið þó að enn hafi ekki borist nein opinber yfirlýsing frá. Fyrir tölvueigendur skal þó bent á að á netinu gengur vírus sem merktur er „Sjáið Angelinu Jolie og Brad Pitt í eldheitum ástarleikjum." ■















**AUSTURVELLIR HERTEKNIR AF FRANSMÖNNUM** Þessi fríði hópur stillti sér glaður upp fyrir ljósmyndarann og var augljóslega ánægður með lífið og tilveruna.

# Líf og fjör í miðbænum

Miðbær Reykjavíkur iðaði af lífi á föstudaginn enda lék veðrið við höfuðborgarbúa. Mest áberandi voru framhaldsskólanemendur sem fögnuðu því af miklum ákafa að nú væru síðustu prófin í framhaldsskólanum fram undan. „Þetta er búinn að vera æðislegur dagur,“ sagði ungur drengur, klæddur upp sem Fransmaður, og mátti heyra á hópnum að það var engin lygi.

Stemmningin var góð og enginn ætlaði að láta neitt skemma þennan góða dag fyrir sér. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**MEÐ BROS Á VÖR** Þessar ungu stúlkur dilluðu sér fyrir framan Alþingishúsið og sýndu góð tilþrif í gegnum sóllúguna.




## STÖÐ 2 BÍÓ



**Monster's Ball.** Hank Grotowski er kynþáttahatari sem starfar á dauðadeild fangelsis en verður hrifinn af blökkukonuninni Leticiu Musgrove. Aðalhlutverk leika Billy Bob Thornton og Halle Berry.

**6.00** Ping **8.00** Úlfhundurinn Balto 2 **10.00** The Paper **12.00** Little Man Tate **14.00** Ping **16.00** Úlfhundurinn Balto 2 **18.00** The Paper (e) **20.00** Little Man Tate (e) **22.00** Quiz Show **0.10** Monster's Ball (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** The Tuxedo (Bönnuð börnum) **4.00** Quiz Show (e)

## AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **16.00** Bravó e. **18.15** Korter **20.30** Andlit bæjarins **21.00** Níubíó **22.15** Korter

## OMEGA

**9.00** Robert S. **10.00** Daglegur styrkur **11.00** Samverustund **12.00** Miðnæturhróp **12.30** Maríusystur **13.00** Daglegur styrkur **14.00** Um trúna og tilveruna **14.30** Gunnar Þorsteinsson (e) **15.00** Ron P. **15.30** Mack L. **16.00** Daglegur styrkur **17.00** Samverustund (e) **18.00** Freddie F. **18.30** Dr. David **19.00** Daglegur styrkur **20.00** Fíladelfía **21.00** Samverustund (e) **22.00** Daglegur styrkur **23.00** Robert S.

## POPP TÍVÍ

**17.00** Game TV (e) **21.00** Íslenski popp listinn (e)

## Í TÆKINU

GARY LEIKUR Í CSI: NEW YORK KL. 21.00 Á SKJÁ EINUM Í KVÖLD.

# Byrjaði í leiklist í gríni

Gary A. Sinise fæddist 17. mars árið 1955 í Blue Island í Illinois í Bandaríkjunum.

Hann komst fyrst í snertingu við leiklist þegar hann og nokkrir vinir hans komu fram í skólauppsetningu á West Side Story. Gary tók þátt í gríni en í lok uppsetningarinnar var hann orðinn ástfanginn af leiklist.

Gary sást fyrst á sviði sem atvinnumaður í The Physicist árið 1973 en árið eftir var hann einn af stofnendum Steppenwolf-leikhússins í kirkjukjallara í Chicago.

Árið 1980 vann hann Joseph Jefferson-verðlaunin sem besti leikari í aukahlutverki fyrir Getting Out. Árið eftir giftist hann Moira Harri en þau eiga þrjú börn í dag.

Gary lék og leikstýrði sumum af frægustu sýningum Steppenwolf og fékk hann OBIE-verðlaun fyrir leikstjórn árið 1983.

Gary fór til Hollywood árið 1986 og fékk að leikstýra sjónvarpsþáttunum Crime Story, Thirtysomething og China Beach. Fyrsta kvikmyndin sem hann leikstýrði var Miles from Home með Richard Gere en fyrsta myndin sem hann lék í var A Midnight Clear árið 1992. Sama ár lék hann í Of Mice and Men sem fékk lof gagnrýnenda.

Árið 1994 stimplaði Gary sig rækilega inn með hlutverki í The Stand og í Forrest Gump en fyrir það hlutverk fékk hann tilnefningu til Óskarsverðlauna.



Gary hefur alltaf leikið jafnt í kvikmyndum, sjónvarpi og á sviði. Árið 2004 sneri hann sér að sjónvarpi af fullum krafti í CSI: New York en sjónvarpið stelur honum ekki af hvíta tjaldinu þar sem hann leikur á móti Laurence Fishburne í Scheherazade sem er í framleiðslu.

**Þrjár bestu myndir Gary:** **Of Mice and Men** – 1992 **Forrest Gump** – 1994 **The Green Mile** – 1999


# NÁMSKEIÐ
## maí / júní
## Í SVIFVÆNGJAFLUGI



Kynning og skráning verður haldin við Félagsheimilið Grund (undir Úlfarsfelli)
*Fimmtudaginn 5.maí. nk kl. 19.30*
Takmarkaður fjöldi.

*Námskeiðsgjald 50.000.-*
Faglærðir kennarar með mikla reynslu (enskumælandi).
Svifvængir lánaðir á meðan námskeiðin standa yfir.
Nánari upplýsingar á vef félagsins *www.fisflug.is* og hjá *Árna s: 8616161*

FISFÉLAG REYKJAVÍKUR




▶ **20.00** *Fræðsla*

**Út og suður. Ný syrpa þar sem Gísli flakkar vítt og breitt um landið.**



▶ **22.10** *Spenna*

**Medical Investigations. Myndaflokkur um sérfræðingasveit sem þarf að stöðva plágur og smitsjúkdóma.**



▶ **20.00** *Raunveruleiki*

**Allt í drasli. Heiðar og Margrét hjálpa fólki að þrífa á heimilum sínum.**

## SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Sammi brunavörður **8.11** Fallega húsið mitt **8.20** Ketill **8.34** Bjarnaból **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Sígildar teiknimyndir **9.32** Sögur úr Andabæ **9.55** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir **10.18** Andarteppa **11.00** Laugardagskvöld með Gísla Marteini **11.50** Spaugstofan

**12.20** Mósaík **13.05** Þjóðin og þýðingarnar **13.40** Sjónhverfingar **15.10** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva **16.10** Bikarúrslitaleikur í blaki. Bein útsending frá úrslitaleik karlaliða Stjörnunnar og HK í Austurbergi. **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.25** Krakkar á ferð og flugi (1:10)
**18.45** **Elli eldfluga (4:6)**
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
▶ **20.00** **Út og suður (1:12)** Í þessum fyrsta þætti sumarsins heimsækir Gísli hjónin Hólmfríði Bjarnadóttur og Hilmar Örn Agnarsson organista í Skálholti sem fór úr pönkinu á pípuorgelið og sauðfjárbóndann og minkabanann Guðbrand Sverrisson á Bassastöðum á Ströndum.
**20.25** **Listahátíð í Reykjavík** Í þættinum verða kynnt atriði á hátíðinni sem hefst 14. maí.
**21.00** **Króníkan (15:15)** (Krøniken) Sjá nánari upplýsingar á vefslóðinni http://www.dr.dk/kroeniken.
**22.00** **Helgarsportið**
**22.25** **Blóðugur sunnudagur** (Bloody Sunday) Bresk bíómynd frá 2002 um undanfara hörmulegs atburðar sem átti sér stað í Derry á Norður-Írlandi 30. júní 1972. Þá skutu breskir hermenn á mannréttindabaráttufólk í mótmælagöngu, myrtu þrettán manns og særðu aðra fjórtán. Leikstjóri er Paul Greengrass og meðal leikenda eru James Nesbitt, Allan Gildea, Gerard Crossan, Mary Moulds, Carmel McCallion og Tim Pigott-Smith. (Bönnuð innan 14 ára.)

**0.10** Kastljósið **0.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Svampur, Pingu, Litlir hnettir, Kýrin Kolla, Vaskir Vagnar, Leirkarlarnir, Litlu vélmennin, Véla Villi, As told by Ginger 1, Smá skrítnir foreldrar, Könnuðurinn Dóra, Shin Chan, Scooby Doo, WinxClub, Lizzie McGuire, Yu Gi Oh, Froskafjör, Shoebox Zoo)

**12.00** Silfur Egils **13.30** Neighbours **15.35** American Idol 4 (32:42) **16.30** American Idol 4 (33:42) **16.50** Extreme Makeover 2 **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.15** **Home Improvement (14:22)** (Handlaginn heimilisfaðir 1)
**19.40** **Whose Line Is it Anyway?** (Hver á þessa línu?)
**20.05** **Sjálfstætt fólk** (Sjálfstætt fólk 2004-2005) Í hverri viku er kynntur til sögunnar skemmtilegur viðmælandi sem hefur frá mörgu að segja.
**20.40** **Cold Case 2 (15:24)** (Óupplýst mál) Magnþrunginn myndaflokkur um lögreglukonuna Lilly Rush sem starfar í morðdeildinni í Fíladelfíu. Bönnuð börnum.
**21.25** **Twenty Four 4 (15:24)** (24)Stranglega bönnuð börnum.
▶ **22.10** **Medical Investigations (4:20)** (Læknagengið) Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hætta er á ferðum og stöðva þarf plágur og smitsjúkdóma.
**22.55** **60 Minutes I 2004**

**23.40** Silfur Egils **1.10** Jurassic Park 3 (Bönnuð börnum) **2.40** Not Another Teen Movie (Bönnuð börnum) **4.10** Fréttir Stöðvar 2 **4.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SKJÁREINN

**9.00** Malcolm In the Middle (e) **9.30** The King of Queens (e) **10.00** America's Next Top Model (e) **11.00** Sunnudagsþátturinn **11.55** Tottenham – Aston Villa

**14.00** The Awful Truth (e) **15.00** Charlton – Man. Utd. **17.00** Fólk – með Sirrý (e) **18.00** Innlit/útlit (e)

**19.00** **Pimp My Ride (e)**
**19.30** **The Awful Truth** Þættirnir eru gagnrýnar en háðskar heimildamyndir um atburði líðandi stundar og Moore er snillingur að velta upp þeirri hlið mála sem aðrir reyna að forðast.
▶ **20.00** **Allt í drasli** Hver þáttur segir frá einstaklingi eða fjölskyldu, venjulegu fólki, sem hefur hreinlega gefist upp á því að þrífa í kringum sig.
**20.30** **According to Jim** Fyrsta verkefni Dönu á auglýsingastofunni er að finna fullkomna sjónvarpsfjölskyldu fyrir auglýsingu.
**21.00** **CSI: New York** Lögreglumaður er skotinn. Mac og Stella leita að árásarmanninum. Það eina sem hann skildi eftir sig var kúla sem lenti í hesti lögreglumannsins. Aiden vinnur að máli drengs sem fannst látinn af brunasárum í húsasundi.
**21.50** **Magnum Force** Rannsóknarlögreglumaðurinn Harry er á hælunum á morðingja sem telur sig vera að fullnægja réttlæti heimsins.

**23.50** C.S.I. (e) **0.45** Boston Legal (e) **1.30** Þak yfir höfuðið (e) **1.40** Cheers – 2. þáttaröð (14/22) (e) **2.05** Óstöðvandi tónlist


# Síðustu sætin
## í maí frá kr. 36.990

### Króatía
19. maí - örfá sæti
26. maí - örfá sæti
2. júní - uppselt
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2, 3 eða 4 í stúdíó/íbúð.
Stökktu tilboð í viku, 19. maí.

### Benidorm
18. maí - 15 sæti
25. maí - laus sæti
1. júní - 9 sæti
Frá kr. 38.695
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 18. maí, Vina del Mar.

### Rimini
26. maí - nokkur sæti
2. júní - laus sæti
9. júní - laus sæti
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. 2, 3 eða 4 í stúdíó/íbúð - ath. enginn barnaafsláttur. Stökktu tilboð í viku, 26. maí.

### Costa del Sol
18. maí - 19 sæti
25. maí - örfá sæti
1. júní - 17 sæti
Frá kr. 36.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð í viku, 18. maí.

### Mallorca
25. maí - Örfá sæti
1. júní - 12 sæti
Frá kr. 38.895
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, vikuferð 25. maí, Brasilia.

### Algarve
25. maí - örfá sæti
8. júní - 7 sæti
Frá kr. 39.990
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára. Stökktu tilboð í viku, 8. júní, 22. júní eða 6. júlí.

Munið Mastercard ferðaávísunina

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is


## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Motorcycling: Grand Prix China **13.00** FIA World Touring Car Championship By Lg: Magny-Cours **15.00** Snooker: World Championship Sheffield **17.00** Boxing: Wbc World Title Zwickau Germany **17.30** FIA Gt: Championship Magny-Cours **18.00** Motorsports: Motorsports Weekend **18.45** Car Racing: World Series by Renault Zolder **19.00** Snooker: World Championship Sheffield **22.00** Rally: World Championship Italy **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Boxing: WBA World Title Hamburg Germany

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** The Crossing **16.00** Keeping up Appearances **16.30** My Hero **17.00** A Place in France **17.30** Location, Location, Location **18.00** Popcorn **18.50** Living the Dream **19.40** Escape to the Country **20.40** Top Gear Xtra **21.40** Lost for Words **22.40** Wildlife **23.10** Blood of the Vikings **0.00** Prohibition: 13 Years That Changed America **0.50** Make Japanese Your Business **1.25** Make German Your Business

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill **13.00** The Last Flight of Bomber 31 **14.00** The Court-Martial of Billy Mitchell **16.00** The Death of Aryton Senna **16.30** The Eruption of Mount St Helens **17.00** Fear of Snakes **18.00** Spider Power **19.00** Megastructures **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Seconds from Disaster **22.00** Secret of Einstein's Brain **23.00** Megastructures **0.00** Explorations

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **13.00** Wild India **14.00** Ultimate Killers **14.30** Predators **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Horsetails **16.30** Zoo Story **17.00** Lyndal's Lifeline **18.00** Big Cat Diary **19.00** Wild India **20.00** The Natural World **21.00** The Amazing Talking Orang-utan **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed All About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Ultimate Killers **0.30** Predators

**DISCOVERY**
**12.00** World Biker Build-Off **13.00** Mummy Autopsy **14.00** Blueprint for Disaster **15.00** Conspiracies on Trial **15.30** Storms of War **16.00** Building the Ultimate **16.30** Massive Machines **17.00** Battle of the Beasts **18.00** American Chopper **19.00** Ten Days to D-Day **21.00** D-Day in Colour **22.00** American Casino **23.00** Zero Hour **0.00** Deadly Women

**MTV**
**14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Punk'd **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** MTV Making the Movie **19.30** Wild Boyz **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**E! ENTERTAINMENT**
**13.00** The E! True Hollywood Story **17.00** E! Entertainment Specials **18.00** The E! True Hollywood Story **20.00** The Entertainer **21.00** E! Entertainment Specials **22.00** The E! True Hollywood Story **0.00** The Entertainer **1.00** The E! True Hollywood Story

**CLUB**
**12.10** Famous Homes & Hideaways **12.40** City Hospital **13.35** Hollywood One on One **14.00** Weddings **14.25** Matchmaker **14.50** Fantasy Open House **15.15** Cheaters **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Stylists **17.20** Backyard Pleasures **17.45** City Hospital **18.40** The Roseanne Show **19.25** Matchmaker **19.50** Hollywood One on One **20.15** Sex and the Settee **20.40** Cheaters **21.25** City Hospital **22.20** Crime Stories **23.10** The Race **0.00** Art and Soul **0.30** Vegging Out

**JETIX**
**12.20** Digimon I **12.45** Super Robot Monkey Team **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob Two Two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** The Cramp Twins **16.55** Tom and Jerry **17.20** Looney Tunes **17.45** Ed, Edd n Eddy **18.10** Codename: Kids Next Door **18.35** Dexter's Laboratory

**MGM**
**12.15** Charge of the Model T's **13.45** Town Without Pity **15.30** Get Crazy **17.00** Rikky and Pete **18.40** Satan Bug **20.35** Consuming Passions **22.15** Vietnam Texas **23.45** Stay Hungry **1.25** Warm Summer Rain **2.50** Vigilante Force

**TCM**
**19.00** How the West Was Won **21.30** Welcome to Hard Times **23.10** The Hucksters **1.05** Murder at the Gallop **2.25** Arturo's Island

**HALLMARK**
**12.45** Apollo 11 **14.15** A Place For Annie **16.00** Long Shot **17.45** High Sierra Search And Rescue **18.30** Jackie, Ethel, Joan: Women of Camelot **20.00** Brush with Fate **21.45**

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK** *Sjónvarpið* **kl. 20.35**

### Tónlist, leiklist, dans og sirkus

***Listahátíð verður á yfir tuttugu stöðum á landinu.***

Fyrri þátturinn af tveimur um viðburði Listahátíðar í Reykjavík 2005. Farið verður frá tónlistinni yfir í leiklist og þaðan í dans og svo sýnt brot úr skemmtilegum sirkus, Cirque, sem leika mun listir sínar í skrautlegu tjaldi á Hafnarbakkanum í byrjun júní. Sýnt verða myndbrot af því sem verður á Listahátíð í ár en meðal listamanna sem fjallað verður sérstaklega um eru portúgalska fado-dívan Mariza, Pacifica-kvartettinn frá Bandaríkjunum, Lady and Bird, barkasöngvararnir í Huun Huur Tu, Ragnhildur Gísladóttir og Stomu Yamashíta, Sigrún Eðvaldsdóttir, Christoph Sclingensief og mezzósópransöngkonan Anne Sofie von Otter.



Fado-dívan Mariza.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Good. Better. Best. Never let it rest, 'til your good is Better and your better is BEST!"**

**Svar:** Ricky Hayman úr kvikmyndinni Holy Man frá árinu 1998.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Umsjón: Hallfríður Þórarinsdóttir og Þröstur Haraldsson. **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir.

**12.10** Silfur Egils – Umsjón: Egill Helgason. Samsent með Stöð 2 **13.40** Menningarþáttur – Umsjón: Þórhildur Ólafsdóttir.

**16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

**18.00** Sannar kynjasögur eftir Cheiro. Kristmundur Þorleifsson þýddi

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Uppgjörið við kommúnismann **10.15** Allt skal frjálst, allt skal jafnt **11.00** Guðsþjónusta í Ytri- Njarðvíkurkirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Útvarpsleikhúsið: Tordýfillinn flýgur í rökkrinu **14.10** Frá útíhátíðarhöldum 1. maí **15.00** Spegill tímans: Sápukúlur yfir Vonarstræti **16.10** Helgarvaktin

**17.00** Í tónleikasal **18.28** Seiður og hélog **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaslóð **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Af minnisstæðu fólki **22.30** Til allra átta **23.00** Úr ævintýrum H. C. Andersens **23.10** Syrpa

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Sunnudagskaffi **14.00** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Sunnudagskaffi **21.15** Popp og ról **22.10** Hljómalind **0.10** Ljúfir næturtónar

**2.03** Auðlindin **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**9.00** Gæðatónlist á sunnudagsmorgni

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Rúnar Róberts **16.00** Á tali hjá Hemma Gunn.

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**12.40** MEINHORNIÐ

**13.00** FRELSIÐ **14.00** Torfi Geirmundsson hársnyrtir – þáttur um hár og hárhirðu **15.00** Áfengisforvarnarþáttur

**16.00** Endurflutningur frá liðinni viku.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **22.00**

*Íþróttir*

**Bandaríska mótaröðin í golfi. Nú er komið að beinni útsendingu frá Zürich Classic mótinu.**

## SÝN

**9.30** Meistaradeildin í handbolta (Ciudad Real – Barcelona) **11.00** Bandaríska mótaröðin í golfi **11.50** Gillette-sportpakkinn

**12.20** UEFA Champions League **12.50** Ítalski boltinn. Bein útsending frá leik Juventus og Bologna. **14.50** NBA (Washington – Chicago) **16.50** Spænski boltinn. Bein útsending frá leik Barcelona og Albacete.

**19.00** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi) Vikulegur fréttaþáttur þar sem fjallað er um bandarísku mótaröðina í golfi á nýstárlegan hátt. Hér sjáum við nærmynd af fremstu kylfingum heims og fáum góð ráð til að bæta leik okkar á golfvellinum. Ómissandi þáttur fyrir golfáhugamenn.

**19.30** **NBA** (New Jersey – Miami) Bein útsending frá fjórða leik New Jersey Nets og Miami Heat í fyrstu umferð úrslitakeppninnar. Miami hafnaði í fyrsta sæti Austurdeildarinnar en New Jersey í því áttunda.

▶ **22.00** **US PGA Zürich Classic** Útsending frá Zürich Classic sem er liður í bandarísku mótaröðinni í golfi. Vijay Singh sigraði á mótinu í fyrra og á því titil að verja. Leikið er í Louisiana í New Orleans. Mótið var í beinni á Sýn2 klukkan 19 í kvöld.

**1.00** Ítalski boltinn (Juventus – Bologna) **2.40** Dagskrárlok

Robin Cook's Acceptable Risk **23.15** Jackie, Ethel, Joan: Women of Camelot **0.45** Brush with Fate **2.30** Robin Cook's Acceptable Risk

**BBC FOOD**

**12.00** Delia's How to Cook **12.30** Capital Floyd **13.00** Sophie's Sunshine Food **13.30** Nigella Bites **14.00** Nigel Slater's Real Food **14.30** The Rankin Challenge **15.00** Who'll Do the Pudding? **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Kitchen Invaders **17.00** Ainsley's Meals in Minutes **17.30** A Cook On the Wild Side **18.30** Ready Steady Cook **19.00** New Scandinavian Cooking **19.30** Safari Chef **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** James Martin: Yorkshire's Finest **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.30** HåndboldS¢ndag I: DM semifinale(m) **14.20** HåndboldS¢ndag II: DM semifinale(m) **16.00** Sigurds Bj¢rnetime **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Sådan ligger landet **18.00** En Kongelig Familie **19.00** TV Avisen **19.15** S¢ndag **19.45** S¢ndagssporten med SAS liga **20.10** F¢r Melodi Grand Prix 2005 **21.10** OBS **21.15** Magtens billeder: Diplomatiets fortrop **22.15** Det nye Vietnam

**SV1**

**12.35** Dans: Bill T. Jones Solos **13.00** Valborg 2005 **14.00** Dokument utifrån: Världens verkstad **15.00** Människans vägar **15.30** Skolakuten **16.00** BoliBompa **16.01** Karl Sundlöv **16.10** Sipp och skratt **16.15** I vårsolens glans **16.45** Tv-huset **17.30** Rapport **18.00** Tv-huset **18.30** Sportspegeln **19.00** Förbjudna blickar **19.20** Agenda **20.15** Orden med Anna Charlotta **20.45** Vetenskap – Robotens tid **21.15** Rapport **21.20** Design 365 **21.25** Dagar av fruktan **22.15** Sändningar från SVT24





## HRÓSIÐ

*...fær Eiður Smári Guðjohnsen fyrir að styrkja Neistann, styrktarfélag hjartveikra barna, með því að gefa treyjuna sem hann klæddist í úrslitaleik ensku deildabikarkeppninnar fyrir skömmu.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á GUÐMUNDI KARLSSYNI, ÞJÁLFARA ÍSLANDSMEISTARA HAUKA Í KVENNAHANDBOLTA.**

# Fljótfær en heiðarlegur

**Hvernig ertu núna?** Ég er bara sáttur.
**Augnlitur:** Græn augu með brúnum blett.
**Starf:** Fasteignasali.
**Stjörnumerki:** Steingeit.
**Hjúskaparstaða:** Giftur með fjögur börn.
**Hvaðan ertu?** Frá Hafnarfirði.
**Helsta afrek:** Börnin mín.
**Helstu veikleikar:** Fljótfærni.
**Helstu kostir:** Heiðarleiki.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Sopranos.
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Síðdegisútvarpið á Bylgjunni.
**Uppáhaldsmatur:** Nautalundir með bernaise-sósu.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Ítalía.
**Uppáhaldsborg:** Köln.
**Mestu vonbrigði lífsins:** Að hafa ekki fengið að halda áfram þjálfun karlaliðs Hauka eftir að ég gerði þá að Íslandsmeisturum árið 2000.
**Áhugamál:** Íþróttir, þar á meðal golf.
**Viltu vinna milljón?** Já.
**Jeppi eða sportbíll?** Jeppi.
**Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?** Skipstjóri.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Siggi T.
**Hver er kynþokkafyllst(ur)?** Angelina Jolie.
**Trúir þú á drauga?** Nei.
**Hvaða dýr vildirðu helst vera?** Steingeit.
**Hvaða dýr vildirðu ekki vera?** Rotta.
**Áttu gæludýr?** Nei.
**Besta kvikmynd í heimi:** Gaukshreiðrið.
**Besta bók í heimi:** Ég lifi.
**Næst á dagskrá:** Golfferð til Flórída.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Svanhildur Hólm Valsdóttir** heimsótti sjónvarpsdrottninguna **Opruh Winfrey** á dögunum, eins og frægt er orðið. Spjalli Opruh og Svanhildar var sjónvarpað í Bandaríkjunum á mánudaginn en þar kynnti Svanhildur Ameríkönum íslenska þjóðarrétti á borð við hrútspunga og brennivín. Það þarf ekki að fjölyrða um landkynningargildi heimsóknar Svanhildar en á heimasíðu Opruh er hamrað á því að kynlífið á Íslandi sé villt og að þar éti konur súkkulaði í tonnavís án þess að fitna. Ef þetta er ekki nóg til þess að kveikja áhuga á Íslandsheimsóknum trompa Oprah og Svanhildur með því að vekja athygli á lostætinu úldnum hákarli og hrútspungum sem þykja ekki síður ljúffengir. Þá er ítrekað að landið er frægt fyrir fegurð þarlendra kvenna, líkamsræktaræði og að þar sofi ungbörn úti í kuldanum. Svanhildur mætti til leiks með hákarl og punga frá Bautanum á Akureyri og færir Oprah staðnum sem hún kallar „The Bull" sérstakar þakkir fyrir liðlegheitin. Ekki ónýt auglýsing það.



Enn ríkir óvissa um hvenær viðtal Opruh við Svanhildi verður sýnt í íslensku sjónvarpi en þeir sem geta ekki beðið geta pantað þáttinn á myndbandi eða útprent af handritinu á vefnum www.oprah.com.

birta
SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »

HLYNUR ÁSKELSSON: SPÁÐI FYRIR UM STOKE CITY

# Forspár Ceres 4

Hlynur Áskelsson, betur þekktur undir nafninu Ceres 4, gaf út geisladiskinn Í uppnámi fyrir fjórum árum. Þar er meðal annars lagið „Stoke er djók", þar sem Ceres spáir fyrir um endalok Stoke-ævintýrsins með þeim orðum að betra hefði verið að kaupa sér pylsu og kók en hlutabréf í Stoke. Þessi spádómur hefur ræst að mestu leyti. Íslensku fjárfestarnir vilja selja hlut sinn í félaginu og sagði Magnús Kristinsson, stjórnarformaður Stoke, að þetta væri versta fjárfesting sem hann hefði farið í á síðustu tíu árum.

„Ég er með spádómsgáfu en tala þó ekki við hina framliðnu, læt aðra um það," segir Hlynur. „Fjárfestarnir hefðu betur átt að tala við mig," heldur hann áfram og segist strax hafa séð að fjárfestingin væri ekki skynsöm. „Stundum er einfaldlega betur heima setið en af stað farið," segir Ceres. „Þeir fengu Guðjón Þórðarson, sem hafði gert góða hluti hér heima, en það þýðir ekkert að fá þjálfara af litlu landi til þess að gera einhverja hluti í stórri deild," segir Ceres og minnist þess að hann hafi lesið grein um að Guðjón hafi þótt framarlega í mjólkursýruprófum en slík próf noti enginn í dag. „Kannski var þetta eitthvert mikilmennskubrjálæði eftir jafnteflið gegn Frökkum á Laugardalsvellinum 1998," segir hann og hlær. „Annars óska ég þeim alls hins besta og vona að þeir geti nýtt eitthvað af þessari reynslu í framtíðinni."

Sjálfur er Ceres köttari, sem er heiti yfir stuðningsmenn Þróttar. „Því miður falla öll liðin sem ég held með niður um deild, en ég vona að slíkt verði ekki raunin í sumar," segir Ceres, en Þróttarar spila í úrvalsdeildinni í sumar eftir að hafa unnið sér þar sæti á síðasta ári. „Þegar ég vel mér uppáhaldslið er það ekki árangurinn sem skiptir máli heldur baráttan," segir Ceres en af erlendum liðum hefur hann haldið með Wimbledon, þegar Vinnie Jones var upp á sitt besta, Watford og Hansa Rostock, sem nú er í fallsæti. „Ég hefði kannski bara átt að halda með Stoke," segir hann og hlær.

Stoke-liðið er þó ekki eini spádómurinn sem ræst hefur nýlega. Innistæðulaus er heiti á lagi þar sem Ceres spáir því að veldi flottu strákanna á glæsikerrunum í þakíbúðunum muni hrynja og þeim verði stungið inn. „Þetta vissi ég allan tímann," segir Ceres og forvitnilegt verður að sjá hverju hann spáir næst.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**CERES 4** Spádóma Ceresar er hægt að nálgast á heimasíðunni ceres4.com.









# Fjórði mest spennandi staður í heimi

Vefsíða nokkur hefur valið tíu áhugaverðustu staðina sem keppendur Amazing Race hafa heimsótt í þeim sex seríum sem hafa verið sýndar og lenti Grindavík okkar Íslendinga í fjórða sæti. Á síðunni *www.askmen.com* er tekið fram að lesendur séu um fimm milljónir á mánuði og ættu niðurstöður valsins því að vera nokkuð haldbærar.

Á síðunni segir meðal annars: „Ísland er einn áhugaverðasti og jafnframt vanmetnasti staður í heimi. Landslagið einkennist af eldfjöllum og hrauni þar sem hverir og jarðhitaböð eru ekki óalgeng sjón. Sá staður sem trekkir mest að í Grindavík og er vinsæll á meðal túrista er Bláa lónið, sem er náttúrulegt jarðhitabað með læknandi öflum." Auk þessa er bent á ísklifur sem spennandi möguleika í Grindavík og er það sagt vera frægt meðal klettaklifrara um allan heim.

Óskar Sævarsson er ferða- og markaðsmálafulltrúi Grindavíkur auk þess að vera forstöðumaður Saltfiskseturins. Val síðunnar gleður hann að sjálfsögðu og segir hann þáttinn hafa verið frábæra kynningu fyrir Grindavík. „Ég merki þetta í talsverðum fjölda heimsókna á síðuna www.grindavik.is. Ætli það sé ekki bara hægt að tengja það beint við þetta. Fólk sér nafnið Grindavík í þessari grein á síðunni og fer og flettir því upp á netinu og fær þá okkar síðu. Þetta er nú aldeilis skemmtilegt og sýnir hversu öflugur auglýsingamiðill internetið er," segir hann glaðlega.

Bláa lónið er að sögn Óskars vinsælasti staður Grindavíkur eins og við má búast en þar á eftir kemur Saltfisksetrið. „Setrið er næststerkasti staðurinn á Suðurnesjunum samkvæmt könnun sem Rögnvaldur Guðmundsson gerði. Ekki má svo gleyma því að Bláa lónið er í Grindavík og við njótum góðs af þeirri kynningu. Það er augljóst að Amazing Race hefur gert okkur Grindvíkingum gott og megum við vera þakklát fyrir þessa góðu kynningu."

**hilda@frettabladid.is**



**BLÁA LÓNIÐ** Þeir staðir sem höfðu betur en Grindavík í valinu eru Manyara-vatn í Tanzaniu sem lenti í þriðja sæti, bærinn Alleppey í Indlandi varð í öðru sæti og fyrsta sætið hreppti Rio de Janeiro í Brasilíu.


Ávaxtakarfan
Í AUSTURBÆ
Þökkum viðtökurnar þegar hafa
7000 manns séð sýninguna.
Sunnudagur 1. Maí kl: 13:30
Aukasýning 1. Maí kl: 16:30
Fimmtudagur 5. Maí kl: 14:00
Sunnudagur 8. Maí kl: 13:30
Miðasala í Austurbæ opin alla
daga frá kl.14 til kl.18
pantanir í síma 551 4700
ÍsMedia
SPARISJÓÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ
**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Ath! 25% afsláttur! Allar EGO kvittanir veita 25% afslátt í Laugarásbíó
LAUGARÁS BÍÓ
ego Meira fyrir peninginn



BAKÞANKAR
STEINUNNAR STEFÁNSDÓTTUR

# Fussum svei

Hæstiréttur Íslands hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjaness yfir manni sem hafði lagt hendur á eiginkonu sína. Maðurinn hlýtur þriggja mánaða dóm, skilorðsbundinn í þrjú ár. Já, skilorðsbundinn dóm fyrir árás á eiginkonu, gróft heimilisofbeldi. Dómstólarnir segja fussum svei, ekki má, við manninn en aðhafast ekki frekar.

**HVER** má eiginlega berja hvern og hvers vegna? Ljóst er að ekki er ætlast til að ráðist sé á lækni úr launsátri fyrir það eitt að vinna vinnuna sína. Það sást á gæsluvarðhaldsúrskurði sem kveðinn var upp á dögunum, og vissulega er ágætt að þetta atriði liggi fyrir. Hins vegar er það allt annað að berja maka sinn, nú eða fyrrverandi maka ef út í það er farið, en að berja sér óvenslað fólk. Það er augljóst á þeirri meðferð sem slík mál fá í íslensku réttarkerfi.

**DÓMURUM** í Héraðsdómi Reykjaness þótti eðlilegt að taka tillit til þess að blessaður fyrrnefndur maður hefði veist að konunni sinni í mikilli bræði, bræði sem „gögn hnigu að“ að konan hefði sjálf valdið, já, sjálf valdið. Hæstiréttur Íslands skrifar reyndar ekki undir þessi rök en breytir samt ekki refsingunni, og við fáum ekki einu sinni sérálit nema frá einum dómara sem taldi sanngjarnt að stytta skilorðsbundna dóminn, meðal annars vegna þess að birst hafði mynd í blaði af þessum óheppna manni sem eiginkona hafði reitt til reiði.

**HVENÆR** má þá gera kröfu um að hver og einn axli ábyrgð á gjörðum sínum og í hvaða tilvikum bera þeir sem barðir eru að minnsta kosti hluta ábyrgðarinnar vegna þess að þeir hafa reitt þann sem ber til reiði? Einhvern veginn hef ég alltaf staðið í þeirri meiningu að hver og einn beri ábyrgð á sínum gjörðum, óháð því hvaða ytra áreiti hann verður fyrir. En þetta er kannski bara misskilningur. Eða hvernig er nú aftur samspilið milli nauðgunar og „eggjandi“ klæðnaðar? Ber ekki fórnarlamb nauðgunar að hluta ábyrgð ef það hefur ekki hulið hné sín og bringu vel?

**Á 21. ÖLDINNI** er það staðfest á tveimur dómsstigum í réttarríkinu Íslandi að konur séu nánast réttbarðar ef þær hafa egnt menn sína til reiði. Nægilegt sé að dæma fussum svei fyrir slíkt brot.

Kappsamir starfsmenn Icelandair klippið hér
www.icelandexpress.is
Veldu
ódýrustu bílaleigubílana
ódýrustu gistinguna
ódýrasta flugið
ÞÚ ERT AÐEINS ÖRFÁUM MÚSARSMELLUM FRÁ ÓDÝRASTA SUMARFRÍINU!
Nýttu þér vef **Icelandexpress.is** til að finna hagstæðustu ferðamöguleikana í sumar. Þar finnurðu til dæmis frábær tilboð á flugi, bílaleigubílum og gistingu víðs vegar um Evrópu. Taktu þér mús í hönd og bókaðu sumarfríið þitt á ódýran og auðveldan hátt á icelandexpress.is.
TILBOÐ Á BÍLALEIGUBÍLUM
Budget Car Rental

| | DAGSVERÐ | VIKUVERÐ |
|---|---|---|
| FÓLKSBÍLAR | 2.737 kr. | 19.159 kr. |
| LÚXUSBÍLAR | 4.510 kr. | 31.570 kr. |

Verð frá: 7.995 kr.*
Barnaverð: 5.995 kr.*
*Aðra leið með sköttum. Börn þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.
Iceland Express
Ferðaþjónusta Iceland Express, Suðurlandsbraut 24, Sími 5 500 600

TILBOÐSHELGI Í ORMSSON SMÁRALIND
TEFAL 25% afsláttur
Straujárn og strauborð 25% afsláttur
SOLIS VERÐLAUNA KAFFIVÉLIN 59.900 kr.
SAMSUNG Á TILBOÐSVERÐI ÞESSA HELGI
VIDEO OG DVD SPILARI SAMSUNG SVDVD440 19.990 kr.
SAMSUNG LE26A41– LCD sjónvarp 26" – 149.900 kr.
SAMSUNG LE32A41– LCD sjónvarp 32" – 199.900 kr.
FJÖLDI ANNARRA HELGARTILBOÐA ÞESSA HELGI OG NÆSTU HELGAR
Til afhendingar strax af lager.
SETTU ÞAÐ SAMAN HTH
ELDHÚSIÐ - BAÐHERBERGIÐ - FATASKÁPAR
ORMSSON SMÁRALIND
Opið sunnudag frá kl. 13-18